

**SKOÐUN** Bílaleigur koma til móts við þarfir nútímafólks skrifar Pawel Bartoszek. 17



**MENNING** Mæðgur halda samsýningu í 002 Galleríi í Hafnarfirði. 26



**LÍFIÐ** Svavar Pétur er fluttur í sveitina og gefur út plötu. 38



**SPORT** Það verða Haukar og ÍBV sem keppa um titilinn í handboltanum. 34







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
2. maí 2014
101. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**LÍFIÐ**



### Þykir stjörnulífið ekki lengur spennandi

Urður Hákonardóttir hefur ferðast heimshorna á milli með GusGus en ætlar í sumar að söðla um og reyna að finna sjálfa sig í Berlín.

**FRÉTTIR**

### Margir unnu þann 1. maí

Þúsundir fóru í kröfugöngu á baráttudegi verkalýðsins í gær. Verslanir voru þó víða opnar og unnið að hótelbyggingu í miðborginni. 2

**Langt fram úr áætlun** Það virðist vera regla frekar en undantekning að stórframkvæmdir fari fram úr áætlun. 4

**Versla á netinu** Íslendingar versluðu fyrir tæpa þrjá milljarða króna af erlendum netsíðum í fyrra. 12




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 6° | SA | 3 |
| Akureyri | 7° | NV | 2 |
| Egilsstaðir | 10° | SV | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 7° | SA | 4 |
| Reykjavík | 10° | SA | 7 |

**Víða bjart** en skýjað með köflum SV-til. SA 5-13 m/s SV-til en hægari annars. Hiti 4-11 stig yfir daginn. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk




# Flugstjórar vilja margfalt meiri hækkun en ASÍ fékk

Allt stefnir í að flugmenn fari í verkfall eftir rúma viku. Föst laun flugstjóra með 15 ára reynslu eru rúmlega ein milljón króna á mánuði. Um milljarður mun tapast á degi hverjum kom til verkfalls og ímynd landsins skaddast.

**FÉLAGSMÁL** Flugmenn hjá Icelandair vilja margfalt meiri hækkun en samið hefur verið um á almennum markaði samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þeir hafa hafnað samningi með almennri launahækkun upp á 2,8 prósent sem gildir til eins árs.

Samkvæmt kjarasamningum Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) við Icelandair hefur flugstjóri með fimmtán ára starfsreynslu ríflega milljón krónur í föst laun á mánuði. Byrjunarlaun nýs flugmanns hjá fyrirtækinu eru um hálf milljón króna á mánuði.

Boðað hefur verið til tólf tíma verkfalls hjá félaginu þann 9. maí næstkomandi.

„Við erum ekki partur af ASÍ og erum ekki skuldbundnir af því,“ segir Hafsteinn Pálsson, formaður FÍA. Samningaviðræður hafa farið fram síðastliðnar vikur en ekki hefur þokast í átt að samkomulagi.

„Það hefur ekkert gengið. Þetta snýst ekki bara um launaprósentur heldur kjarasamninginn í heild sinni,“ segir Hafsteinn.

Enginn flugmaður greiddi atkvæði gegn verkfalli. Í fréttum Stöðvar 2 á miðvikudag sagði Hafsteinn Pálsson, formaður FÍA, flugmenn ekki vera að loka landinu því farþegar gætu enn ferðast með öðrum flugfélögum hingað til lands.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir ummælin hafa vakið furðu hjá starfsfólki Icelandair. „Við trúum því ekki að formaðurinn mæli fyrir munn allra flugmanna þegar hann hvetur fólk til þess að beina viðskiptum sínum til samkeppnisaðila.“

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir að verkfall muni hafa verulega neikvæð áhrif á afkomu ferðaþjónustunnar. „Við höfum miklar áhyggjur af þessum boðuðu verkfallsaðgerðum. Við erum að áætla að tapaðar gjaldeyristekjur séu milljarður á dag á þessum árstíma. Hver einasta klukkustund í þessari óvissu hefur mikil áhrif.“

**Hver einasta klukkustund í þessari óvissu hefur mikil áhrif.**

*Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar*

- ssb



**MEISTARAR** Brynjar Þór Björnsson, fyrirliði KR, lyftir hér Íslandsbikarnum í Grindavík í gær. KR vann einvígið í úrslitunum gegn Grindavík, 4-1. Þetta er þrettándi Íslandsmeistaratitill KR. Sjá síðu 34. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Engin reglugerð sett:

## Tannlæknir lætur reyna á auglýsingabann

**HEILBRIGÐISMÁL** Engin reglugerð hefur verið sett um auglýsingar lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna rúmu ári eftir að ný lög um heilbrigðisstarfsmenn tóku gildi. Tannlæknir sem auglýsir á netinu segir eðlilegt að auglýsa þjónustu sína.

„Ég lét lögfræðing kíkja á lögin fyrir mig og hann vill meina að lögin um þetta séu mjög loðin. Þess vegna lét ég slag standa og prófaði þetta til að sjá hvað gerist,“ segir Daði Hrafnkelsson tannlæknir.

Geir Gunnlaugsson landlæknir segir að þrátt fyrir að engin reglugerð hafi verið sett geti læknar ekki auglýst eins og þeim sýnist. „Ég held að menn þurfi almennt að halda sig innan þess ramma sem hefur skapast um þetta. Þetta er ekki eins og hver önnur vara, það verður að vera einhver rammi,“ segir Geir.

- bj / sjá síðu 6

Silicor Materials hefur óskað eftir ívilnunum vegna verkefnis á Grundartanga:

## Hvalfjarðarsveit vill sólarkísilver

**IÐNAÐUR** Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur lýst yfir formlegum stuðningi við byggingu 77 milljarða króna sólarkísilverksmiðju bandaríska fyrirtækisins Silicor Materials á Grundartanga.

Sveitarfélaginu hefur borist erindi frá nefnd ríkisins um ívilnanir vegna nýfjárfestinga þar sem kemur fram að bandaríska fyrirtækið hafi óskað eftir ívilnunum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Ívilnanir fela í sér afslætti af ýmsum opinberum gjöldum og sköttum.

„Við höfum nú tekið jákvætt í veitingu ívilnana til fyrirtækisins en við byrjuðum á því að undirbúa breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar til að koma verksmiðjunni fyrir,“ segir Laufey Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar.

Laufey segir að nefndin muni nú fara með formlegt erindi bandaríska fyrirtækisins til ríkisstjórnarinnar þar sem ákvörðun verði tekin um hvort fjárfestingarsamningur verði gerður.

Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, sem eiga lóðirnar á Grundartanga, segir að fulltrúar Silicor Materials séu væntanlegir hingað til lands í næstu viku.

„Þeir hafa verið að ræða við orkufyrirtækin og bankana og fleiri og það verður væntanlega framhald á því. En þeir eru ekki endanlega búnir að taka ákvörðun um hvar verksmiðjan gæti risið. Þeir stefna að framkvæmdum í haust, og þá vonandi á Íslandi, og því ætti að fara að draga til tíðinda fljótlega,“ segir Gísli.

Áætlanir Silicor Materials gera ráð fyrir verksmiðju sem gæti framleitt um sextán þúsund tonn af sólarkísil á ári og skapað um fjögur hundruð störf. Skipulagsstofnun ákvað nýverið að fyrirhuguð framleiðsla fyrirtækisins yrði ekki háð umhverfismati. - hg



**Við höfum nú tekið jákvætt í veitingu ívilnana til fyrirtækisins.**

*Laufey Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar*







## SPURNING DAGSINS



Ester, eru dýrin farin að skjóta okkur ref fyrir rass?

**„Já, þau eru að launa okkur lambið gráa.“**

Ester Rut Unnsteinsdóttir, spendýravistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, segir aukna refaveiði ekki hafa skilað tilætluðum árangri og að svo virðist sem veiðin hafi frekar orðið til þess að ref fjölgi en fækki ekki.

Vísindamenn vilja fresta eyðingu síðustu eintökum bólusóttarveirunnar:

# Gengið til funda um heilbrigðisvá

**BANDARÍKIN, AP** Heilbrigðisyfirvöld í Bandaríkjunum segja ekki enn tímabært að farga síðustu birgðunum af bólusóttarvírusnum, þótt yfir þrjátíu ár séu síðan sjúkdómnum var útrýmt. Bólusótt er einn af banvænustu sjúkdómum heims.

Síðar í þessum mánuði koma heilbrigðisráðherrar landa heims saman til að ræða örlög tilraunaglasanna sem geymd eru undir ströngu eftirliti í tveimur rannsóknarstofum, annarri í Bandaríkjunum og hinni í Rússlandi.

Vírusinn er notaður í afmörkuðum rannsóknum til að búa til lyf og öruggari bóluefni, ef ske kynni að skaðvaldurinn dúkkaði upp aftur, hvort heldur sem það væri vegna hryðjuverka, slyss á tilraunastofu, eða af því ekki væri vitað um tilvist allra birgða heimsins af vírusnum.

Langt er síðan aðildarríki Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar komu sér saman um að vírusnum yrði á endanum eytt. Einungis á eftir að svara spurningunni um hvenær það verði gert. - óká



**BÓLUEFNI** Vísindamenn vilja hafa allan vara á áður en veirunni er endanlega fargað. NORDICPHOTOS/AFP

33 drepnir í sprengjuárás :

# Sýrlandsstjórn ræðst á borgara

**SÝRLAND, AP** Sýrlensk stjórnvöld gerðu í gær loftárás á fjölmennan markað á svæði uppreisnarmanna í Aleppo. Heimildir úr hópi uppreisnarmanna herma að 33 hið minnsta hafi látið lífið.

Sjónarvottar bera að þremur tunnusprengjum hafi verið varpað úr þyrlu á þéttskipaða verslunargötu. Fjöldi manns hafi særst í árásinni. „Þetta var hroðalegt. Mörg líkanna eru brunnin,“ segir Hasson Abu Faisal, aðgerðasinni í Aleppo. - óká



**ÓLÖGLEG NÁMA** Þungavinnuvélum var beitt til að grafa göng og finna gull í ólöglegri námu í Kólumbíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hrun varð í námu þar sem grafið var ólöglega eftir gulli:

# Þrír látnir og tuttugu saknað

**KÓLUMBÍA, AP Hrun í ólöglegri gullnámu nærri Santander de Quilichao í Kólumbíu varð að minnsta kosti þremur að bana í gær. Temistocles Ortega, svæðisstjóri í Cauca-héraði, segir ekki vitað hvort fórnarlömb séu fleiri. Um ólöglegan námagröft hafi verið að ræða þar sem þungavinnuvélum var beitt til að grafa göng og finna gull. „Fólkið segir að þarna hafi verið um tuttugu manns,“ segir Ortega.** - óká

Fangaflutningi mótmælt:

# Segja unnið gegn Afstöðu

**FANGELSISMÁL** Afstaða, félag fanga, telur Fangelsismálastofnun beita sér gegn félaginu og réttindabaráttu fanga með markvissum hætti.

Félagið sendi í gær frá sér tilkynningu til að mótmæla því að flytja ætti í dag Sigurð Inga Þórðarson, sem er í stjórn Afstöðu, frá Litla-Hrauni til afplánunar í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg.

Bent er á að einungis sé vika síðan formaður Afstöðu var fluttur af Litla-Hrauni norður í fangelsið á Akureyri. Er það sagt hafa verið gert vegna „óþæginda“ sem hann hafi valdið „með öflugum störfum sínum hjá Afstöðu“. - óká

Nýr Þjóðarpúls Gallup:

# Stuðningur við ríkisstjórn eykst

**STJÓRNMÁL** Stuðningur við ríkisstjórnina mælist nú 41 prósent samkvæmt nýjum Þjóðarpúlsi Gallup. Hann eykst um fjögur prósentustig milli mánaða.

Fylgi flokkanna stendur að mestu leyti í stað. Sjálfstæðisflokkurinn mælist með mest fylgi allra flokka eða 25 prósent. Þar á eftir kemur Samfylkingin með sautján prósent, Björt framtíð með fimmtán og hálft prósent og Framsókn með fjórtán prósent.

Stjórnarflokkarnir mælast því samanlagt með 39 prósenta fylgi en stjórnarandstöðuflokkarnir með 54 prósent. - bá

# Margt verkafólk í vinnu þann 1. maí

Mörg þúsund manns gengu niður Laugaveginn í gær í tilefni baráttudags verkalýðsins. Þrátt fyrir að um frídag sé að ræða voru verslanir Kringlunnar og Smáralindar opnar. Forsvarsmenn stéttarfélaganna harma hve margir þurfa að vinna.

**VERKALÝÐSMÁL** Flestar verslanir Kringlunnar og Smáralindar voru opnar í gær, á baráttudegi verkalýðsins. Nokkur dæmi voru jafnframt um að iðnaðarmenn væru við vinnu, meðal annars við byggingu hótels í miðbænum.

Ólafía Björk Rafnsdóttir, formaður VR, segir það mjög miður hve margir félagsmenn VR voru við vinnu, „Í Kringlunni fyrir ári síðan höfðu verslunarrekendur val um hvort þeir hefðu opið eða ekki. Nú var tekin sú ákvörðun að allar verslanir yrðu að vera opnar.“ Hún segir vandann kannski frekar liggja hjá almenningi, „Þetta er krafa sem fólk býr til og það er greinilegt að fólk er að versla, það er ekki að sýna þá samstöðu að versla ekki þennan dag.“

Ólafía segir VR þó ekki hafa gripið til róttækra aðgerða til að sporna við þróuninni, „Við höfum ekki viljað hvetja fólk til að hunsa verslanir því þetta er okkar fólk sem er að vinna en við höfum hvatt verslunareigendur til að hafa lokað þennan dag.“

Ólafía segir að til greina komi að endurskoða þá stefnu félagsins. „Við höfum ekki tekið ákvörðun um að hvetja fólk til hunsunar en það má alveg íhuga það miðað við þennan mikla fjölda auglýsinga um opnunartíma þann 1. maí. Það er áberandi hve margar verslanir auglýsa afgreiðslutíma, meðal annars Bónus, sem hefur haft lokað síðastliðin ár.“

Mikill hugur var í félagsmönnum VR í gær. „Það komu 1.200 manns í kaffi til okkar í anddyri Laugardalshallarinnar. Það var ánægjulegt að sjá hversu margir komu og sáu sér fært að vera með okkur í kaffinu.“



**MAÍSÓLIN OKKAR** Mikill fjöldi fólks kom saman til að hlusta á ræður á Ingólfstorgi í gær. Fólk brast jafnframt í baráttusöngva við undirspil Lúðrasveitar verkalýðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR**



**TRYGGVI ARNARSON**



**DRÍFA SNÆDAL**

Tryggvi Arnarson, varaformaður FIT, Félags iðn- og tæknigreina, er óánægður með að sumir iðnaðarmenn hafi þurft að vinna 1. maí „Þetta á að vera frídagur verkamanna en það er spurning hvort þetta sé farið að enda eins og frídagur verslunarmanna þar sem allir eru í fríi nema verslunarmenn.“

Drífa Snædal, framkvæmdastýra Starfsgreinasambandsins, segir daginn mikilvægan fyrir verkafólk, „Þetta er frídagur og með hann skal farið sem slíkan. Það er greitt fyrir þennan dag eins og sunnudaga en það má velta því fyrir sér hvort það eigi að gera þetta að stórhátíðardegi. Þá er minni hvati hjá atvinnurekendum að hafa fólk í vinnu.“

Mörg þúsund manns gengu í kröfugöngu niður í miðbæ Reykjavíkur í gær. Um allt land safnaðist fólk saman til að krefjast hærri launa og betri kjara fyrir launþega. snaeros@frettabladid.is




Ytri endurskoðun sparisjóðanna gagnrýnd mjög í skýrslu rannsóknarnefndar:

# Stenst ef til vill ekki reglur FME

**EFNAHAGSMÁL** Rannsóknarnefnd Alþingis telur vafa leika á því hvort skýrslur endurskoðenda KPMG um ársreikninga Byrs fyrir árin 2007 og 2008 hafi staðist reglur Fjármálaeftirlitsins. Þá eru ársreikningar SPRON og Sparisjóðsins í Keflavík fyrir sömu ár gagnrýndir af nefndinni.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um sparisjóðina kemur fram nokkuð hvöss gagnrýni á ytri endurskoðun sparisjóðanna fyrir hrunið, en endurskoðunarfyrirtækið KPMG annaðist ytri endurskoðun hjá langflestum þeirra.

Til að mynda kemur fram að reikningar frá endurskoðunarfyrirtækjum til sparisjóðanna báru það með sér að endurskoðunarfyrirtækin hefðu unnið margvísleg verk fyrir þá, önnur en að endurskoða ársreikninga.

Margir sparisjóðir greindu rannsóknarnefndinni frá því að endurskoðendurnir hefðu samið ársreikninga viðkomandi sparisjóða. Þannig voru endurskoðendur í slíkum tilvikum að endurskoða ársreikninga sem þeir höfðu samið sjálfir.

Þá voru takmarkaðar upplýsingar í ársreikningi SPRON fyrir árið 2007 um þá áhættu sem fylgdi verðbréfaeign SPRON og í ársreikninga Sparisjóðsins í Keflavík 2007 og 2008 skorti upplýsingar um mikilsverð atriði, svo sem um útlánaáhættu og þá áhættu sem fylgdi verðbréfaeign sparisjóðsins. Það er niðurstaða nefndarinnar að endurskoðendur hafi átt að gagnrýna að þessar upplýsingar skorti.

Um þetta segir í skýrslunni: „Þær upplýsingar gátu haft mikilvæga þýðingu fyrir lesendur ársreikninganna. Hefðu endurskoðendur sparisjóðsins mátt gagnrýna það með einhverjum hætti að þær skorti. Þeim var kunnugt um að innra eftirliti með útlánum var verulega áfátt. Það kallaði á meiri árvekni af hálfu endurskoðenda.“ - þþ




**HÖFUÐSTÖÐVAR KPMG** Fyrirtækið annaðist ytri endurskoðun flestra sparisjóðanna fyrir bankahrunið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ÞRIGGJA DAGA TILBOÐ !

## 15,6" TOSHIBA FARTÖLVA MEÐ FJÖGURRA KJARNA ÖRGJÖRVA Á SÉRSTÖKUM 20.000 KRÓNA AUKAAFSLÆTTI Í AÐEINS ÞRJÁ DAGA !



## SÉRSTAKT TILBOÐSVERÐ

# 79.990

FULLT VERÐ 99.990

**TOSHIBA** TOS-M50DA10R

**Kraftmikil, glæsileg og sterkbyggð fartölva með 1.5GHz AMD Quad Core A4 örgjörva. Öflugur AMD Radeon HD 8330 grafíkjarni skilar góðum myndgæðum og grafíkvinnslu. Sérstaklega hröð vinnsla með tvöfalt stærra vinnsluminni en í hefðbundnum fartölvum eða 8GB DDR3 minni. Stór 750GB gagnageymsludiskur fyrir ljósmyndirnar, þættina, bíómyndirnar og gögnin. DTS Studio hljómgæði, tvö USB3.0 tengi og HDMI til þess að tengja við sjónvarp í bestu gæðum. Windows 8.1.**

### Góð reynsla og lág bilanatíðni
Tölvulistinn er umboðsaðili fyrir Toshiba á Íslandi sem er einn af stærstu framleiðendum heims á fartölvum. Ánægðir fartölvueigendur Toshiba skipta tugþúsundum á Íslandi enda þekktar fyrir að vera traustar tölvur með lága bilanatíðni og langan líftíma.

### Takmarkað magn
Eigum aðeins 100 eintök í 8 verslunum okkar um allt land og miðað við reynslu okkar eru þær líklegar til þess að klárast um helgina vegna þessarar miklu verðlækkunar.

### Fjórir kjarnar
Algengast er að fartölvur séu tveggja kjarna eða Dual Core. Með því að hún vinni á fjórum kjörnum í stað tveggja stóreykst vinnslugeta tölvunnar.

### 8GB vinnsluminni
Algengast er fartölvur komi með 4GB vinnsluminni. Í þessari er það tvöfalt meira eða 8GB sem gerir hana hraðari og sprækari í daglegri vinnslu.

### Glæsilegt silfrað útlit
Útlitið skiptir líka máli. Þessi fartölva kemur í sérstaklega flottri silfraðri umgjörð og auk þess sterkbyggð til að ferðast með.

### HDMI og USB3.0
Tvö USB 3.0 tengi tryggja allt að tífaldan gagnaflutningshraða í samanburði við USB 2.0. HDMI tengi til þess að tengja við sjónvarpstæki í hámarksgæðum.

### Windows 8.1 námskeið fylgir
Með tölvunni fylgir kynning á helstu breytingum frá Windows 7 yfir í Windows 8.1 hjá sérfræðingum Promennt. Námskeið sem hefur mælst mjög vel fyrir hjá viðskiptavinum okkar.

### Mikið fyrir peninginn
Verðið á þessari tölvu án aukaafsláttarins er sérstaklega gott í samanburði við aðrar fartölvur í úrvalinu okkar með sambærilegum búnaði. Þeir sem nýta sér 20.000 króna aukaafsláttinn þessa þrjá daga eru því að fá sérstaklega mikið fyrir peninginn.

PROMENNT **ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !**

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.

tl.is

TÖLVU LISTINN




**OPIÐ**
Í dag : 10-18
Lau. : 11-16
Sun. : 13-17

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |

## SVONA ERUM VIÐ



**96,7 prósent heimila höfðu í fyrra aðgang að tölvum og interneti.**

**Hlutfallið hefur hækkað hratt hér á landi síðustu ár.**

2007 voru tölvur á 89 prósentum heimila og 84 prósent voru með internet. Árið 2002 voru hins vegar 83 prósent með tölvur og 78 prósent með internet. *Heimild: Hagstofa Íslands*

Faðir sautján ára skiptinema sem var skotinn til bana í Bandaríkjunum:

# Gagnrýnir skotvopnamenningu

**ÞÝSKALAND, AP** Faðir sautján ára skiptinema sem skotinn var til bana í Montana-ríki í Bandaríkjunum síðastliðinn sunnudag gagnrýnir mjög skotvopnamenningu þar í landi. Hann segir Bandaríkjamenn ekki geta haldið áfram að „leika kúreka“.

Diran Dede var Þjóðverji sem eytt hafði vetrinum við nám í bænum Missoula og átti að snúa heim til sín eftir einungis nokkrar vikur. Hann var skotinn í bílskúr manns að nafni Markus Kaarma sem hleypti af fjórum sinnum úr haglabyssu sinni þegar hann varð var við að Dede var þar inni. Ekki er víst hvað Dede var að gera á heimili Kaarma.

„Mig grunaði aldrei að hér gætu allir drepið einhvern fyrir það eitt að stíga inn í bakgarð manns,“ sagði Celal Dede, faðir Dirans, við komu til Bandaríkjanna.

Kaarma hefur nú verið ákærður fyrir morð. Hann heldur fram sakleysi sínu og segist hafa óttast um líf sitt. **- bá**



**MINNAST DEDE** Félagar hins látna í fótboltaliði í Hamborg minntust félaga síns með minningarleik. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frjómælingar eru nú hafnar:

# Frjódagatal sett upp á vef NÍ

**HEILBRIGÐISMÁL** Frjómælingar á vegum Náttúrufræðistofnunnar Íslands eru hafnar í Garðabæ og á Akureyri. Niðurstöður mælinganna munu sem fyrr birtast vikulega á vef stofnunarinnar og er markmiðið að veita sem bestar upplýsingar til þeirra sem þjást af frjóofnæmi.

Einnig hefur frjódagatal byggt á meðaltali mælinga verið sett upp á vefnum. Þar verður hægt að athuga daglega hver áhættan sé á ofnæmisviðbrögðum. **- bá**

Heldur framboði til streitu:

# Borgarstjóri í meðferð á ný



ROB FORD

**KANADA, AP** Rob Ford, borgarstjóri í Toronto í Kanada, fór í gær í leyfi til að hefja meðferð við eiturlyfjafíkn. Þetta gerist í kjölfar þess að upp dúkkaði annað myndband þar sem hann sést reykja krakk.

Óvissa er sögð um stöðu framboðs Fords til endurkjörs. Kallað hefur verið eftir afsögn hans, en í tilkynningu frá Ford á miðvikudag sagðist hann taka sér ótímabundið leyfi, bæði frá embætti og framboði. Ford tiltók ekki hvernig hjálpar hann ætlaði að leita sér, en móðir hans og lögmaður sögðu hann á leið í meðferð. **- óká**

Ný uppfærsla frá Microsoft:

# Alvarleg öryggisveila plástruð

**BANDARÍKIN, AP** Microsoft hefur gefið út uppfærslu fyrir netvafrann Internet Explorer sem lokar öryggisveilu sem tölvuþrjótar gátu nýtt til að ná fullri stjórn á tölvum.

Einnig var gefin út uppfærsla fyrir notendur Windows XP stýrikerfisins, þrátt fyrir að hugbúnaðarrisinn hafi í síðasta mánuði hætt stuðningi við stýrikerfið.

Microsoft segir vitað um afmarkaðar árásir þar sem gloppan var nýtt, en öryggisveilan hafi náð til útgáfa vafrans frá 6 til 11. Notendur sem kveikt hafa á sjálfvirkum uppfærslum þurfa ekki að grípa til neinna aðgerða. **- óká**

# Stórverkefni síðustu ára fóru 20-150 prósent fram úr áætlun

**Miklu munar á tölum sem birtar voru snemma 2008 og tölum á haustfundi Landsvirkjunar 2011 um endanlegan kostnað við gerð Kárahnjúkavirkjunar. Fyrri tölurnar benda til 7% framúrkeyrslu frá áætlun, hinar 50%.**

**EFNAHAGSMÁL** Regla virðist fremur en undantekning að stórframkvæmdir fari fram úr kostnaðaráætlun. Oftar en ekki langt fram úr áætlunum. Þetta á við bæði hér á landi og erlendis.



SIGURÐUR JÓHANNESSON

Þetta er meðal þess sem fram kemur í samantekt Sigurðar Jóhannessonar hagfræðings í nýjasta tölublaði efnahagsritsins Vísbendingar.

Sigurður tekur dæmi um sex íslenskar stórframkvæmdir frá undanförnum aldarfjórðungi, sem flestar voru umdeildar á sínum tíma. „Endanlegur kostnaður við þessi verkefni var frá 20 prósentum til 150 prósenta yfir kostnaðaráætlun,“ segir í grein hans, en tölurnar eru í sumum tilvikum hærri en í opinberu uppgjöri framkvæmdanna.

Skoðaður er kostnaður við byggingu Hörpu, Ráðhúss Reykjavíkur, Höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur, og gerð Héðinsfjarðarog Hvalfjarðarganga, auk Kárahnjúkavirkjunar.

Neysluverðsvísitala er notuð til að meta raunverðshækkun og leiðrétt vegna stórra kostnaðarliða sem stundum hafa ekki verið teknir með í reikninginn, svo sem loftræstingar, innréttinga eða búnaðar.

Minnst var framúrkeyrslan frá áætlunum áður en framkvæmdir hófust vegna Héðinsfjarðarganga og Hvalfjarðarganga, 26 og 21 prósent. Mest var hún hins vegar vegna Kárahnjúkavirkjunar, 50-70 prósent og vegna byggingar Ráðhúss Reykjavíkur 110-150 prósent. Munurinn í báðum spám skýrist af því að í báðum tilvikum lágu fyrir tvær áætlanir um kostnað hvor frá sínu árinu.

Í tilviki Ráðhússins gerði áætlun frá október 2007 ráð fyrir 750 milljónum í kostnað, en áætlun frá febrúar 1988 ráð fyrir 980 milljónum. Þá var í september 2001 gert ráð fyrir 1,2 milljarða dala kostnaði við gerð Kárahnjúkavirkjunar, en 1,1 milljarðs kostnaði í nóvember 2002.

Í tilviki Kárahnjúkavirkjunar er um langhæstu upphæðirnar að ræða, en í krónum talið hljóðuðu áætlanirnar upp á 123 til 135 milljarða króna miðað við gengi dollars í gær. Endanlegur kostnaður var svo 2,3 milljarðar dala.

Sigurður bendir á það í grein sinni að samkvæmt uppgjöri frá því snemma árs 2008 hafi kostnaður við ,,stærstu framkvæmd Íslandssögunnar“, Kárahnjúkavirkjun, aðeins farið sjö prósent fram úr áætlun. „Hér eru hins vegar notaðar kostnaðartölur sem Hörður Arnarsson, forstjóri Landsvirkjunar, sýndi á haustfundi fyrirtækisins 2011,“ segir hann. Farið hafi fram hjá flestum í umræðu sem fram fór í kjölfarið um arðsemi Kárahnjúkavirkjunar að tölur Harðar um kostnað við verkið voru miklu hærri en áður höfðu heyrst. „Hann sagði að virkjunin hefði í heildina kostað 240 milljarða króna. Hækkunin frá tölum sem lagðar voru fram áður en ákveðið var að ráðast í verkið er um fimmtíu prósent umfram hækkun neysluverðs.“

**olikr@frettabladid.is**



**HÖRÐUR ARNARSON** Forstjóri Landsvirkjunar á haustfundi árið 2011 þar sem hann kynnti tölur um kostnað við gerð Kárahnjúkavirkjunar sem voru mun hærri en áður höfðu heyrst. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Mark var ekki tekið á varnaðarorðum

Í grein Sigurðar Jóhannessonar er vitnað til rannsókna danska landfræðingsins Bent Flyvbjerg og samstarfsmanna hans. Í upphafi aldarinnar skoðuðu þeir 300 stórframkvæmdir í 20 löndum og í ljós kom að níu af hverju tíu fóru fram úr áætlunum, oft 50% meira og 100% framúrkeyrsla var ekki óalgeng. Þá var nýlega birt rannsókn á stíflum víða um heim þar sem þrjár af hverjum fjórum kostuðu meira en búist var við. Sigurður rifjar upp að þegar Kárahnjúkavirkjun var rædd á þingi veturinn 2003 hafi andstæðingar virkjunar hent rannsóknir Flyvbjergs á lofti og þingflokkur VG ályktað um málið á Alþingi. „Ekki verður séð að þingmenn annarra flokka á þingi hafi tekið undir þessi viðhorf. Þeim fannst ástæðulaust að endurskoða þá jákvæðu afstöðu sem þeir tóku til málsins þegar það kom fyrst fram.“

## KOSTNAÐUR VIÐ SEX STÓRFRAMKVÆMDIR

| Framkvæmd | Áætlun | Endanlegur kostn. | Framúrskot* |
|---|---|---|---|
| Harpa | 12,5 ma.kr. | 27,5 ma.kr. | 52% |
| Ráðhús Reykjavíkur | 750-980 m.kr. | 3,5 ma.kr. | 110-150% |
| Höfuðstöðvar Orkuveitunnar | 2,5 ma.kr. | 8,5 ma.kr. | 109% |
| Héðinsfjarðargöng | 7,6 ma.kr. | 14,2 ma.kr. | 26% |
| Hvalfjarðargöng | 3,7-3,8 ma.kr. | 4,6 ma.kr. | 21% |
| Kárahnjúkavirkjun | 1,1-1,2 ma.kr. | 2,3 ma.kr. | 50-70% |

*Kostnaðaraukning umfram hækkun neysluverðs.

Heimild: Vísbending, 14.tbl. 2014






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 24° | Friedrichshafen | 14° | New York | 19° |
| Aþena | 22° | Gautaborg | 11° | Orlando | 27° |
| Basel | 18° | Kaupmannahöfn | 11° | Ósló | 13° |
| Berlín | 13° | Las Palmas | 23° | París | 16° |
| Billund | 12° | London | 12° | San Francisco | 19° |
| Frankfurt | 18° | Mallorca | 20° | Stokkhólmur | 10° |




**ÞYKKNAR UPP** um allt land um helgina en bjart N-til fyrrihluta dags á morgun. Rigning um S- og V-vert landið á morgun og í öllum landshlutum á sunnudag. Allhvasst eða hvasst S- og SV-til á morgun en lægir fram á sunnudag.



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 141005

MERIDA



# HJÓLAÐU Í VINNUNA

## Úrval reiðhjóla í Ellingsen

**ÞÝSK HÁGÆÐA-HÖNNUN,** mest seldu hjólin í Noregi

**VAXTALAUSAR GREIÐSLUR** Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI

Taktu **Merida** gæðahjólin til kostanna á komandi sumri og hjólreiðar verða ný upplifun fyrir þig og þína. Í Ellingsen færðu einstakt úrval reiðhjóla fyrir konur og karla, stelpur og stráka ... á götuna, öræfin og fjöllin, fyrir keppnina, sumarfríið og fjölskyldustundirnar.



**MERIDA CROSSWAY 100**

**129.990 KR.**

Léttgreiðslur **21.665 KR.** í 6 mánuði

Stærðir: 48-52-55
Gírar: Shimano Altus
Þyngd: 13,9 kg
Bremsur: Promax vökvadiskabremsur



**MERIDA CROSSWAY 10 HYBRID DÖMU**

**79.990 KR.**

Léttgreiðslur **13.332 KR.** í 6 mánuði

Stærðir: 46-50-54
Bremsur: Tectro Novela
Gírskipting: Shimano Acera-x
Þyngd: 12,9 kg



**MERIDA CROSSWAY 10 HERRA**

**84.990 KR.**

Léttgreiðslur **14.165 KR.** í 6 mánuði

Stærðir: 48-52-55
Bremsur: V-Brake Linear
Gírskipting: Shimano
Þyngd: 13,7 kg



**MERIDA CLASSIC HALLINGDAL LADY 3**

**109.990 KR.**

Léttgreiðslur **18.332 KR.** í 6 mánuði

Bremsur: Shimano Coster
Gírskipting: Shimano
Gírar: 3
Dekk: 28"

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er þingflokksformaður Samfylkingarinnar?
**2.** Hvað eru mörg ár frá því að hljómsveitin Hundur í óskilum var stofnuð?
**3.** Hvers vegna getur Óttarr Proppé ekki æft með Pollapönki í dag?

**SVÖR**

**1.** Helgi Hjörvar. **2.** Tuttugu ár. **3.** Hann keppir í Útsvari í kvöld.

Þjóðgarðsvörður segir öll veiðiréttindi sem fylgja jörðinni Kárastöðum háð reglum Þingvallanefndar:

# Þjóðgarðurinn getur takmarkað réttindin

**STJÓRNSÝSLA** Öll veiðiréttindi sem fylgja jörðinni Kárastöðum innan þjóðgarðsins á Þingvöllum eru háð takmörkunum laga og reglna Þingvallanefndar á hverjum tíma.

Þetta segir í yfirlýsingu sem Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, sendi frá sér í gær. Stangveiðimaðurinn Einar S. Ólafsson, sem kærður var af þjóðgarði fyrir urriðadráp við Kárastaði, sakaði í gær þjóðgarðsvörð um að reyna að stækka áhrifasvæði sitt með „óttalega subbulegri stjórnsýslu“.

Einar skrifar í grein sem birtist á Vísi að lögmaður Þingvallanefndar hafi í kærunni sagst efast um lögmæti veiðileyfasölu Kárastaða. „Á íslensku: Þingvallanefnd ásælist veiðirétt ábúenda á Kárastöðum,“ skrifar Einar.

Í yfirlýsingu Ólafs segir að sá hluti Kárastaða sem snýr að vatninu sé óumdeilanlega innan þjóðgarðsins og því takmarkist réttur ábúenda við þær reglur sem Þingvallanefnd setur, meðal annars að öllum urriða skuli sleppt frá 20. apríl til 1. júní.

Þá segir að því hafi ekki verið haldið fram af hálfu þjóðgarðsvarðar að ábúandi Kárastaða hafi ekki heimild til þess að selja veiðileyfi fyrir landi sínu. Slíkar veiðar séu hins vegar háðar reglum sem um þær gilda á hverjum tíma. **- bá**



**LÖGMÆTI** Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður segist ekki hafa dregið lögmæti veiðileyfasölu Kárastaða í efa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Engar reglur settar um auglýsingar lækna

Heilbrigðisráðherra hefur ekki skilgreint með reglugerð hvort læknar megi auglýsa rúmu ári eftir að ný lög um heilbrigðisstarfsmenn tóku gildi. Hagsmunir neytenda að leyfa auglýsingar segir tannlæknir sem auglýsir þjónustu sína á netinu.

**HEILBRIGÐISMÁL** Engin reglugerð hefur verið sett um auglýsingar lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna rúmu ári eftir að ný lög um heilbrigðisstarfsmenn tóku gildi. Tannlæknir sem auglýsir á netinu segir eðlilegt að auglýsa þjónustu sína.

„Ég lét lögfræðing kíkja á lögin fyrir mig og hann vill meina að lögin um þetta séu mjög loðin. Þess vegna lét ég slag standa og prófaði þetta til að sjá hvað gerist,“ segir Daði Hrafnkelsson tannlæknir.

Hann hefur auglýst á netinu í gegnum Google-auglýsingasöluna með látlausum texta þar sem vakin er athygli á heimasíðu hans. Þá segir í auglýsingunni: „Mikil gæði fyrir sanngjarnt verð. Föst verðtilboð.“

Daði segir lög sem banni nær alfarið auglýsingar tannlækna barn síns tíma. „Mér finnst þetta óskiljanlegt.“

Hann starfar í Danmörku en kemur hingað til lands nokkrum sinnum á ári til að sinna skurðaðgerðum í munni. Hann segir umhverfi tannlækna í Danmörku allt annað. Þar tíðkist að sjúklingar fái tilboð hjá nokkrum tannlæknum fyrir meiriháttar aðgerðir. Þar með sé meiri samkeppni sem neytendur njóti góðs af.

Hingað til hefur lítið farið fyrir auglýsingum lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks. Læknum var lengst af bannað með öllu að auglýsa, nema til að vekja athygli á nýrri læknastofu eða breyttu heimilisfangi. Með nýjum lögum um heilbrigðisstarfsmenn sem tóku gildi í byrjun síðasta árs voru þau ákvæði felld úr gildi. Í lögunum segir aðeins að ráðherra muni setja reglugerð um auglýsingar, en það hefur enn ekki verið gert, sextán mánuðum eftir að lögin tóku gildi.

Geir Gunnlaugsson landlæknir segir að mörgum hafi þótt fyrri reglur of þröngar. „Það er ákveðinn vilji til að rýmka möguleika einstaklinga sem eru í rekstri og bjóða heilbrigðisþjónustu að auglýsa sína þjónustu. Það er hluti af því að neytandinn geti tekið upplýsta ákvörðun.“

Hann segir þrátt fyrir að engin reglugerð hafi verið sett um auglýsingar lækna geti þeir ekki auglýst eins og þeim sýnist. „Ég held að menn þurfi almennt að halda sig innan þess ramma sem hefur skapast um þetta. Þetta er ekki eins og hver önnur vara, það verður að vera einhver rammi,“ segir Geir. **brjann@frettabladid.is**



**BANN** Lítið hefur verið um auglýsingar um þjónustu tannlækna eða annarra heilbrigðisstarfsmanna, enda hafa slíkar auglýsingar verið bannaðar að mestu þar til nýlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Auglýsingar tannlæknis „á gráu svæði“



**KRISTÍN HEIMISDÓTTIR**

Kristín Heimisdóttir, formaður Tannlæknafélags Íslands, segir í raun ekkert banna auglýsingar á læknaþjónustu. Í siðareglum tannlækna segir að ekki megi reyna að afla sér viðskipta með „óviðeigandi auglýsingum, skrumi eða á annan ósæmilegan hátt“.

Hún segir auglýsingar Daða Hrafnkelssonar tannlæknis á mörkunum, þar sem hann geri sérstaklega út á skurðaðgerðir þrátt fyrir að vera ekki sérmenntaður á því sviði. „Ég myndi telja þetta á gráu svæði,“ segir Kristín.

Hún segir það sína persónulegu skoðun að fara þurfi varlega í að opna fyrir auglýsingar í heilbrigðisþjónustu. „Allar auglýsingar kosta, og þeir sem auglýsa þurfa að velta þeim kostnaði á sjúklinginn. Þess vegna er ekki gott að menn séu að kaupa auglýsingar sem kosta mikið fé.“




MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

Veiðimenn halda tófum ekki á lífi með því að setja út fæði að sögn bónda:

# Segir refum ekki fjölga við veiði

**NÁTTÚRA** Það er allt of mikil einföldun að halda því fram að sífellt batnandi viðkoma refastofnsins sé vegna aukinnar veiði.

Þetta segir Snorri H. Jóhannesson, bóndi á Augastöðum í Borgarfirði og formaður Félags atvinnuveiðimanna á ref og mink. Hann gefur lítið fyrir ummæli Esterar Rutar Unnsteinsdóttur, spendýravistfræðings hjá Náttúrufræðistofnun, um að veiðimenn sem setji út fæði til að lokka til sín dýrin haldi lífi í tófum sem annars hefðu soltið í hel um veturinn.

„Að refur verði hungurdauða, það er eitthvað alveg nýtt fyrir mér,“ segir Snorri. Hann segir fátt geta grandað refum annað en elli og veiðar.

„Ég er sammála henni með það að það er alltof algengt að menn bera út fæði og sinna því ekki. En refum fjölgar til dæmis á Hornströndum en það er ekkert fæði borið út þar.“

Refastofninn á Íslandi hefur verið á uppleið frá því um 1970 og tók sérstakan kipp upp úr 1997. Hann er nú talinn vera á bilinu tíu til þrettán þúsund dýr. Snorri segir stofninn vera allt of stóran en er ósammála því að aukin refaveiði verði til þess að refum fjölgi.



**ÓSAMMÁLA** Snorri segir refastofninn allt of stóran. MYND/AÐSEND

„Að þeir sem veiða tugi refa á árinu stuðli að fjölgun, það eru öfugmæli í mínum huga.“ **- bá**




# Vinir í raun

Engifer hefur verið notað í lækningaskyni í þúsaldir. Þessi undrarót styrkir ónæmiskerfið, er bólgueyðandi og gefur hita í kroppinn. Gott að eiga þessa að þegar glímt er við kvef og hálsbólgu.

BÓNUS HAGKAUP

pukka

Fyrsta maí árið 2004 bættust tíu lönd með 74 milljónum íbúa við ESB:

# Áratugurinn einkenndist af vexti

**PÓLLAND, AP** Síðasti áratugur hefur einkennst af stórkostlegum breytingum fyrir fyrrum austantjaldsríkin sem aðild fengu að Evrópusambandinu (ESB) 1. maí 2004. Tímamótanna var minnst víða í Evrópu í gær.

Í þessum löndum hefur opnun markaða og frjálst flæði fólks ýtt undir efnahagsvöxt sem er margfaldur á við það sem almennt gerist um heiminn. Þá hefur framleiðsluvarningur þessara landa náð til milljóna nýrra neytenda.

Um leið er tilfinningin sögð sú að skipt hafi verið út ofríkislegum afskiptum Moskvustjórnar fyrir ábyrgðarleysi Brussel-valdsins.

Í stærsta einstaka stækkunarskrefi ESB fyrir tíu árum bættust í sambandið tíu lönd með um 74 milljónir íbúa. Sjö landanna voru áður hluti Sovétríkjanna eða voru hluti af Varsjárbandalaginu. Það eru Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Slóvakía, Tékkland og Ungverjaland. Hin löndin eru Malta, Kýpur og Slóvenía. - óká



**FAGNA** Konur ræðast við í fagnaði í Varsjá í Póllandi í tilefni af því að í gær voru liðin 10 ár frá inngöngunni í ESB. NORDICPHOTOS/AFP



**ANDSTÆÐAR FYLKINGAR** Herskár aðkilnaðarsinni á bandi Rússa ræðir við lögreglumenn í miðjum átökum við byggingar svæðisstjórnarinnar í Dónetsk í Úkraínu í gær. Til átaka kom eftir fjölmenna kröfugöngu í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Pútín vill her burt frá A- og S-hluta Úkraínu

Bráðabirgðaforseti Úkraínu hefur hætt við áætlanir um að leggja af herskyldu. Moskvustjórn hefur gagnrýnt framgöngu Úkraínuhers í austurhluta landsins. Í símtali við Þýskalandskanslara sagði Pútín ríða á brotthvarfi hermanna þaðan.

**ÚKRAÍNA, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti segir að Úkraína eigi að kalla herlið burt úr austur- og suðurhluta landsins, þar sem uppreisnarmenn hafa tekið yfir byggingar. Nokkrum stundum síðar lýsti bráðabirgðaforseti Úkraínu því yfir í gær að herskylda yrði áfram við lýði í landinu vegna þess hve óeirðir hafi aukist.

Þrátt fyrir að Úkraína hafi í fyrra kynnt fyrirætlanir um að láta af herskyldu sagði Ólexander Túrtsjínov, bráðabirgðaforseti Úkraínu, í tilskipun sinni að í ljósi „hættunnar á að þrengt væri að yfirráðarétti Úkraínu yfir héröðum sínum og afskiptum Rússa af innri málefnum Úkraínu,“ þyrfti nauðsynlega að endurnýja ákvæði um herskyldu í landinu.

Stjórnvöld í Moskvu hafa fordæmt framgöngu öryggissveita Úkraínu og árangurslitlar aðgerðir gegn uppreisnarmönnum í austurhluta landsins og varað við því að herinn færi fram með ofbeldi í garð borgara. Í símtali Pútíns og Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, í gær sagði Pútín að brotthvarf herafla úr suður- og austurhluta Úkraínu væri „aðalmálið“, en óljóst þótti hvort túlka bæri þau orð sem afdráttarlausa kröfu.

Ekki kom fram í tilskipun Túrtsjínovs hvar nákvæmlega í landinu eða hvernig herkvaddur liðsafli kynni að verða nýttur. Fyrr í vikunni lét hann hafa eftir sér að lögregla og öryggissveitir hafi mátt sín lítils gegn uppreisnarhópum á svæðum Dónetsk og Lúhansk, þar sem óeirðirnar hafa verið langmestar. Þá sagði hann að leggja ætti áherslu á að koma í veg fyrir að uppreisnin næði til annarra hluta landsins.

olikr@frettabladid.is

## NATO flokkar Rússa sem andstæðinga

Eftir tveggja áratuga viðleitni til að efla samstarf við Rússland hefur Norður-Atlantshafsbandalagið (NATO) fundið sig knúið til að koma fram við Moskvustjórn sem andstæðing. „Ljóst er að Rússar hafa flokkað NATO sem andstæðing þannig að við þurfum að hverfa frá því að líta á Rússland sem félaga og líta fremur á það sem andstæðing,“ segir Alexander Vershbow, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO. Í spurningatíma með blaðamönnum sagði Vershbow að innlimun Krímskaga í Rússland og afskipti Rússa og þátttaka í óeirðum í austurhluta Úkraínu hafi leitt til grundvallarbreytinga á samskiptum NATO og Rússlands.

Hver ferðamaður greiddi um 103.000 krónur með greiðslukortum í mars:

# Kortavelta ferðamanna jókst

**VERSLUN** Erlendir ferðamenn greiddu alls 6,8 milljarða króna með greiðslukortum sínum hér á landi í mars. Það var aukning um 27,8 prósent miðað við sama mánuð árið 2013.

Þetta kemur fram í tilkynningu Rannsóknaseturs verslunarinnar um greiðslukortaveltu erlendra ferðamanna í mánuðinum.

Þar segir að hver erlendur ferðamaður hafi að meðaltali greitt um 103 þúsund krónur með greiðslukortum fyrir vörur og þjónustu hér á landi í mars. Útgjöld á hvern ferðamann drógust aftur á móti saman um 5,6 prósent samanborið við mars 2013.

„Þá jókst velta í þeim flokki sem nær til ferðamannastaða og sýninga um 105 prósent og var alls 62 milljónir króna. Ætla má að þar skipti nokkru að hafin var innheimta aðgangseyris á Geysissvæðið,“ segir í tilkynningu Rannsóknaseturs verslunarinnar. - hg



**TÚRISTAR** Fjöldi erlendra ferðamanna sem hingað komu í mars jókst um 35 prósent frá mars í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

WHEELER®
WORLDWIDE



Protron 500 - 27.5” Diskabremsur, dempari, 24 gíra
Tilboð kr. 79.995.-



Cross 6,2 - Flott hybrid hjól fyrir götuna, 24 gíra, dömu og herrastell - Verð kr. 90.995.-



Cross 6,4 - Diskabremsur, 27 gíra, dempari, dömu og herrastell - Verð kr. 139.995.-



PL620 Comfort - Vinsælasta hjólið, dempun í sæti, brettasett fylgir, dömu og herrastell
Verð kr. 86.995.-

EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF
VIÐGERÐAR OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA

**netto**

*Kræsingar & kostakjör*

# GRILLTÍÐIN ER HAFIN!







**Íslenska hamborgarabókin fylgir frítt með hverju grilli**

Gasgrill 3ja brennara
**49.998 kr**

## CampinGaz Adelaide grill

Glæsileg gasgrill á vandaðri grind úr stáli og tekki.
Grillin eru með brennara og grillgrind úr pottjárni,
sem henta mjög vel fyrir íslenskar aðstæður.
Grillið sjálft er postulíns emelerað að utan og innan.

### CAMPINGAZ ADELAIDE 3 BRENNARA

- Mjög öflugt 14 KW = 47.769 BTU
- 3x brennarar úr pottjárni
- 1x grillgrind úr pottjárni
- 1x steikarplata úr pottjárni
- 1x hliðarhella
- Piezo kveikja
- Grillflötur: 46x60 cm
- Postulínslok, emelerað að utan og innan
- Skúffa undir öllu grillinu sem tekur fitu
- Stærð BxDxH: 128x59x109cm
- Þyngd 48kg



*CampinGaz Grilláhöld 4stk verð 3.998kr*

*Yfirbreiðslur fyrir grillin einnig fáanlegar, verð 4.998kr.*



**ÓVEÐUR OLLI EYÐILEGGINGU Í BANDARÍKJUNUM** Hér má sjá mann að nafni Philip Triplett sækja fána úr rústum heimilis nágranna síns í Louisville í Mississippi í Bandaríkjunum í gær eftir að fellibylur gekk þar yfir. Svæðið hefur frá því í byrjun vikunnar verið plagað af skýstrokkum sem þar hafa gengið yfir með tilheyrandi usla og eyðileggingu. NORDICPHOTOS/AFP

# ÁSTAND HEIMSINS







**MÓTMÆLT Í FRAKKLANDI** Maður með Guy Fawkes-grímu heldur á lofti spjaldi sem á stendur „Hollande svíkur fólkið“ í 1. maí kröfugöngu í París í gær.



**KÚBVERJAR FÖGNUÐU BARÁTTUDEGI VERKALÝÐSINS** Ung stúlka heldur á lofti mynd af Fidel Castro Kúbuleiðtoga í 1. maí hátíðahöldum Verkamannasambands Kúbu á Byltingartorginu í Havana í gær. Samkvæmt upplýsingum stjórnvalda þar tóku um 600 þúsund þátt í hátíðahöldunum. NORDICPHOTOS/AFP

xD ásamlega Reykjavík

Um helgina bjóðum við Reykvíkingum í heimsókn á kosningamiðstöðvar Sjálfstæðisflokksins um alla borg. Boðið verður upp á skemmtun fyrir börnin og góðgæti fyrir alla fjölskylduna. **Verið velkomin!**



**Laugardaginn 3. maí:**

**Skeifunni 19**
12.30–14.00
Blöðrudýr fyrir börnin
Félög sjálfstæðismanna í Langholti, Laugarnes- og Túnahverfi, Háaleitishverfi, Smáíbúða-, Bústaða- og Fossvogshverfi og Hlíða- og Holtahverfi

**Álfabakka 14a**
14.00–15.30
Candy floss handa börnum á öllum aldri
Félög sjálfstæðismanna í Breiðholti

**Stórhöfða 17**
15.30–17.00
Andlitsmálning fyrir börnin
Félög sjálfstæðismanna í Árbæ, Grafarholti og Úlfarsárdal, Grafarvogi og á Kjalarnesi

**Sunnudaginn 4. maí:**

**Laugavegi 96**
15.30–17.00
Blöðrudýr fyrir börnin
Félög sjálfstæðismanna í Nes- og Melahverfi, Miðbæ og Vesturbæ og Miðbæ og Norðurmýri

xD
Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík



**REYNT AÐ KOMA Á FRIÐI Í MIÐ-AFRÍKULÝÐVELDINU** Franskur hermaður, í herafla á vegum Evrópusambandsins sem reynir að koma á ró í Mið-Afríkulýðveldinu, kíkir í handtösku konu við eftirlit nærri alþjóðaflugvellinum í Bangui í gær. NORDICPHOTOS/AFP



**KRÖFUGÖNGUR BANNAÐAR Í TYRKLANDI** Lögreglumenn á gangi í víggirtri Istiklal-breiðgötunni nærri Taksim-torgi í Istanbul í gær. Óeirðalögregla beitti háþrýstivatni og táragasi á þúsundir mótmælenda sem buðu banni stjórnvalda við kröfugöngum byrginn. Minnst 50 meiddust í atganginum. NORDICPHOTOS/AFP

Tvö sveitarfélög sameinast gegn umferðartakmörkunum á Þingvöllum og kalla eftir lagaheimildum:

# Þungatakmarkanir í þjóðgarði íþyngjandi

**SAMGÖNGUR** Tvö sveitarfélög á Suðurlandi vilja að Vegagerðin og Þingvallanefnd vísi til lagaheimilda fyrir því að setja mun strangari hömlur á umferð um Þingvallaþjóðgarð en aðalskipulag svæðisins gerir ráð fyrir.

Þetta kemur fram í minnisblaði Valtýs Valtýssonar, sveitarstjóra í Bláskógabyggð. Bæði er um að ræða þungatakmarkanir og hraðatakmarkanir sem innleiddar voru á Þingvöllum til að draga úr mengun og auka öryggi. Á sameiginlegum fundi sveitarstjórna Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps var rætt um að sveitarfélögin sendu frá sér sameiginlega áskorun til Vegagerðarinnar og Þingvallanefndar.

➜ Hömlur hafa reynst íþyngjandi fyrir bændur og aðra sem sinna flutningi á aðföngum samkvæmt minnisblaði.

„Hömlur sem settar hafa verið, án samráðs við sveitarfélögin, hafa reynst íþyngjandi fyrir bændur svo og aðra sem sinna flutningi á aðföngum. Einnig hefur þetta veruleg áhrif á rekstrarumhverfi verktaka sem vegna vinnu sinnar og verkefna þurfa að fara um vegakerfi innan þjóðgarðsins," segir í minnisblaði Valtýs. Kallað sé eftir því að takmarkanirnar verði afnumdar og að þær verði í takt við aðalskipulag þar sem fyrir séu kvaðir sem lúta að verndun svæðisins. - gar




**TRUFLA** Takmarkanir á Þingvöllum trufla verktaka og bændur segja sveitarstjórnir.



**VEIÐIFÉLAG** Jóhannes Sveinbjörnsson, bóndi í Heiðarbæ, er formaður Veiðifélags Þingvallavatns. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Veiðifélag Þingvallavatns:

## Vill samræma veiðitímabilin

**UMHVERFISMÁL** Veiðifélag Þingvallavatns ákvað á fundi sínum á þriðjudagskvöld að endurskoða samþykktir félagsins, meðal annars til að samræma veiðitíma betur, að sögn Jóhannesar Sveinbjörnssonar formanns.

„Okkar reglur eru orðnar gamlar og það þarf að fara yfir þær svo þær séu betur í takt við hlutina," segir Jóhannes, sem nefnir sérstaklega að ekki standi til að banna netaveiði í Þingvallavatni eins og sumir hafa stungið upp á. „En það var rætt hvort setja þurfi stífari reglur varðandi notkun báta og beitu." - gar



**VATNSMÝRI** Hjartað í Vatnsmýri fagnar afstöðu þriggja framboðsflokka til borgarstjórnar Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Flugvallarsamtök fagna:

## Hvetja alla til að taka afstöðu

**SKIPULAGSMÁL** Hjartað í Vatnsmýrinni, samtök stuðningsmanna flugvallarins í Vatnsmýri, hvetja í yfirlýsingu alla frambjóðendur til borgarstjórnar til að taka afstöðu til Reykjavíkurflugvallar.

Í tilkynningunni segir að samtökin fagni því að þrjú framboð til borgarstjórnar styðji áframhaldandi viðurvist flugvallarins þar sem hann er nú staðsettur.

„Hjartað styður hvern þann sem leggur vellinum lið í pólitískri baráttu og hvetur alla frambjóðendur til þess að taka sér varðstöðu með borgarbúum og landsmönnum öllum um mikilvægasta flugvöll landsins í Vatnsmýri," segir í yfirlýsingunni. - kóh

Níræður kókaínsmyglari:

## Vill sleppa við fangelsisvist

**BANDARÍKIN** Hinn rétt tæplega níræði Bandaríkjamaður Leo Sharp vonast til þess að sleppa við fangelsisvist eftir að hafa viðurkennt að hafa flutt tæp fimm hundruð kíló af kókaíni yfir Bandaríkin endilöng.

Eftir viku mun hann fá að vita hvort hann þarf að sitja af sér dóminn. Lögmaður hans vonast til þess að Sharp sleppi vegna aldurs og slæmrar heilsu. Lögmaðurinn telur að það geti reynst samfélaginu dýrt að senda Sharp í fangelsi því hann þurfi svo mikla læknisaðstoð.

Samkvæmt bandarískum fjölmiðlum er hann einn elsti glæpamaðurinn sem dæmdur hefur verið í fylkinu. - kak


Nýtt og glæsilegt verslunarrými til leigu á Garðatorgi í Garðabæ

auk 800 m² skrifstofuhúsnæði í hjarta bæjarins



- Verslunarrými frá 70 upp í 500 fermetra
- Alls 1.800 fermetrar af verslunarhúsnæði á jarðhæð
- Að auki 800 fermetrar af skrifstofuhúsnæði
- Mikill sýnileiki og auglýsingagildi frá aðliggjandi götum
- Öflugir rekstraraðilar í næsta nágrenni
- Nýtt og glæsilegt viðburðatorg og næg bílastæði á torgi og í bílakjallara



Miðbær Garðabæjar tekur stakkaskiptum með nýju íbúðar- og atvinnuhúsnæði auk endurnýjunar eldri byggðar, torgs og byggingu bílakjallara. Framkvæmdir eru vel á veg komnar og við leitum að aðilum til samstarfs um að bjóða þjónustu sína á Garðatorgi í glæsibyggingu sem tekin er að rísa á áberandi stað við aðalgötur bæjarins.

**Húsnæðið verður tilbúið til afhendingar á vormánuðum 2015.**

Nánari upplýsingar gefur Sigurður hjá Fasteignasölunni Torgi í síma 898 6106 og starfsmenn Klasa í síma 578 7000 eða með fyrirspurnir í gegnum netfangið utleiga@klasiehf.is

FASTEIGNASALAN TORG
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
Sími 520 9595 - Fax 520 9599
www.fasttorg.is

KLASI
Dvergshöfða 2 - 110 Reykjavík
Sími 578 7000 - Fax 578 7001
utleiga@klasiehf.is - www.klasiehf.is

Myndasögudagur í Nexus:

# Gefur myndasögur í 13. sinn

**MENNING** Verslunin Nexus mun taka þátt í Ókeypis myndasögudeginum þrettánda árið í röð laugardaginn næstkomandi.

Í tilkynningu Nexus um viðburðinn segir að sérútgefin myndasögublöð frá ýmsum útgefendum verði gefin. Reynsla starfsmanna sýni að gott sé að mæta tímanlega og að blöðin verði gefin á meðan birgðir endast. Enginn eigi þó að fara tómhentur heim.

- hg

Tap á rekstri Icelandair Group eftir skatta nam 2,9 milljörðum króna á fyrsta fjórðungi ársins:

# Skýrist af auknu umfangi á háannatíma

**VIÐSKIPTI** Tap á rekstri samstæðunnar Icelandair Group eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi þessa árs nam 26,7 milljónum Bandaríkjadala, sem samsvarar 2,9 milljörðum íslenskra króna. Tapið var 18,3 milljónir dala í fyrra. Félagið birti ársfjórðungsuppgjör í gær.

EBITDA var neikvæð um 13,3 milljónir USD samanborið við 8,3 milljónir USD á fyrsta ársfjórðungi 2013.

Björgólfur Jóhannsson forstjóri segir afkomuna í takt við væntingar stjórnenda. „Áætlanir ársins gerðu ráð fyrir neikvæðri afkomu á fjórðungnum og að hún yrði lakari en var á sama tímabili á síðasta ári. Skýrist það meðal annars af því að kostnaður tengdur auknu umfangi í starfsemi félagsins á háannatíma gjaldfærist að miklu leyti á fyrsta ársfjórðungi," segir Björgólfur.

Hann segir horfur í rekstri Icelandair Group góðar fyrir árið 2014 þar sem gert er ráð fyrir metfjölda ferðamanna á árinu. Þó standi félagið frammi fyrir nokkurri óvissu vegna boðaðs yfirvinnubanns flugmanna í maí ásamt því sem enn er ósamið bæði við flugfreyjur og flugvirkja.

„Afkomuspá félagsins stendur óbreytt og er gert ráð fyrir að EBITDA á árinu 2014 muni nema 145-150 milljónum Bandaríkjadala," segir Björgólfur að lokum.

- fbj



**GÓÐAR HORFUR** Björgólfur vonast til að samið verði við starfsfólk Icelandair fljótlega svo ekki komi til röskunar á starfsemi félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## Við opnum í dag

**Ný og framsækin lögmannsstofa hefur starfsemi sína að Engjateigi 5 í Reykjavík.**

Lögmenn stofunnar hafa víðtæka reynslu af málflutningi og lögfræðilegri ráðgjöf.

Boðið er upp á nýjungar í lögmannsþjónustu á Íslandi, meðal annars fyrsta viðtal án endurgjalds og skjalagerð á föstu verði.

**Nánar á dika.is**

DIKA LÖGMENN



**Á NETINU** Íslenskar netverslanir seldu vörur fyrir 1,4 milljarða á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Netverslun landans nam 3 milljörðum

Íslendingar versluðu fyrir tæpa þrjá milljarða króna á erlendum netsíðum á síðasta ári. Formaður SVÞ telur að verslunin sé meiri. Hún vill niðurfellingu vörugjalda. Minni velta hjá íslensku netverslunum.

**VIÐSKIPTI** Íslendingar keyptu vörur á erlendum netsíðum fyrir tæpa þrjá milljarða króna á síðasta ári. Velta netverslunar hérlendis nam þá rúmum 1,4 milljarði króna.

Þetta kemur fram í svari Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar alþingismanns um umfang netverslunar.

Í svari ráðherra segir að netverslun á erlendum netsíðum með rafrænar vörur og þjónustu, svo sem hugbúnað, tónlist og rafbækur, hafi numið rúmum 457 milljónum króna á árinu 2013. Verslun með áþreifanlegar vörur eins og fatnað, húsgögn og snyrtivörur, nam rúmum 2,5 milljörðum. Í þeirri upphæð er einnig innflutningur vegna annars konar verslunar, svo sem þegar vinir eða ættingjar erlendis senda vörur til landsins sem ekki falla undir gjafasendingar.

„Innflutningur einstaklinga gegnum póstverslun er þó að langstærstum hluta vörur sem keyptar eru í netverslun," segir í svari ráðherra.

Margrét Sanders, formaður Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ), segir samtökin telja að netverslun Íslendinga erlendis sé meiri en opinberar tölur gefi til kynna.

„Það eru ýmsar leiðir til að komast fram hjá þeim og þess vegna er niðurfelling vörugjalda mikilvæg því við viljum fá verslunina heim," segir Margrét.

Hún segir skýrslu SVÞ frá árinu 2012 um vörugjöld hér á landi sýna mikilvægi þess að gjöldin verði felld niður.

„Þú kemur aldrei í veg fyrir netverslun en þú hvetur til meiri verslunar hérlendis með því að fella vörugjöldin og önnur gjöld niður. Ríkisstjórnin hefur boðað að hún sé að vinna að niðurfellingu flestra vörugjalda og við fögnum því. Svo er verið að boða breytingar á virðisaukaskattskerfinu og það hjálpar einnig til," segir Margrét.

„Við höfum einnig bent á að kannanir um verslun Íslendinga erlendis, fyrir utan netverslunina, sýna að 40 prósent af verslun með barnaföt á sér stað erlendis," segir Margrét.

Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar, segir athyglivert hversu lítil veltan hjá íslenskum netverslunum sé.

„Þetta er ekki nema um 0,4 prósent af heildarveltu smásöluverslunar á Íslandi á síðasta ári. Annars staðar er talað um að þessi netverslun sé um sex prósent af heildarveltunni. Þannig að þetta er mikið minna hér á landi en fólk er auðvitað að horfa á verðið og íslenskar netverslanir geta oft ekki keppt við verð annars staðar," segir Emil. haraldur@frettabladid.is



> **Það eru ýmsar leiðir til að komast fram hjá þeim og þess vegna er niðurfelling vörugjalda mikilvæg því við viljum fá verslunina heim.**
>
> *Margrét Sanders, formaður Samtaka verslunar og þjónustu*

## Er sumarið komið í umferð hjá þér?




Nú er tími sumardekkjanna kominn og því hvetjum við bíleigendur til að fá aðstoð fagmanna okkar við val á dekkjum með rétta eiginleika,- **það er öruggast.**

NESDEKK Reykjavík Reykjanesbæ

**Þjónustusími: 561 4200**

**Reykjavík**: Fiskislóð 30 • Grjóthálsi 10
**Reykjanesbæ**: Njarðarbraut 9

Bílabúð Benna Sérfræðingar í bílum

**Bílabúð Benna: Dekkjaþjónusta**

Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045
www.benni.is • Þjónustuborð: 590 2000



**Umboðsmenn um land allt**

VERÐ FRÁ KR.

Þvottavélar............... 49.900,-
Þurrkarar.................. 49.900,-
Uppþvottavélar......... 59.900,-

VERÐ FRÁ KR.

Kæliskápar................ 19.900,-
Frystiskápar.............. 39.900,-
Frystikistur................ 39.900,-

VERÐ FRÁ KR.

Keramik helluborð.... 39.900,-
Spanhelluborð.......... 59.900,-
Eldavélar................. 49.900,-
Örbylgjuofnar............ 9.990,-
Eldhúsviftur................ 9.990,-




## Hár & heilsa

VERÐ FRÁ KR.

Nefhárasnyrtir.......... 990,-
Hárklippur............ 1.490,-
Krullujárn............. 1.990,-
Hárblásarar.......... 1.990,-
Baðvogir gler/digital..... 1.990,-
Sléttujárn............. 1.990,-
Rafmagnstannb.... 1.990,-
Blóðþrýstingsm.... 2.990,-
Skeggsnyrtisett.... 3.990,-
Fótanuddtæki..... 3.990,-
DECT barnapía.... 7.990,-



## Eldhústæki

VERÐ FRÁ KR.

Töfrasprotar......... 1.490,-
Sítruspressur....... 1.990,-
Brauðristar.......... 2.990,-
Hraðsuðukönnur. 2.990,-
Kaffivélar............. 2.990,-
Kaffikvarnir.......... 2.990,-
Blandarar............ 2.990,-
Handþeytarar...... 2.990,-
Minihakkrarar...... 2.990,-
Vöfflujárn............ 2.990,-
Mínútugrill........... 3.990,-
Djúpsteikingap..... 4.990,-
Matvinnsluvélar... 5.990,-



RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

# LAGER HREINSUN

OPIÐ UM HELGINA - LÍKA SUNNUDAG KL. 13-17!

**AEG**

**CE-1400B Ryksuga**
Ryksuga með nýjustu mótortækni sem notar eingöngu 1400W en skilar afli á við **2200W ryksugu**. Hljóðlátari og endingarbetri mótor.

- Öragnasía.
- Örtrefjapokar - betri síun, hreinni útblástur.
- Stillanlegur sogkraftur.
- **Innbyggð fylgihlutageymsla.**
- Samandraganlegt XL stálskaft.
- Áður kr. **19.990**

LAGERHREINSUN KR. **13.990**
30% AFSLÁTTUR




%
**500**
vörur með allt að 60% afslætti

9,5M VINNURADÍUS
ORKU SPARANDI
HLJÓÐLÁT



# 50%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PÖNNUM

**Margar mismunandi gerðir af pönnum með eða án loks.** 20, 24, 28 eða 30 cm breiðar. Henta á allar gerðir af hellum, líka span. Tvöföld viðloðunarfrí húð.



**TRISTAR**

**WF-2141 Vöfflujárn**
Vinsælasta vöfflujárnið okkar. Bakar tvær hnausþykkar belgískar vöfflur. Uppskrift fylgir.

- Viðloðunarfrítt yfirborð.
- Stiglaus hitastillir.
- 1000W.
- Fullt verð kr. **8.990.**

LAGERHREINSUN KR. **4.990**
40% AFSLÁTTUR

MEST SELDI!




MALAR ÍS
HLJÓÐLÁTUR

## Ýmis smátæki

VERÐ FRÁ KR.

Gufustraujárn........ 2.990,-
Hitablásarar........... 2.990,-
Töskuvogir............ 2.990,-
Kjöthitamælar........ 2.990,-
Ryksugur............... 5.990,-
Rakatæki............... 6.990,-
Brauðvélar............ 9.990,-



**Electrolux**

**ESB-4400 Powermix Silent blandari**
**Hljóðlátasti blandarinn** sem um getur með sérhönnuðum hljóðdempuðum mótor og öflugri hljóðeinangrun. **Þríhyrningslöguð** kannan gerir að verkum að allt kastast betur til og sogast hnífnum svo að blöndunin er hraðari og öflugri. Malar ís og frosna ávexti léttilega. 600W hljóðdeyfður mótor, 1,5 lítra glerkanna og 6 hraðastillingar. **Malar ís** léttilega
Fullt verð kr. 19.990.

LAGERHREINSUN KR. **14.990**
25% AFSLÁTTUR

**Rafha ehf**

**Opið**
**virka daga 9-18**
**laugardag 11-17**
**sunnudag 13-17**

**Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík**
**Sími 5880500**
**www.rafha.is**



# ÍSLENSKT OG GOTT



Jarðarber

PICCOLOTÓMATAR ERU ÓTRÚLEGA SÆTIR OG BRAGÐMIKLIR, SVO GÓÐIR AÐ JAFNVEL ÞEIR SEM SEGJAST EKKI BORÐA TÓMATA FALLA FYRIR ÞEIM.



Piccolo tómatar

NÝTT Í HAGKAUP



Sólskins tómatar

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



Lambhaga spínat

## TILBÚIÐ Á GRILLIÐ EÐA Í OFNINN!



TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

KALKÚNALÆRI M/ LEMONGRASI
1.679 kr/kg
verð áður 2.399

ÍSFUGL



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

GRÍSA KÓTILETTUR
1.874 kr/kg
verð áður 2.498

SS



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

KJÚKLINGA VÆNGIR, TEX
449 kr/kg
verð áður 599

ÍSFUGL

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa




**Hatting smábrauð**
Mini flutes, Pítubrauð.

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa




**McCain**
Hvítlauksbrauð, sætar kartöflur.

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa




**Torani sýróp**
Fæst núna einnig með sykri.

Sykurlaus ítalskur súkkulaðidrykkur

2 msk Torani Sykurlaust Súkkulaði síróp
1 msk Torani Sykurlaust Vanillu síróp
2 msk ísköld mjólk
240 ml Sódavatn
(ekki með bragði)
Ísmolar



Hellið sódavatni í stórt glas með klökum. Bætið sírópinu út í og hrærið vel saman. Setjið mjólkina út í síðast.

## NOW vörur á tilboði!

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa



# HIN LJÚFA **LUND**



NAUTAAT

FERSKAR
NAUTALUNDIR
ERLENDAR
3.999 kr/kg
Verð áður 4.799



NAUTAAT

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

RIBEY
FERSKT
ERLENT
3.374 kr/kg
verð áður 4.499



NAUTAAT

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

GÚLLAS
1.998 kr/kg
verð áður 2.498



HAMBORGARAR
4X80 gr
699 kr/pk
Verð áður 899



NAUTAAT

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

NAUTAHAKK
1.359 kr/kg
verð áður 1.699



NAUTAAT

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

SNITSEL
1.998 kr/kg
verð áður 2.498



## GOODFELLA´S PIZZUR

- fljótlegt og þægilegt




TILBOÐ
399kr/stk
verð áður 579

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

Hvernig er byggt í grónum hverfum?

# Þétting byggðar í nærveru sálar

Reykjavíkurborg hefur með nýju aðalskipulagi markað þá stefnu að þétta byggð í borginni og byggja fremur á lóðum í eldri hverfum en að þenja borgina meira út. Þetta er góð stefna, sem getur stuðlað að því að bæta borgarbraginn, nýta betur fjárfestingu í veitu- og gatnakerfum, gera almenningssamgöngur hagkvæmari og ýta undir fleiri samgöngumáta en einkabílinn.

Stefnan er hins vegar ekki alveg einföld í framkvæmd. Ólíkt því þegar hverfi eru byggð frá grunni getur þéttingin haft margvísleg áhrif á lífsgæði og rétt íbúa sem fyrir eru í hverfunum.

Undanfarið hafa komið upp tvö dæmi um hvernig á augljóslega ekki að ganga fram við þéttingu byggðar í eldri hverfum. Um miðjan febrúar var íbúum í nágrenni Lýsisreitsins svokallaða í Vesturbænum nóg boðið vegna stöðugra sprenginga fyrir grunni nýs fjölbýlishúss.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Sprengt var alveg við lóðamörkin hjá þeim, nokkra metra frá húsveggnum. Verktakinn og borgaryfirvöld héldu því fram að sprengingarnar væru innan viðmiðunarmarka (sem taka kannski mið af því að verið sé að sprengja einhvers staðar úti í móa en ekki í þéttri byggð) og tryggingafélög vildu fyrir vikið ekki bæta augljósan skaða á sumum húsunum. Með öðrum orðum vildi enginn bera ábyrgð á tjóni og óþægindum íbúanna.

Hildur Sverrisdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og formaður hverfisráðs Vesturbæjar, sagði þá réttilega hér í blaðinu að borgin yrði að taka föstum tökum hver í borgarkerfinu bæri ábyrgðina. „Þegar fyrir liggur að stefna borgarinnar er að þétta byggð er það brýnt hagsmunamál fyrir íbúa að það sé skýrt hver beri ábyrgðina. Framkvæmdir eiga að ganga betur en svo að íbúar séu óöruggir með rétt sinn,“ sagði Hildur.

Í framhaldi af þessu var samþykkt í borgarstjórn, að tillögu sjálfstæðismanna, að setja á fót starfshóp um framkvæmdir á þéttingarsvæðum, til að tryggja að þéttingin yrði í sátt við umhverfið og borgarbúa.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að á sex vikum hefði borgarstjórnarmeirihlutinn ekkert gert í málinu og enginn hópur verið skipaður. Hins vegar smellti meirihlutinn fram svokallaðri verklýsingu fyrir nýtt hverfisskipulag Vesturbæjarins, þar sem gert er ráð fyrir ýmsum þéttingarmöguleikum, til dæmis að byggja á illa nýttum fjölbýlishúsalóðum. Það er ekki galin hugmynd, en íbúum viðkomandi húsa komu áformin í opna skjöldu. Það er engin furða að fólki bregði þegar lagt er til í plaggi frá borginni að bílskúrinn hjá því verði rifinn og byggð blokk í staðinn.

Íbúar gömlu hverfanna ættu oft að sjá sér hag í þéttingu byggðar. En áformin um hana verður að vinna í sátt og samstarfi við íbúana. Ótal spurningar vakna hjá fólki þegar lagt er til að byggja inni í grónum hverfum. Eru skólar og leikskólar í stakk búnir að taka við fleiri börnum? Mun umferð aukast? Mun skyggja á lóðir? Verða nóg bílastæði? Hver bætir hugsanlegar skemmdir eða rask vegna framkvæmda? Þá umræðu þarf að taka strax, ekki skella fram vanhugsuðum hugmyndum sem íbúar líta á sem árás á rétt sinn og hagsmuni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




**Vertu með í kvennaleikfimi**

**Mán., mið. og fös. kl. 16:30**
Hefst 5. maí - 4 vikur
Þjálfari: Inga María
**Verð kr. 15.900.-**

Góð leikfimi fyrir allar konur sem vilja styrkja sig og líða betur.

Upplýsingar í síma 560 1010
eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Betri en Besti

Ný könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sýnir að borgarbúar eru ekki jafn spenntir fyrir Birni Blöndal og þeir voru fyrir Jóni Gnarr fyrir fjórum árum. Jón þurfti ekki kynningar við og vegna þess keyrði kosningabaráttan sig nærri sjálf af fólki sem var algjörlega óvant stjórnmálum.

Nú vilja Reykvíkingar betri tíð með bjartari Degi en kjósendur allra flokka virðast spenntir fyrir honum sem næsta borgarstjóra.

### Hægir hægri menn

Það gengur hægt að stofna nýjan evrópusinnaðan hægri flokk en flokkurinn mun ekki bjóða fram í komandi sveitarstjórnarkosningum. Benedikt Jóhannsson, talsmaður hópsins, bendir reyndar réttilega á að flokkurinn muni byggja stefnu sína á málefnum sem snerta frekar landsmálin en sveitarstjórnarmálin. Það væri að minnsta kosti saga til næsta bæjar ef einangrað sveitarfélag gæfi það út að það stefndi hraðbyri inn í Evrópusambandið.



### Femínísk Framsókn

Framsóknarflokkurinn trillaði mjög óvænt upp á þriðjudag með fjórar konur í efstu fjórum sætum framboðslista síns í Reykjavík. Efst er lögfræðingurinn Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir. Flokkurinn skákar þar með framboði Vinstri grænna en femínistar innan hreyfingarinnar lögðu mikla áherslu á að konur skipuðu efstu sæti listans til að vega upp á móti karlafjölda annarra flokka. Nú er spurning hvort Framsóknarkonur fari óvænt að brenna brjóstahöld í borgarstjórn eða hvort ástæða kvennafjöldans sé hreinlega karlmannaekla.



snaeros@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Lægri barnabætur

FJÁRMÁL



**Oddný G. Harðardóttir**
alþingismaður

Þeir rúmu 10 milljarðar sem Alþingi samþykkti í desember að verja ætti í barnabætur munu ekki skila sér að fullu til barnafjölskyldna. Ástæðan er sú að viðmiðum fyrir tekjur og börn hefur ekki verið breytt.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014 er þessa setningu að finna: „Að standa vörð um nýlegar hækkanir barnabóta er í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um að styðja dyggilega við bakið á barnafjölskyldum.“ Þarna er vísað til þess að sama upphæð sem samþykkt var í fjárlögum 2013 var látin standa óverðbætt fyrir árið 2014. Árið 2013 var 262 milljóna króna afgangur af þeim 10,2 milljörðum króna sem ætlaðir voru til barnabóta.

### Kjör barnafjölskyldna

Tekjur landsmanna hafa hækkað við nýja kjarasamninga. Þar sem tekjuviðmiðum hefur ekki verið breytt við ákvörðun barnabóta í ár munu færri vera innan tekjuviðmiðanna en á síðasta ári og einnig munu fleiri fá lægri bætur en áður. Barnabætur skerðast með nýjum kjarasamningum. Það þýðir að umtalsverður afgangur verður í árslok 2014 sem ekki verður varið til að bæta hag barna. Kannski er þarna fundin leiðin til að mæta viðbótarafslættinum á veiðigjöldum til útgerðarmanna sem nú er til umræðu á Alþingi?

**➜ Barnabætur skerðast með nýjum kjarasamningum. Það þýðir að umtalsverður afgangur verður í árslok 2014 sem ekki verður varið til að bæta hag barna. Kannski er þarna fundin leiðin til að mæta viðbótarafslættinum á veiðigjöldum til útgerðarmanna?**

### Fátæk börn

Lágar tekjur heimila, bæði hvað varðar laun og félagslegar bætur, eru helsta orsök barnafátæktar sem er skammarlega mikil hér á landi. Vanda láglaunafólks mætti þó mæta með almennum hætti með því að hækka barnabætur og þá mest til þeirra sem búa við erfiðustu aðstæðurnar. Þar er stærsti hópurinn barnafjölskyldur sem eiga ekki húsnæði en verja of stórum hluta launa sinna til húsaleigu. Sá hópur fær ekki svokallaða skuldaleiðréttingu hægristjórnarinnar enda skulda þau ekki verðtryggð húsnæðislán. Í stað þess að auka stuðning við barnafjölskyldur er ríkisstjórnin í raun að lækka barnabætur þegar allar greiningar sýna að það eru barnafjölskyldur sem eru í mestum vanda og fátækum börnum fer fjölgandi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Vondu bílaleigurnar

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Skattalögum er breytt svo hagstæðara verður að stofna bílaleigur. Bílaleigum fjölgar. „Hvur þremillinn! Af hverju eru svona margar bílaleigur?“ spyrja stjórnmálamenn. „Það verður að gera eitthvað í þessu!“

Já ,eflaust verður eitthvað gert. Hugsanlega munu menn á vegum skattsins og verkalýðsfélaga skipuleggja rúnt um bílaleigur landsins í því skyni að uppræta „sýndarbílaleigur“. Reykjavíkurborg mun setja starfsmann í fullt starf við að hanga á netinu, hringja í grunsamlegar bílaleigur, tala ensku með uppgerðarhreim og reyna að leigja bíl. Stóru, alþjóðlegu bílaleigurnar munu hugsanlega sýna þessu átaki skilning og jafnvel fagna því. „Við hræðumst ekki samkeppni en við viljum að allir sitji við sama borð“ verður sagt.

Í lok sumars verður svo upplýst að svona og svona margar bílaleigur hafi verið heimsóttar, svona og svona mörg bréf hafi verið send, að einhver óstaðfestur fjöldi fólks sem hafi fengist við þessa iðju hafi blessunarlega gefist upp. Þetta mun þykja til marks um mikinn árangur.

### Hvatar hvetja

Í dag fá bílaleigur afslátt af vörugjöldum vegna kaupa á nýjum bílum. Í nýlegum fréttum var því haldið fram að eitthvað væri um að fyrirtæki stofnuðu bílaleigur og leigðu starfsmönnum sínum bíla. Þeir stjórnmálamenn sem samþykktu þennan afslátt voru auðvitað ekki að hugsa hann sem styrk við hefðbundna íslenska ökumenn heldur sem styrk við hefðbundnar íslenskar bílaleigur. Þeir hrista því nú hausinn yfir því hvernig markaðurinn bregst við þeirra hvötum.

Það liggur raunar ekkert fyrir um umfang þess að menn stofni bílaleigur einungis til að kaupa nýja bíla með afslætti. En sé mönnum illa við að menn geri það þá er auðvitað borðliggjandi að afnema þessa sérstöku afslætti. Þá kemur líka á daginn hvort einhver raunverulegur markaðsgrundvöllur sé fyrir þessari fjölgun bílaleiga. Margt bendir raunar til að svo sé.

### Umhverfisvænar markaðslausnir

Bíll er ekkert sérlega góð fjárfesting. Að kaupa nýjan bíl er dýrt. Að kaupa gamlan bíl er áhættusamt. Gamall bíll getur bilað þannig að ekki borgar sig að gera við hann. Bílaleiga sem á hundrað gamla bíla getur dreift þessari áhættu. Hún rekið eigið verkstæði og náð þannig fram ákveðinni hagkvæmni. Það er engin ástæða til að amast við þessu. Verkaskipting er góð.

Kannski fjölgar bílaleigum einfaldlega vegna þess að aukinn markaður er fyrir þjónustuna sem þær bjóða upp á. Ferðamönnum fjölgar. Ferðamenn þurfa bíla á sumrin. Fólk eins og ég, sem hjólar mikið á sumrin en finnst ekki gaman að hjóla í snjó og myrkri, þarf bíl á veturna. Enda er hægt að fá ágætisdíl á bílaleigubílum utan sumarsins. Svona tekst hinum frjálsa markaði að hámarka nýtingu á bílaflotanum.

### Bíllaus hluta ársins

Mér finnst ekki lífsnauðsynlegt að eiga bíl. En mér finnst gott að hafa aðgengi að bíl. Svipað gildir um nokkra aðra í mínum kreðsum. Og þótt þær kreðsur séu ekki enn ýkja stórar munu þær fara stækkandi miðað við reynslu nágrannaþjóða. Bílaleigur, þar sem fólk getur leigt bíl í lengri tíma eru hagkvæmasta leiðin til að mæta þörfum þessa hóps.

Þegar menn ræða um lausnir fyrir fólk sem telur sig þurfa bíl endrum og eins detta margir inn á hugmyndir um einhver bíldeilingarfélög sem rekin eru með félagslegu og hugsjónalegu ívafi. Ég er efins um slíkar lausnir. Ég hef lítinn áhuga á að reka bílaflota með öðru fólki sem hefur lítinn áhuga á bílum. Mér finnst fínt að þeir sem reki bílaflota hafi áhuga á bílum. Og að þeir fái að græða á þeim áhuga sínum.

### Leyfum markaðnum að ráða

Sérdíla bílaleiga má afnema. Bílaleigur eiga ekki að greiða önnur gjöld af bílum en venjulegt fólk. En þegar maður les fréttum um mikla fjölgun þessara fyrirtækja, og tortryggni manna vegna þeirrar fjölgunar, óttast maður óneitanlega að farin verði önnur leið: Sú leið að drekkja þessum fyrirtækjum í eftirlitsog umsóknaflóði. Til að uppræta hitt og þetta. Til að tryggja það að hinn frjálsi markaður geri nú ekki eitthvað annað en akkúrat það sem hinir vitru stjórnmálamenn hafi ætlað honum að gera.

# Skuldaleiðrétting Hægri grænna

FJÁRMÁL
Helgi Helgason
formaður Hægri grænna, flokks endurreisnar- og sjálfstæðissinna



➔ **Tillögur Hægri grænna í þessum efnum eru enn í fullu gildi. Ef fer fram sem horfir eru þær að mínu mati það eina sem getur komið í veg fyrir annað hrun í þjóðfélaginu.**

Nú er það óðum að skýrast að aðgerðir ríkisstjórnarinnar í skuldamálum heimilanna eru hvorki fugl né fiskur. Enn einu sinni eru þeir sem mest þurfa á leiðréttingu lána sinna að halda skildir eftir upp á náð og miskunn hrægammanna í bönkunum. Mjög margir hafa orðið fyrir sárum vonbrigðum með þær aðgerðir sem ríkisstjórnin boðar miðað við það sem talað var um í kosningabaráttunni og þörf er á, að minnsta kosti hvað Framsóknarflokkinn varðar.

Ég held að margir hafi áttað sig á því hvað væri í uppsiglingu þegar Frosti Sigurjónsson steig í pontu á Alþingi og kastaði blautri tusku framan í kjósendur Framsóknarflokksins með því að lýsa því yfir að þeir sem hefðu farið 110% leiðina fengju ekkert frekar. Það er nefnilega þannig að flestallir sem fóru 110% leiðina standa í sömu sporum í dag. Tillaga sjálfstæðismanna um að fólk geti notað séreignarsparnaðinn sinn til niðurgreiðslu lána er í besta falli ósvífin.

Tillögur Hægri grænna í þessum efnum eru enn í fullu gildi. Ef fer fram sem horfir eru þær að mínu mati það eina sem getur komið í veg fyrir annað hrun í þjóðfélaginu. Hægri grænir, flokkur endurreisnar og sjálfstæðissinna, vilja að sett verði sérstök neyðarlög fyrir heimilin. Hægri grænir eru með lausnina. Hagfræðingar hafa staðfest að þessi lausn sé gerleg enda hefur hún nú þegar verið notuð í Bandaríkjunum og björguðu þeir sínu húsnæðiskerfi með henni.

Þessi lausn kæmi til framkvæmda strax með neyðarlögum. Þannig væru heimilin í landinu búin að fá allt að fimmtíu prósenta leiðréttingu, eftir því hvenær lánið var tekið, á íbúðaláninu sínu ekki seinna en þremur til fjórum vikum eftir gildistöku laganna. Nýja lánið yrði frá þeim degi óverðtryggt með föstum vöxtum og afborgunarbyrði getur lánþegi sjálfur stillt af, þannig að afborgunarbyrði væri til dæmis ekki hærri en tuttugu prósent af útborguðum launum eftir skatta. Þetta er skýr lausn og kostar skattgreiðendur ekki eina krónu. Í kjölfarið afnemum við verðtryggingu á neytendalánum og tökum upp nýja mynt, ríkisdal, og tengjum hana við Bandaríkjadal. Nánari útskýringar eru á xg.is.


# Sunnlenski sveitadagurinn 2014

**Selfossi, laugardaginn 3. maí kl. 12:00 - 17:00**

**Á athafnasvæði Vélaverkstæði Þóris og Jötun Véla að Austurvegi 69.**

- Fjölbreytt skemmtiatriði fyrir alla fjölskylduna.
- Heilgrillað naut, SS-pylsur, lambakjöt og svínakjöt á grillinu og margt fleira.
- Bændamarkaður – beint frá býli, gerið góð kaup
- Íslandsmeistaramót í baggakasti, afreksmenn glíma og andlitsmálun fyrir börnin.
- Kynnist dýrunum í sveitinni, lömb, folöld, svín, geitur, hundar, fiðurfé og hænubingó.
- Dráttavélaakstur fyrir börn á þrautabraut.
- Uppboð á hvíta kálfinum til minningar um Gauta Gunnarsson frá Læk – ágóðinn rennur til Héraðssjúkrahúss Suðurlands á Selfossi.
- Glens og grín með Jóa G.



VÉLAVERKSTÆÐI ÞÓRIS
JÖTUNN VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

# Hækkun frístundakortsins

FRÍSTUNDIR



Eva H. Baldursdóttir
varaformaður ÍTR og frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavík

**➜ Fyrst þarf að lækka frístundakostnað barnafólks en fjárhagur foreldra má ekki hafa áhrif á tækifæri barna og unglinga til þátttöku.**

Þátttaka barna og unglinga í skipulagðri æskulýðsstarfsemi, til dæmis í íþróttum, tónlist og dansi, hefur mikið forvarnargildi eins og rannsóknir hafa sýnt. Þátttakan skapar festu í lífi einstaklingsins og veitir umgjörð um vinasamskipti á jafningjagrundvelli, en í frístundastarfi eru börnin allajafna á eigin forsendum.

**Jöfn tækifæri**

Eitt meginmarkmið okkar jafnaðarmanna er að tryggja jöfn tækifæri. Það leiðir til þess að markmið okkar starfs í Reykjavík þegar kemur að skipulagðri æskulýðsstarfsemi er að stuðla að jöfnu aðgengi barna og unglinga óháð aðstæðum, hvort heldur félagslegum eða fjárhagslegum til dæmis vegna uppruna eða vegna fátæktar. Við teljum að það sé hlutverk okkar að tryggja að öll börn búi við það umhverfi að þau geti hlúð að sínum hæfileikum. Með því sköpum við heilbrigt, gefandi og hamingjuríkt samfélag.

**Okkar verk**

En hvað höfum við gert í borginni? Árið 2011 settum við að stað verkefnið Ódýrari frístundir – til að stuðla að aukinni þátttöku í frístundum og ná til jaðarhópa. Jafnframt var unnið að því að sporna við brottfalli. Eftir hrun og í niðurskurði í kjölfar þess stóðum við vörð um frístundastyrkinn „frístundakortið“ sem gildir fyrir 6-18 ára, og hækkuðum fjárhæð kortsins um 20 prósent núna í ár. Að sama skapi hefur verið lagt upp með að tryggja fjölbreytt framboð þannig að hver geti fundið frístundastarf við sitt hæfi. Tölur sýna að þátttaka barna í skipulagðri æskulýðsstarfsemi hefur aukist frá árinu 2009 og boðið er upp á talsvert fleiri greinar í dag en árið 2009.

**50 þúsund króna styrkur**

En við viljum gera betur. Fyrst þarf að lækka frístundakostnað barnafólks en fjárhagur foreldra má ekki hafa áhrif á tækifæri barna og unglinga til þátttöku. Þátttaka í frístundastarfi er einn stærsti kostnaðarliður heimilanna, einkum fyrir barnmargar fjölskyldur. Í dag eru þátttökugjöld að meðaltali um 60.000 krónur á ári í íþróttum, um 72.000 krónur í dansi og 122.000 krónur í tónlist. Sá kostnaður er án kostnaðar fyrir búnað eða hljóðfæri sem nauðsynleg eru fyrir viðkomandi grein. Ljóst er að kostnaður hjá pari með þrjú börn á aldrinum 6-18 ára í frístundastarfi getur farið vel yfir 250.000 á ári, ef miðað er við þátttökugjöldin ein og sér og aðeins eitt starf á hvert barn. Þess vegna ætlum að hækka frístundakortið upp í 50 þúsund kr. í skrefum á næsta kjörtímabili, í samráði við íþrótta- og æskulýðshreyfinguna. Þannig tryggjum við jöfn tækifæri barna og unglinga, hugum að fjárhag barnafjölskyldna og hvetjum til lýðheilsu á sama tíma.

# Þessi dásamlega pláneta

UMHVERFISVERND



Gunnar Kvaran
sellóleikari og fv. prófessor við Listaháskóla Íslands

Manneskju sem hefur ævinlega lifað við hestaheilsu er kannski eðlilegt að taka þessari heilsu eins og sjálfsögðum hlut, líkt og sólinni sem kemur upp í austri dag hvern. En ekkert í þessu lífi er sjálfsagt eða sjálfgefið. Heilsufari jarðarinnar verður því miður ekki líkt við hestaheilsu.

Gegndarlaus ásókn mannsins í auðævi jarðarinnar hefur veikt heilsu hennar og hún stynur undan þessari hræðilegu misbeitingu mannskepnunnar. Knúin áfram af taumlausri græðgi sem engu eirir er manneskjan búin að knýja jörðina að hættumörkum, sem geta orðið mannkyninu örlagarík ef fram heldur sem horfir.

Sífellt fleiri vísindamenn og sérfræðingar hallast nú að þeirri skoðun að hlýnun jarðar (gróðurhúsaáhrif) sé ekki síst af mannavöldum. Fjölmargar alþjóðlegar ráðstefnur um loftslagsbreytingar hafa verið haldnar á undanförnum árum með sorglega litlum árangri. Öll stærstu iðnríki heims, sem að sjálfsögðu menga mest, færast undan eða neita að undirskrifa samninga sem hefðu það að markmiði að minnka mengun í andrúmslofti á láði og legi. Hvað veldur?

Að sjálfsögðu kosta nauðsynlegar breytingar fórnir, en hversu stórar eru þær fórnir miðað við raunverulegar hamfarir allrar jarðarinnar eða mikils hluta hennar, til dæmis í formi hungursneyða og flóða? Það er eðlilegt og sjálfsagt að mannkynið njóti sér frjósemi og gjafmildi jarðarinnar, en það er herfileg misnotkun sem er nú að koma okkur í koll.

**Mikil ábyrgð**

Við eigum ekki Móður Jörð! Okkur hefur verið trúað fyrir þessari dásamlegu plánetu sem við höfum fengið til afnota, því fylgir mikil ábyrgð.

Nýjasta og nærtækasta dæmið um þessi mál eru norðurslóðir. Það er auðvelt að sjá glampann í augum þeirra þjóða sem nú beina sjónum sínum að Grænlandi, því jökullinn er að bráðna og þá eygja menn mikinn gróða. Í öllum þessum fréttum, ráðstefnum og umtali um möguleika norðurslóða, líka fyrir Ísland, er umræða eða umhugsun um afleiðingar bráðnunarinnar nánast ekki nefnd. Það er eins og stundargróðinn loki augum manna fyrir heildarsýn á þessi mál.

Það er vísindaleg staðreynd að hundruð ef ekki þúsundir plantna og dýrategunda deyja út árlega og víða eru margar dýrategundir í mikilli útrýmingarhættu. Gefur þetta ekki skýr skilaboð um áhrif mengunar á vistkerfi jarðarinnar, um ábyrgð okkar og alvöru málsins?

Ég lifi enn í þeirri von að okkur takist að snúa þessari óheillavænlegu þróun við en til þess þarf hugarfarsbreytingu svo um munar. Ég vona að þeir sem þekkja mátt bænarinnar biðji fyrir ráðamönnum þessa heims. Það er ábyggilega ekki alltaf auðvelt fyrir þessa ráðamenn að fylgja rödd hjarta síns í mikilvægum ákvörðunartökum, því sótt er að þeim úr öllum áttum og þar eru auðhringar, stórfyrirtæki og hagsmunaaðilar úr fjármálaheimi fremstir í flokki. Í þessu máli er framtíð jarðarinnar í húfi.

Að lokum læt ég fylgja með þessu greinarkorni litla hugleiðingu um jörðina sem kom til mín í flugi á leið til Kaupmannahafnar frá Beijing sumarið 2012. Það sást til jarðar nánast alla leiðina því veður var einstaklega heiðskírt og bjart.

**➜ Ég lifi enn í þeirri von að okkur takist að snúa þessari óheillavænlegu þróun við en til þess þarf hugarfarsbreytingu svo um munar. Ég vona að þeir sem þekkja mátt bænarinnar biðji fyrir ráðamönnum þessa heims. Það er ábyggilega ekki alltaf auðvelt fyrir þessa ráðamenn að fylgja rödd hjarta síns í mikilvægum ákvörðunartökum, því sótt er að þeim úr öllum áttum og þar eru auðhringar, stórfyrirtæki og hagsmunaaðilar úr fjármálaheimi fremstir í flokki. Í þessu máli er framtíð jarðarinnar í húfi.**

**Lofsöngur til jarðar**

*Ó, þú dásamlega pláneta.*
*Nú hef ég svifið yfir lendum þínum í fljúgandi áldreka.*
*Yfir fjöllum, ökrum, eyðimerkum, skógum, vötnum og fljótum.*
*Í sjónhending skynjað fegurð þína, frjósemi,*
*stórbrotið form þitt og mikilfengleik.*
*Í þúsundir ára hefur þú*
*nært okkur, fætt og klætt.*
*Mikil er ábyrgð okkar nú á ögurstund.*
*Erum við verð þess trausts sem þú hefur sýnt okkur*
*með fordæmi þínu og ólýsanlegu jafnaðargeði?*
*Við börnin þín höfum nú mátt til að knýja þig til uppgjafar*
*og þar með binda endi á sköpun þína, fegurð og umhyggju.*
*Eru þetta örlög barna þinna:*
*að skera endanlega á þann lífsstreng*
*sem enn titrar og hljómar?*

**FRÉTTABLAÐIÐ** ER HELGARBLAÐIÐ







MILLJÓNASTI FLÓTTAMAÐURINN

Þrjú ár eru síðan stríðið braust út í Sýrland og um þrjár milljónir hafa nú flúið landið. Helmingurinn eru börn. Ljósmyndarinn **Páll Stefánsson** deilir áhrifaríku ferðalagi sínu til Líbanons og Sýrlands í máli og myndum.

**Rómantík á tökustað**

Það er margt líkt í starfi hjá leikkonunni **Ágústu Evu Erlendsdóttur** og **Jóni Viðari Arnþórssyni** formanni Mjölnis. Þau byrjuðu saman við tökur á kvikmyndinni Borgríki 1 og endurtaka nú leikinn í framhaldsmyndinni Borgríki 2 sem frumsýnd verður í haust.



**Komumst við áfram?**

Fréttablaðið skoðar keppinauta **Pollapönks** í fyrri undanúrslitakeppni Eurovision sem fer fram á þriðjudagskvöldið en laginu Enga fordóma með sveitinni er ekki spáð góðu gengi.



FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | visir.is

**HELGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS** *Ómissandi hluti af góðri helgi*







Skápur
áður 159.900,-
**nú 120.000,-**

ANTON&BERGUR

Skenkur
áður 199.900,-
**nú 99.950,-**



Stofuborð
áður 79.900,-
**nú 39.900,-**





Skápur
áður 199.900,-
**nú 99.950,-**

Borð
áður 49.900,-
**nú 19.900,-**

# VALIN HÚSGÖGN Á AFSLÆTTI

# SUMAR RÓMANTÍK



Boston sófi
áður 279.900.- nú **251.910.-**

10% afsláttur af
Boston sófalínunni

Kertaglös 2.990,-

Kertaglas
1.590,-

Könnur 3.990,-

Drink coffee
skilti 790,-

Myndir 1.190,-

Ilmpúðar 1.990,-

Balar frá 2.990,-

Bakki 4.990,-

Lukt
12.990,-

Hnöttur
15.990,-

Kassi 2.990,-

Blómapottur 6.990,-

Kertaglas
990,-

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

## MERKISATBURÐIR

**1615** Þrettán skip farast og áttatíu menn drukkna í aftakaveðri á Breiðafirði.

**1897** St. Paul, franskt spítalaskip, strandar við Klöpp í Reykjavík. Skipið náðist út.

**1919** Tuttugu ljósmæður stofna Ljósmæðrafélag Íslands, fyrsta stéttarfélag faglærðra kvenna á Íslandi.

**1945** Sovétmenn lýsa því yfir að Berlín sé fallin í hendur þeirra.

**1957** Tvær nýjar millilandaflugvélar, Hrímfaxi og Gullfaxi, koma til landsins.

**1992** Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra undirritar samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem er upp á tuttugu þúsund blaðsíður.

**ÞETTA GERÐIST:** 2. MAÍ 1970

# Búrfellsvirkjun var tekin í notkun



Búrfellsvirkjun var vígð og formlega tekin í notkun þennan dag árið 1970. Hún var mesta mannvirki sem Íslendingar höfðu ráðist í og fyrsta stórvirkjun Landsvirkjunar, 210 megavött. Mest unnu tæplega 800 manns við byggingu Búrfellsvirkjunar og á tímabili urðu verktafir vegna skorts á vinnuafli.

Um sex hundruð gestir voru viðstaddir vígsluna. Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, flutti ræðu þar sagði hann meðal annars að þjóðin hefði nú endurheimt Þjórsárdal og skírskotaði þar til eyðingar byggðar í dalnum fyrr á tímum.

Að ræðuhöldum loknum ræsti forsetinn aflvélarnar. Þungur gnýr barst að eyrum þegar straumur Þjórsár tók að snúa hverflum þessa stóra orkuvers.

Á framhlið stöðvarhússins er stór lágmynd eftir Sigurjón Ólafsson.



**SPENNANDI** Börnin hlusta af athygli á spennandi álfasögu.
MYND/ÞJÓÐMINJASAFN

# Álfasögur lesnar í silfurhellinum

### Börnum er boðið að hlusta á álfasögur í silfurhelli í Þjóðminjasafninu á sunnudaginn klukkan 14.

Álfasögur verða lesnar fyrir börn í silfurhelli í Þjóðminjasafninu á sunnudaginn og hefst lesturinn klukkan tvö. Hellirinn er hluti sýningarinnar Silfur Íslands sem uppi er í Bogasal safnsins. Að lestrinum loknum fá börnin höfuðljós og skoða dýrgripi silfurhellisins undir leiðsögn safnkennara.

Viðburðurinn er liður í Barnamenningarhátíð. Sýningunum Teiknibókin lifnar við eftir nemendur Myndlistaskólans í Reykjavík, Ég og jörðin eftir börn í Ingunnarskóla og örsýningu á óróum eftir nemendur í Stakkaborg er að ljúka.

\- gun



**VIÐ UPPSETNINGU Á SÝNINGUNNI** Anna Pétursdóttir, Sveingerður Hjartardóttir, Ríkey Ríkharðsdóttir, Helga Erla Hjartardóttir, Helga Ólafsdóttir, Aðalheiður Franzdóttir og Ragnhildur G. Guðmundsdóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR SIGURÐSSON

# Sjóslys urðu kveikjan að Mæðrastyrksnefnd

### Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur var stofnuð í kjölfar strands togarans Jóns forseta árið 1928, er margar mæður urðu ekkjur. Sögusýning um nefndina verður opnuð á sunnudag.

„Þjóðin missti gríðarlega marga menn í hafið á ofanverðri 20. öldinni. Þegar maður fer að setja sig inn í þá sögu þá trúir maður henni varla. Sjóslysin sköpuðu sára neyð á fjölda heimila og urðu kveikjan að stofnun Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur.“ Þetta segir Helga Ólafsdóttir, bókasafnsfræðingur og ein kvennanna í Mæðrastyrksnefnd sem opna sögusýningu í húsnæði nefndarinnar í austurenda hússins að Hátúni 12b á sunnudaginn klukkan þrjú.

Það var einmitt eftir strand togarans Jóns forseta við Stafnes 28. febrúar 1928 og fleiri sjóslys sem urðu um svipað leyti sem kvenfélög í Reykjavík stofnuðu Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur. Með Jóni forseta fórust fimmtán af tuttugu og fimm mönnum um borð og með öðrum skipum fóru heilu áhafnirnar í sjóinn. Margar mæður urðu ekkjur, börn misstu feður sína og aldraðir foreldrar urðu fyrirvinnur.

Á sýningunni í Hátúni 12b eru fræðandi veggspjöld sem nefndarkonur hafa unnið í samvinnu við Prentsmiðjuna Odda. „Ég er búin að lesa mikið í bókum Steinars Lúðvíkssonar, Þrautgóðir á raunastund, sem eru frábærar heimildir. Mörgum sjóslysum eru líka gerð skil í Öldinni okkar í fréttastíl en í bókum Steinars eru virkilegar lýsingar á atburðum,“ segir Helga Ólafsdóttir.

Saga Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur lýsir meðal annars baráttunni fyrir réttindum kvenna og barna og seiglu þeirra við að fá styrk til einhleypra mæðra viðurkenndan á Alþingi og í bæjarstjórn. „Fyrsti formaðurinn, Laufey Valdimarsdóttir, hefur verið mikil baráttukona og þjóðin mætti minnast hennar meira og oftar,“ segir Helga.

Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur hefur starfað óslitið síðan 1928 og þörfin er alltaf brýn, að sögn Helgu, þrátt fyrir félagslegar umbætur í samfélaginu í áranna rás. Nú fyrir páska þáðu til dæmis rúmlega 900 heimili mataraðstoð.

Allir eru velkomnir á sýninguna í húsi Mæðrastyrksnefndar í Hátúni 12b sem opnuð verður á sunnudag, ekki síst afkomendur sjómannanna á Jóni forseta.

gun@frettabladid.is



**JÓN FORSETI** Strand togarans 1928 varð mikill áhrifavaldur í íslensku samfélagi.

†



Útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**MAGNÚSAR GUÐMUNDSSONAR**
**fyrrverandi eftirlitsflugstjóra og flugeftirlitsmanns,**

sem lést 27. apríl sl., fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 5. maí nk. kl. 13.00.

**Agnete Simson**
**Bragi Magnússon**
**Guðný Magnúsdóttir**
**Guðmundur Magnússon** **Ragnhildur Gunnarsdóttir**
**Una Þóra Magnúsdóttir** **Hörður Högnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, afa, tengdaföður, sonar, bróður, tengdasonar og mágar

**SVAVARS SÆMUNDAR TÓMASSONAR.**

Sérstakar þakkir til allra þeirra sem komu að björgunaraðgerðum.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Rannveig Raymondsdóttir.**

†



Okkar yndislega systir, mágkona og frænka,

**HILDUR JÓNSDÓTTIR**
**frá Raufarhöfn,**
**Engihjalla 19, Kópavogi,**

sem lést á Landspítalnum við Hringbraut föstudaginn 18. apríl, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 6. maí kl. 13.00.

**Margrét Jónsdóttir**
**Árni Stefán Jónsson** **Helga Ingibergsdóttir**
**Jakobína Jónsdóttir**
**Maria Hedin Jónsson**
**og systkinabörn.**



## LAY LOW Í CAFÉ ROSENBERG

**Lay Low verður með tónleika á Café Rosenberg annað kvöld kl. 21.30. Þar flytur hún eldra efni í bland við það nýja. Lay Low er á fullu að vinna að útgáfu nýútkominnar plötu, Talking About the Weather, á erlendri grundu og heldur til Englands eftir helgi í tónleikaferð.**


BE
LLA
VISTA
ÁHRIFARÍK
LEIÐ TIL AÐ VIÐHALDA
GÓÐRI SJÓN




BELLAVISTA er eitt öflugasta fæðubótarefnið á markaðnum fyrir sjónina. Náttúrulegir plöntukjarnar ásamt vítamínum og steinefnum sem gegna mikilvægu hlutverki í að viðhalda góðri og skarpri sjón langt fram eftir aldri. Í BELLAVISTA er hátt hlutfall af bláberjaþykkni og lúteini.

Kynntu þér BELLAVISTA á www.gengurvel.is

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að salvíu- og sítrónugraskrydduðum kjúklingi með maísmauki. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

## SALVÍU- OG SÍTRÓNUGRASKRYDDAÐUR KJÚKLINGUR MEÐ MAÍSMAUKI

**FYRIR 4**

1 heill kjúklingur
1 msk. rifið sítrónugras
1 msk. salvía, smátt söxuð
2 msk. steinselja, smátt söxuð
1-2 hvítlauksgeirar smátt saxaðir, má sleppa
100 g smjör, bráðið
Salt og nýmalaður pipar
400 g kartöflur, skornar til helminga
2 msk. olía
2 msk. tímíanlauf

Losið haminn frá bringunni með því að smeygja hendinni undir haminn og losa hann alveg niður að lærum. Blandið saman salvíu, sítrónugrasi, steinselju, hvítlauk og smjöri og hellið undir haminn. Kryddið fuglinn með salti og pipar. Færið fuglinn í eldfast mót og raðið kartöflunum með sárið upp í kringum fuglinn. Penslið kartöflurnar með olíu og kryddið með salti, pipar og tímíanlaufum. Færið mótið í 180°C heitan ofn í 60–70 mínútur eða þar til kjarnhiti sýnir 70°C. Berið fuglinn fram með kartöflunum, maísmaukinu og salati.



**MAÍSMAUK**

300 g maís, ferskur, frosinn eða niðursoðinn
2 dl rjómi, mjólk eða léttmjólk
30 g smjör
Salt og nýmalaður pipar

Setjið allt í pott nema smjör og sjóðið við vægan hita í 10 mínútur. Hrærið reglulega í með sleif. Færið þá allt úr pottinum í matvinnsluvél og maukið vel ásamt smjörinu. Berið fram heitt.





20% afmælisafsláttur af öllum vörum fram á laugardag.

Barnafataverslunin Róló Glæsibæ.
Sími 8948060 • www.rolo.is • Facebook
RÓLÓ

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is






Hringdu núna!
Sæktu eða fáðu matinn sendan heim
588 9899

HEILSURÉTTIR

065
Eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti
Orka, kkal 92 Prótein 10,8 gr Kolvetni 10,2 gr Fita 1,4 gr
980 | 1340

Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum.
Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli.
*Án salts og sykurs.*

NINGS

Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00 - Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði | www.nings.is

# TÖFFARARNIR ENDURVAKTIR

**ROKK OG RÓL** *Tvennir tónleikar til heiðurs* Guns N‘ Roses verða haldnir um helgina. Plata þeirra, Appetite for Destruction, er ein þeirra sem breyttu rokksögunni.

Í sumar verða sautján ár síðan rokkhljómsveitin goðsagnakennda Guns N‘ Roses sendi frá sér tímamótaplötuna Appetite for Destruction. Platan er ein þeirra sem breyttu rokksögunni en fimmmenningarnir frá Kaliforníu ruddust fram á sjónarsviðið með þvílíkum töffaraskap og látum að annað eins hafði ekki sést í langan tíma. Sveitin hafði gríðarleg áhrif á milljónir manna og þar á meðal fimm unga pilta á Íslandi sem í dag og á morgun ætla að halda tvenna tónleika þeim til heiðurs. Franz Gunnarsson, gítarleikari Heiðurssveitarinnar, eins og hún nefnir sig, var nýfermdur þegar platan kom út og man mjög vel eftir þeim áhrifum sem hún hafði á hann. „Platan var algjör himnasending. Ég var nýfermdur og nýbúinn að eignast gítar og magnara. Á þessum tíma var ég að hlusta á gamla rokkið, til dæmis Led Zeppelin og Black Sabbath, en síðan kemur Appetite for Destruction út og það verður algjör sprenging.“




Hann segir hljómsveitina hafa haft allan pakkann. „Þeir voru með svakalegt „attitude“, rosalega stæla og töffaraskap. Svo má ekki gleyma því að tónlistin þeirra var frábær. Þeir spörkuðu rækilega í rassinn á rokksenunni á þeim tíma sem innihélt að mestu leyti hármetalbönd eins og Poison og Mötley Crüe.“

Heiðurssveitin mun taka lög frá öllum ferli Guns N´ Roses utan The Spaghetti Incident?-plötunnar sem skorar ekki hátt hjá þeim félögum. „Eðlilega tökum við mest frá Appetite og nokkur vel valin lög frá Use Your Illusion-plötunum. Við tökum einnig fram kassagítarana og tökum rólegu lögin frá Lies.“

Franz býst við frábærri stemningu en hljómsveitin hélt eina sambærilega tónleika í fyrra. „Þá klæddum við okkur upp og héldum svakalega tónleika á Gauknum. Það var troðfullt og brjáluð stemning. Fólk mætti í rifnum gallabuxum og gaddaólum og lifði sig alveg inn í stemninguna. Því var mikil pressa á okkur að endurtaka leikinn og það gerum við um helgina.“

Fyrri tónleikarnir verða í kvöld á SPOT í Kópavogi og þeir seinni á morgun á Græna hattinum á Akureyri.



**ROKKHETJUR** Með útgáfu plötunnar Appetite for Destruction árið 1987 sparkaði Guns N´Roses rækilega í rassinn á rokksenunni.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

20-40%
afsláttur af öllum vörum



Siffon mussurnar komnar
Áður kr 12.900
nú aðeins kr 6.990
Stærð medium til XXL

viltu minnka um tvær stærðir
Aðhaldsleggings



Háu aðhaldsbuxurnar komnar
Verð áður kr 9.900
nú aðeins kr 6.990
Stærð small til XXL

COSMO
Kringlunni

# Lífið

FÖSTUDAGUR
2. MAÍ 2014

*Andrea Jonsdottir hjúkrunarfræðingur*
**BLOGGAR UM TÍSKUVIÐBURÐI Í KÖBEN 2**

*Sara Lind Pálsdóttir tískudrottning*
**MIKILVÆGT AÐ VERA ÞAKKLÁT Í LÍFINU 4**

*Lína Rut Wilberg listakona*
**SKAPAR FALLEG VERK MEÐ SYNI SÍNUM 10**



*Urður Hákonardóttir*

## SKILGREINI MIG EKKI SEM GUSGUS-MEÐLIM

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

# HVER ER?



**Nafn?**
**Unnur Eggertsdóttir.**

**Aldur?**
21 árs.

**Starf?**
Dagskrárgerðarkona, danskennari og Solla stirða. Svo syng ég stundum fyrir pening. Ég kann líka að baka brauð.

**Maki?**
Já, takk. Hann þarf að kunna að elda og horfa á mig dansa. Og hlusta á mig syngja. Og elska mig. Eðlilega.

**Stjörnumerki?**
Krabbi. Tengi samt bara við hann þegar ég les stjörnuspána hennar Siggu Kling. Og rétt fyrir jólin þegar mikið liggur við.

**Hvað fékkstu þér í morgunmat?**
Simmi Vill bauð starfsmönnum sínum upp á rúnstykki, ávexti og vínarbrauð.

**Uppáhaldsstaður?**
Alveg sama hvar, svo lengi sem það er sól, tónlist og gott fólk.

**Hreyfing?**
Dans (bæði í Dansstudio World Class og B5) og hot jóga.

**Uppáhaldsfatahönnuður?**
Ég hef vandræðalega lítið vit á svona. Er JÖR ekki svo heitur núna?

**Uppáhaldsbíómynd?**
Forrest Gump og Love Actually (hún er svo miklu meira en bara jólamynd).

# HVERJIR HVAR?

Á mánudag var mikið að gerast innan leiklistargeirans í Tjarnarbíói. Þá var dagskrá komandi leikárs kynnt og var margt um manninn. Þangað mætti m.a. **Elma**



**Lísa Gunnarsdóttir** leikkona. Fjölmörg leikverk voru kynnt við góðar undirtektir. **Arndís Hrönn Egilsdóttir** var á svæðinu og Saga Sigurðardóttir dansari. Einnig var hinn góðkunni leikari **Guðmundur Ingi Þorvaldsson** viðstaddur skemmtilegheitin.











# BLOGG THE INSIGHT FER BAK VIÐ TJÖLDIN

***Andrea Jonsdottir býr í Kaupmannhöfn og heldur úti blogginu theinsight.dk ásamt Signe Brynjolf Madsen vinkonu sinni en þær starfa báðar sem hjúkrunarfræðingar.***

Hún fæddist á Íslandi en fluttist með foreldrum sínum til Danmerkur þegar hún var barn og hefur búið þar mestan hluta ævinnar. Andrea er hjúkrunarfræðingur að mennt en vegna vaktavinnunnar gefst tími til að sinna aðaláhugamálinu: að skoða og blogga um tískuheiminn. „Mörg bloggin snúast um að pósta myndum af sjálfri sér og oft fylgir þeim lítill texti. Okkar hugmynd var að komast á bak við tjöldin og taka viðtöl við stílista, hönnuði og fólk í bransanum almennt. Það hafa allir einhverja sögu að segja sem er áhugavert að lesa og mér finnst spennandi að skrifa um fólk og kynnast hugsuninni á bak við alla hluti," segir Andrea Jonsdottir



sem hefur rekið tískubloggið The Insight síðastliðið ár ásamt vinkonu sinni, Signe Brynjolf Madsen. Andrea segir að mikil vinna fylgi því að viðhalda blogginu og oft og tíðum hafi það verið erfitt að sannfæra fólk um að tala við hana. Það hafi þó eingis ýtt meira undir áhugann. Vinkonurnar komu til Íslands á Reykjavík Fashion Festival og sögðust hafa fengið góða upplifun á íslensku tískuvikunni, sem er heldur minni en gengur og gerist í Kaupmannahöfn. „Sýningarnar voru allar á einum degi sem var mjög þægilegt. Ég hef lítið verið að fylgjast með íslenskri hönnun svo það er gott að sjá hvað er að gerast og skoða hvað Íslendingum finnst flott," segir Andrea.




# LIST MAGNAÐAR MYNDIR ÚR TÓMATSÓSU OG SANDI

***Brynjar Björnsson gerir skemmtilegar myndir úr matvælum og sandi til að fjármagna dansinn.***

Ég er að gera myndir úr hveiti, sandi, sykri og jafnvel tómatsósu. Þetta er eins konar endurnýjunaraðferð hjá mér en ég ákvað bara að fara í eldhússkápana og prófa mig áfram," segir hinn 17 ára Brynjar Björnsson sem stundar nám á myndlistarbraut í Fjölbrautarskólanum í Garðabæ. Brynjar segist hafa heillast af myndlist og sköpun fyrir alvöru þegar hann sótti starfskynningu hjá Bjarna Þórs, listamanni á Akranesi, og ákvað þá að þreifa fyrir sér í listinni.„Ég teikna með blýanti eða penna en var spenntur fyrir þessum fræðum að nota matvæli eða önnur efni í myndirnar mínar. Sandinum helli ég á plötu og teikna með puttanum. Síðan spreyja ég þetta með hárlakki og þá helst þetta voðalega vel." Klippimyndir og betrekktir stólar með gömlum nótnabókum og teiknimyndablöðum eru einnig verkefni sem hann hefur verið að sinna af miklum eldmóði.

Listin á þó ekki einungis hug hans allan því hann sinnir dansíþróttinni af fullum krafti hjá Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar ásamt kærustu sinni og dansfélaga, Perlu Steingrímsdóttur. Parið tók þátt í Ísland got talent fyrir skömmu og stóð sig með prýði í keppninni. Brynjar stefnir á myndlistarnám erlendis þegar hann klárar skólann því þar getur hann einnig sinnt dansinum betur. „Dansinn er svo dýr íþrótt svo ég hef verið að fjármagna dansinn með sölu á myndunum mínum. Þá get ég keypt nýja danskó og búninga. Þetta hefur bara gengið vel hingað til og ég er voðalega þakklátur að fólki líki myndirnar mínar." Hægt er að skoða myndirnar nánar á Brynjars artwork á Facebook.







**Lífið**
www.visir.is/lifid

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Umsjón **Marín Manda Magnúsdóttir** marin@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Vilhelm Gunnarsson**

AXEL 3,5 sæta frá Montis
verð áður 974.000.-
Tilboðsverð:
598.000.-

montis



Ótrúlega góð
afmælistilboð

TILBOÐIN GILDA
TIL 31. MAÍ

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurflugvöllur / 5687733 / www.epal.is

epal

louis
poulsen

PH 3½-3 Kopar
Tilboðsverð:
198.000.-





# FATASKÁPURINN
## ÉG FÍLA EKKI MIKINN GLANS OG GLIMMER

***Guðrún Jóna Stefánsdóttir er að læra mannfræði og fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands. Hún segist vera mikið fyrir að klæða sig upp hversdagslega og vill alls ekki mikinn glans og glamúr nema við hátíðleg tækifæri. Áhugamálin snúa aðallega að hreyfingu og tísku en hún stundar jóga og kennir fimleika í Gróttu.***





1
**Blómagollan**
Þetta er kímónó sem ég keypti á fatamarkaði fyrir nokkrum árum. Ég gróf hann upp og er rosalega ánægð með hann, en svona kímónóar eru mikið í tísku núna.

2
Þessar fékk ég á fatamarkaði á Prikinu. Þetta eru háar pokaleðurbuxur. Ég er meira fyrir að kaupa mér föt sem ég get notað bæði hversdags og fínt. Annaðhvort klæði ég það svo upp eða niður.

3
**Farmers Market-peysan**
Ég fékk hana í jólagjöf frá kærastanum. Hann koma mér svolítið á óvart. Ég kaupi mér ekki mikið af fötum sjálf hér heima nema á mörkuðum eða í Kolaportinu, svo það er æðislegt að fá falleg föt að gjöf. Þessi peysa er ótrúlega þægileg og ég get notað hana rosalega mikið. Hún er hlý og fín og í miklu uppáhaldi.

4
**Burberry-jakkinn**
Ég fékk jakkann í afmælisgjöf frá Rúnari kærasta mínum og þetta er besti jakki sem ég hef eignast. Hann er úr Geysisbúðinni sem er uppáhaldsbúðin mín. Ég get notað hann við allt. Bæði í skólann og þegar ég er að fara út eitthvað aðeins fínna.

5
**Pallíettutoppurinn**
Ég fékk þennan í Spútnik fyrir um tíu árum. Ég keypti hann fyrir árshátíð hjá 17 þegar ég var 17 ára og vaknaði til tískuvitundar. Ég hef notað hann við ýmis tækifæri en hann er svona sígildur sparitoppur sem alltaf er hægt að grípa í.

5
**Farmers Market Aigle-stígvélin**
Stígvélin eru í algjöru uppáhaldi hjá mér. Þau passa í raun við allt. Hvort sem ég er í skólanum eða að skreppa í bíó, þá get ég farið í þeim. Þau eru með örlitlum hæl sem er mjög skemmtilegt.

MASTERLINE
Professional Beauty

**ÉG ENDURNÝJA**
**BODY SCRUB**

Ég er kornahreinsir sem hreinsar, mýkir og sléttir húðina þína. Ekki fara í sturtu eða bað án mín—þú munt sakna mín. Flott blanda sem inniheldur meðal annars ilmolíur úr myntu og sjávarsöltum til að fá áferð og lykt sem heillar.




www.master-line.eu
Made in Italy
Fæst í apótekum og Hagkaup

# SARA LIND PÁLSDÓTTIR
## EIGANDI VERSLUNARINNAR JÚNÍK MIKILVÆGT AÐ VERA ÞAKKLÁTUR Í LÍFINU



1. **Þegar ég var ung þá …** var ég alveg ljóshærð
2. **En núna …** er ég dökkhærð og mun alltaf vera það.
3. **Ég mun eflaust aldrei skilja …** einelti, finnst það virkilega tilgangslaust og ljótt.
4. **Ég hef ekki sérstakan áhuga á …** óhollum mat, finnst hollur matur alltaf mun betri.
5. **Karlmenn eru …** yndislegir flestir hverjir.
6. **Ég hef lært að maður á alls ekki að …** dæma fólk sem að maður þekkir ekki
7. **Ég fæ samviskubit þegar …** ég er búin að vera léleg að mæta í ræktina.
8. **Ég slekk á sjónvarpinu** þegar … ég er búin að sofa yfir því allt kvöldið.
9. **Um þessar mundir er ég …** mjög upptekin af báðum búðunum mínum, alltaf nóg að gera.
10. **Ég vildi óska þess að fleiri vissu af …** því hvað það er mikilvægt að vera þakklátur í lífinu.

# Ný sending!
# Feiknaúrval bóka og gjafavöru

IÐA




Lækjargata 2a og Vesturgata 2a 101 Reykjavík. Opið frá 9 - 22 alla daga





# URÐUR HÁKONARDÓTTIR
## GAT TEKIÐ AF MÉR AUMINGJASTIMPILINN

***Hún hefur upplifað fjölmörg ævintýri og ferðast heimshorna á milli með hljómsveitinni GusGus. Stjörnulífið þótti henni spennandi en tímarnir breytast og fólkið með. Í sumar pakkar Urður lífi sínu saman og flytur til Berlínar til að breyta til og jafnvel finna sig á ný. Lífið ræddi við hana um bandið sem breytti lífi hennar, sólóferilinn, ný tækifæri og missinn sem fylgir lífinu.***

Urður lýsir mjög huggulegri barnæsku sinni en hún ólst upp hjá einstæðri móður sinni í Vesturbænum og segist vera Vesturbæingur í húð og hár. Frá því hún man eftir sér ætlaði hún að verða söngkona. Feimnin á unglingsárunum hélt henni frá draumnum og hún streittist á móti löngunninni. Örlögin gripu þó í taumana einn góðan veðurdag – hún kynntist strákunum í GusGus.

„Mig langaði að læra fatahönnun eða fara í leiklist, eins og svo margar ungar stúlkur dreymir um á unglingsárunum en mér gekk alltaf illa í skóla sem gerði það að verkum að ég nennti þessu ekki. Ég var í MH og Iðnskólanum til skiptis á þriggja ára tímabili en gafst svo upp á menntaskóla. Þetta gekk bara ekki upp. Ég er með ADHD svo það hefur kannski eitthvað með það að gera,“ segir Urður þegar hún rifjar upp skólaárin. „Ég fór fyrst í greiningu fyrir fimm árum því að mamma mín stakk upp á því. Ég held að hún hafi þá fattað hvað ég var að glíma við því ég var komin á þannig stað þar sem allt var í algjöru rugli og ég náði ekki að fókusera. Greiningin var rosalega góð því þá gat maður tekið af sér aumingjastimpilinn fyrir að hafa ekki getað gert hluti sem virkuðu svo auðveldir fyrir aðra. Maður er svo góður að nota svipuna á sjálfan sig alltaf,“ segir Urður og brosir út í annað. Í dag segist hún hafa lært að lifa með þessu og notar ýmsa tækni til að halda einbeitingu. „Þegar það kemur yfir mann einhvers konar kvíði eða þráhyggja þá veit maður hvað þetta er. Þá getur maður leyft því að koma yfir sig og fjara út aftur í stað þess að það heltaki mann,“ segir hún og brosir.

### *Byrjaði í hljómsveit*

„Þegar ég hætti í menntaskóla þvert á alla skynsemi og þvert á geð allra í kringum mig fékk ég reglulega að heyra að það yrði ekkert úr mér án stúdentsprófs. Ég fór þá að vinna á Kaffibarnum og kynntist GusGus-strákunum þar. Ég vann þar á daginn og þeir komu þangað á nánast hverjum degi í hádegismat. Þannig kynntist ég þeim og eitt leiddi af öðru. Þetta var algjört ævintýri að ferðast um heiminn og lifa stjörnulífi. Ég var rétt tvítug þegar ég byrjaði í bandinu og fannst frábært að upplifa eitthvað annað en litlu Reykjavík,“ segir hún. „Fyrir skömmu fórum við svo til Síberíu ásamt Reykjavik dance productions með dansverkið Á vit. Þetta var eins og að labba inn í framtíðarmynd þar sem ferðamenn eru ekki velkomnir því þetta er einn af menguðustu stöðum veraldar í dag. Þarna var festival í gangi og þetta var allt svo absúrd. KGB þurfti að gefa okkur sérstakt leyfi til þess að fljúga þangað því þetta er allt í niðurníðslu, mengað og þeir vilja helst ekki að fólk sjái þennan stað. Maður lendir í svona hryllingsævintýrum sem eru partur af heiminum sem við búum í, en er kannski eitthvað sem maður vill vita af. Þetta fannst mér alveg magnað.“

### *Eins og lítil fjölskylda*

Hvernig myndir þú lýsa GusGus-meðlimum? „Þetta eru bara æðislegir strákar og allir dásamlegir og bestu vinir mínir. Þeir eru sterkir karakterar og miklir karlmenn þannig að það var oft erfitt að vera ein í miklu karlaveldi. Upp úr fyrstu túrunum fór ég að taka vinkonu mína með til að fá balans í hópinn. Þeir eru örlítið eins og stóru bræður mínir, sérstaklega Stebbi og Biggi. Högni er svolítið eins og litli bróðirinn,“ segir hún og hlær. „Það eru mismikil samskipti utan vinnunnar en ef eitthvað bjátar á þá eru þeir nánasta fólkið mitt. Við eigum margra ára skapandi samstarf að baki, þar sem við vorum alltaf tilfinningalega berskjölduð. Það er því mjög góð lýsing að segja að hljómsveitin sé eins og lítil fjölskylda því maður gengur alveg í gegnum allan tilfinningaskalann.“

### *Erfitt að hætta alveg*

„Ég hætti í GusGus áramótin 2007/8. Svo þegar þeir voru að gera Arabian Horse höfðu þeir samband við mig og mér fannst þetta svo flott að ég sló til. Það var svo gaman að vinna saman aftur og vera með. Ég sá einmitt einhvers staðar í blaðagrein að ég væri hætt aftur en í rauninni byrjaði ég kannski ekki alveg heldur. Það er ekki hægt að skilgreina þetta alveg því þegar það er gaman að vinna saman þá gerir maður það. Ég útiloka ekki að ég eigi eftir að vinna meira með þeim í framtíðinni, annaðhvort með GusGus í heild eða bara með þeim einum og sér. Ég skilgreini mig ekki endilega sem meðlim hljómsveitarinnar. Ég er stödd á þeim stað í lífinu núna að ég er svona að endurskoða hvað það er sem ég vil gera og fá út úr lífinu,“ segir hún leyndardómsfull á svipinn. „Fyrir tíu árum var draumurinn að meika það og verða poppstjarna en ég er ekki þar í dag. Mér finnst spennandi að vinna í leikhúsi, bíói og gera alls konar skapandi hluti. Ég er því opin fyrir því að þurfa ekki endilega að skilgreina hver ég er eða hvað ég ætla að gera. Frekar að leyfa því að koma og nýta tækifærin sem bjóðast.“

### *Flytur út fyrir landsteinana*

Unnusti Urðar til þriggja ára er handritshöfundur. Þau trúlofuðu sig fyrir tveimur árum en brúðkaupið hefur þurft að bíða vegna anna. Urði dreymir um að halda stórt partí þegar hún giftist sínum heittelskaða og vinna með honum að fleiri verkefnum en þau hafa aðeins fengið smjörþefinn af samvinnu sem hefur gengið vel.

Parið býr saman rétt hjá Korpúlfsstöðum en hyggst flytja búferlum til Berlínar í sumar ásamt einkadóttur Urðar. „Við ákváðum að breyta til. Ég hef verið þar slatta í gegnum tíðina og fíla borgina. Hún er tjilluð en það er samt svo mikið að gerast. Það er pláss fyrir alls konar fólk og svo er ódýrt að lifa þar. Mig langar mikið til að læra tungumálið því ég er ágætlega mellufær. Það er kannski næsta verkefni, að læra þýsku. Við erum með nokkur verkefni í deiglunni svo við þurfum að taka stöðuna um jólin hvort við verðum þar áfram eða komum til baka.“

### *Maður stjórnar ekki öllu lífinu*

Fyrir rúmlega ári varð Urður barnshafandi en hélt ekki barninu. „Ég varð ólétt og var í raun ekki tilbúin til þess á þeim tíma. Ég var búin að vera rosalega veik á meðgöngunni og þegar ég var komin rúmlega þrjá mánuði á leið fór ég í sónar. Þá kom í ljós að barnið var dáið. Ég veit ekki hvort var erfiðara, að missa barnið eða bara allt í kringum þessi veikindi. Það tók alveg tíma að jafna sig á því. Ég fór ekki strax í það aftur að reyna að eignast börn, ég var ekki þar. Mér fannst svo mikið tabú að tala um þetta og það sem kom mér á óvart var hversu margar konur hafa lent í þessu en segja ekki frá. Margar af mínum nánu vinkonum höfðu lent í þessu sama og ég vissi ekki af því fyrr ég lenti í þessu sjálf og þær fóru að opna sig. Upplifunin var þannig að ég vildi ekki ræða þetta því þá myndi fólk vorkenna mér og ég vildi helst hlífa fólki við því. Ég vildi ekki koma fólki í óþægilega stöðu að tala um þennan missi því þetta er óþægilegt umræðuefni fyrir alla og kemur fólki í opna skjöldu. Fólk bregst bara mismunandi við í svona aðstæðum. Fyrir mig var þetta kannski ekki eins hræðilegt og fyrir næstu konu sem hugsanlega er búin að vera að reyna lengi að eignast barn. Ég var ágætlega sterk fyrir þessa reynslu en hún undirstrikar bara það að maður hefur svo sem ekki mikla stjórn á lífinu. Maður er alltaf að reyna að hafa allt á hreinu, þar á meðal hluti sem maður hefur enga stjórn á. Maður verður bara að gangast við því hvernig lífið fer og leyfa því að gerast og treysta því. Það er kannski lærdómurinn í þessu öllu saman.“

### *Seiðandi danstónlistarverk*

Urður er að taka þátt í dansverkinu Á vit ásamt GusGus dagana áttunda og níunda maí og verða þrjár sýningar í boði. Miða á verkið er hægt að nálgast á midi.is. „Við erum með tónleika og dansverk sem sýnt er í einu. Við ferðumst



*Ég fíla svolítið að vera bak við tjöldin. Þrátt fyrir að það heilli mig að halda tónleika á mínum eigin forsendum þá heillar sviðsljósið mig ekkert rosalega mikið. Ég verð bara að klára það tímabil.*

um rýmið og setjum upp mismunandi atriði. Þetta er mestmegnis tónlist sem var gerð sérstaklega fyrir þetta verk en þetta var sett upp á listahátíð fyrir tveimur árum. GusGus semur og flytur tónlistina og er flestallt unnið í sameiningu. Stef á þó mikinn heiður af tónlistinni. Ég syng meðal annars lagið Svefninn laðar með Nýdönsk. Það eiga því allir sitt í þessu og dansararnir semja dansana. Þetta eru sjö dansarar sem stofnuðu Reykjavík dance productions. Við höfum verið að túra með þetta dansverk sem hefur fengið brjálæðislega góðar viðtökur því þetta er svo einstakt verk.“

### *Sólóplatan er eilífðarverkefni*

„Mín sterka hlið er að skapa tónlist. Ég byrjaði því í sólópælingum árið 2007 og er búin að fara í gegnum nokkur demó fyrir plötu. Í rauninni er ég með tilbúið efni fyrir plötu en einhverra hluta vegna gengur mér illa að klára plötuna. Þetta er svona eilífðarverkefni sem ég fékk svolítið nóg af. Þetta vefst svo fyrir mér. Eins og er þá er áherslan ekki endilega á að klára þessa plötu þrátt fyrir að mig langi það. Ég veit ekki hvort mig langar enn þá til að vera sólóartisti. Það hræðir mig örlítið að ég hafi hugmyndir um hvað öðrum finnst ég eiga að gera þó svo að það sé kannski enginn að segja það upphátt. Ég fíla svolítið að vera á bak við tjöldin. Þrátt fyrir að það heilli mig að halda tónleika á mínum eigin forsendum þá heillar sviðsljósið mig ekkert rosalega mikið. Ég verð bara að klára það tímabil. Ég hef lítið verið í viðtölum og eins og er finnst mér best að vinna í skapandi verkum án þess að vera að performa.“

Um helgina verður sýnd danssýningin Óraunveruleikir á Barnamenningarhátíðinni í Tjarnarbíói en sýningin er samstarfsverkefni hennar og dansaranna Þyríar Huldar Árnadóttur og Valgerðar Rúnarsdóttur. Verkið var sýnt í Þjóðleikhúsinu í janúar en á laugardag verður opin sýning í Tjarnarbíói fyrir átta ára og eldri. „Við erum að vinna með tálsýnir og sjónhverfingar. Eins konar blekkingarheim. Allt í heiminum heyrir auðvitað undir raunveruleika og óraunveruleika. Ég bjó til tónlistina fyrir verkið í janúar og þetta var í fyrsta skipti sem ég gerði eitthvað alveg sjálf og var mjög ánægð með það.“ Aðspurð um tónlist sem heillar hana segist hún ekki sjálf hlusta mikið á tónlist. „Ég tek svona skorpur og fer í gegnum plötusafnið mitt. En almennt hlusta ég á þögnina. Þessa dagana er ég mest heilluð af rólegri klassískri tónlist, eitthvað sem er ekki áreiti. Ég er kannski í logninu á undan storminum. Ég er á þeim stað þar sem ég er að halda mér í jafnvægi til þess að átta mig á því hvert ég er að fara. Kannski er stór partur af því að við erum að pakka niður öllu heimilinu okkar og reyna að losa okkur við allt og fara út með ekkert. Tilhugsunin um að eiga ekkert og vera algjörlega frjáls finnst okkur heillandi. Þá erum við ekki bundin niður af jarðneskum eigum.“

## *Myndaalbúmið*






Urður og Hannes dansari baksviðs í Moskvu. GusGus að túra. Mæðgurnar saman. Á vit-hópurinn samankominn í Síberíu.



# LIST VIÐ SEM ERUM „HEILBRIGÐ“ FÁUM ÁKVEÐNA FORGJÖF Í VÖGGUGJÖF

***Listakonan Lína Rut Wilberg sýnir verk sem hún vann með syni sínum, Nóa Gunnarssyni.***

„Allir foreldar þekkja það að elska myndirnar sem börnin okkar teikna. Fljótlega eftir að Nói byrjaði að teikna tók ég eftir að það var eitthvað sérstakt og skemmtilegt við fígúrurnar hans. Mig hefur lengi langað til nota þær í verkin mín og þegar að listahátíðin List án landamæra hafði samband við mig var það góð hvatning til að koma þeirri hugmynd í framkvæmd,“ segir Lína Rut Wilberg listakona þegar talið berst að listaverkasýningunni, Nói og ég, sem hún heldur ásamt níu ára syni sínum. Sýningin er sett upp í Duushúsi í Reykjanesbæ. Verkin eru blönduð barnslegu og óheftu handbragði Nóa og fínlegum vinnubrögðum Línu Rutar. „Það var einstök ánægja að taka þátt í þessu verkefni með Nóa. List án landamæra er skemmtilegt og verðugt verkefni og frábær liður í að stuðla að hugarfarsbreytingu um fatlaða og líf þeirra. Það er svo oft ríkjandi gleði, jákvæðni og hamingja í kringum Nóa og ég er viss um að ef fleiri hefðu sama viðhorf til lífsins og hann væri heimurinn enn betri,“ segir Lína Rut sem á tvo fatlaða syni. „Það má segja að við sem erum „heilbrigð“ fáum ákveðna forgjöf í vöggugjöf en það er hægt að lifa góðu og innihaldsríku lífi þrátt fyrir fötlun eða heftingu af einhverju tagi. Við eigum að umvefja fjölbreytileikann og fagna honum,“ segir Lína Rut, sem er hlakkar til að vinna meira með syni sínum í framtíðinni og eyða gæðastundum með honum. Hægt er að fylgjast nánar með verkunum í gegnum Facebook-síðuna, Lína Rut.







Lína Rut Wilberg og Nói Gunnarsson.



Már Gunnarsson, eldri sonur Línu Rutar, frumflutti lag við opnun sýningarinnar og Villi Naglbítur samdi textann.




# KOMDU FÖRÐUNARGRÆJUNUM ÞÍNUM Í LAG STRAX Í DAG!

Sumar konur nota farða dagsdaglega. Aðrar nota farða einungis við hátíðleg tækifæri. Ef þú vilt spara þér tíma og labba fersk út í daginn er mikilvægt að halda utan um förðunarvörurnar þínar. Hér eru nokkrar sniðugar humyndir sem þú getur útfært sjálf á heimilinu.










MJ
MARTA
JONSSON
Marta Jonsson
Laugavegi 51.
101 Reykjavik
17.900,-
12.900,-
22.900,-
17.900,-
14.900,-
22.900,-
24.900,-
14. 900,-
25.900,-
22.900,-
27.900,-
24.900,-
Nýja sumarlínan fyrir herra.
18.900,-
18.900,-
18.900,-
18.900,-
24.995,-
24.995,-
24.995,-
24.995,-



Ásta Kristjánsdóttir, vinkona mín, er að taka myndir fyrir herferð fyrir Amnesty International sem ég er að stílisera með henni og hér erum við með Andreu Marín sem er eitt af módelunum okkar.



Það er alltaf fullt af fólki sem kemur í heimsókn á vinnustofuna okkar á leiðinni út á Nes, en þessi gaur var ekkert sérstaklega hrifinn af Newton sem hoppaði af spennu eins og sést þar sem hann speglast í bílrúðunni.

# DAGUR Í LÍFI SÖRU MARÍU

***Sara María hannar fyrir Forynju og hefur nóg fyrir stafni þessa dagana.***



Þessa dagana er ég að taka nánast alla silkiprentrammana mína og taka smá vorhreingerningu á þá og það þýðir eiturefni, grímur og að lofta vel út.



Gott mál-dagur hjá Hagaskóla og ég fór að hitta Dóróteu dóttur mína og vinkonur hennar sem voru svakalega duglegar að safna peningum.



Newton, hundurinn minn, varð að bíða heima á meðan ég fór í tökur fyrir Amnesty International en það klikkar ekki að hann bíður í forstofunni þegar ég kem heim.



Dórótea var að fermast og Natan kom suður í tilefni þess, hann er nefnilega fluttur norður til pabba síns. Þessi mynd var tekin rétt áður en við duttum í kitlustríð sem er tekið mjög alvarlega á okkar heimili og haft í hávegum.

*Ómissandi fyrir heilbrigð leggöng*

*Einföld lausn við kláða og ertingu*



*Tíðatappar sem koma jafnvægi á gerlaflóruna í leggöngunum og stuðla að eðlilegu pH-gildi.*

***100 milljónir mjólkursýrugerla í einum tappa.***

**Mjólkursýrugerlar**
Viðhalda eðlilegu PH-gildi

+

**Tíðatappar**
Þægilegir og halda vel





Ellen tíðartapparnir fást í apótekum

Nánari upplýsingar á facebook
facebook.com/EllenTidatapparMedMjokursyrugerlum

ellen®




# CRYMOGEA BÝÐUR LJÚFLINGSVERZLUN Í HEIMSÓKN

***Heiður Reynisdóttir og Ragnhildur Anna Jónsdóttir reka verslun sem poppar upp í borginni.***

Ljúflingsverzlunin, sem er samstarfsverkefni Íslenzka pappírsfélagsins og Jónsdóttur & co ætlar að bregða undir sig betri fætinum og opna litla krúttbúð hjá vinum sínum í Crymogeu helgina 3-4. maí. „Það verður ótrúlega gaman að upplifa langan laugardag í miðbænum og má kannski segja að Ljúflingsverzlun sé að koma aftur heim, því við opnuðum fyrstu pop-up búðina á Laugavegi haustið 2011. Nú ætlar Kristján B. Jónsson að bjóða Ljúflingsverzlun í heimsókn í húsnæði Crymogeu á Barónsstíg 27, og verður mikið um dýrðir og dásemdarstemning í húsinu," segir Heiður Reynisdóttir, eigandi Íslenzka pappírsfélagsins. „Við vinkonurna bjóðum ávallt



upp á ljúfar veitingar þegar við opnum Ljúflingsverzlun og hlökkum til að standa miðbæjarvaktina með opið upp á gátt.

Ljúflingsverzlunin, verður opin laugardag og sunnudag frá kl.11-17.




AFSLÆTTI

Mind Xtra
Smart verslun fyrir konur
Firði Hafnarfirði • Sími 556 3400

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Pinterest



Tattoo You

**Pinterest.com/lovestoner/tattoo-you/**

Þessi síða er tilvalin fyrir þá sem eru í húðflúrspælingum. Með um 6.000 fylgjendur er Lovestoner dugleg að koma með nýjar myndir af húðflúrum sem öll eiga það sameiginlegt að veita góðan innblástur að munstrum og stöðum fyrir húðflúr. Fjaðrir, tungl, ör, bogar, falleg orð; allt milli himins og jarðar en húðflúrin sem koma þarna við sögu eiga það sameiginlegt að vera öll svört.

facebook



Entertainment Tonight

**Facebook.com/EntertainmentTonight**

Viltu fá nýjasta slúðrið af fræga fólkinu, rauða dreglinum og kvikmyndaheiminum? Fylgstu þá með Facebook-síðu þáttarins Entertainment Tonight þar sem nýjustu fréttir detta beint inn á samfélagsmiðilinn. Fólkið á bak við þáttinn er duglegt að uppfæra síðuna og halda fylgjendum sínum við efnið. Eitthvað sem slekkur slúðurþorstann.

Instagram



Tabitha Simmons

**Instagram.com/tabitha-simmons**

Stílistinn Tabitha Simmons er þekkt nafn sem vinnur á bak við tjöldin í tískuheiminum. Hún er einn af pennunum hjá bandaríska Vogue, Another Magazine og Dazed and Confused. Simmons hefur stíliserað tískusýningar fyrir Calvin Klein, Alexander McQueen og Zac Posen. Á Instagram deilir hún spennandi lífi í hringiðu tískuheimsins.

# BLOGGARINN SMEKKLEGUR DANSKUR STÍLISTI

Pernille Teisbæk

**Lookdepernille.com/pernille-teisbaek**

Danski bloggarinn Pernille Teisbæk er þekkt andlit í Skandinavíu. Hún hefur starfað sem fyrirsæta í mörg ár en eftir að hún lagði starfið á hilluna sneri Pernille sér að stíliseringu og hefur starfað við helstu tímarit Danmerkur sem slíkur. Einnig var hún tískuritstjóri hjá blöðum á borð við Woman, Alt for Damerne og nú síðast Eurowoman. Nú er hún sjálfstætt starfandi og á bloggi sínu deilir hún spennandi vinnuumhverfi sínu og hvunndeginum með lesendum. Pernille er með puttana á púlsinum hvað varðar nýjustu tísku sem endurspeglast í afslöppuðum en um leið fáguðum fatastíl. Vert að bæta við á netrúntinn.





ÚTRÝMINGARSALA
Allt á að seljast vegna flutninga
Opið til kl 18.00 LAUGARDAG
50%
afsláttur af öllum vörum
Herra hafnarfjörður
S. 572 3400
FJÖRÐUR
www.fjordur.is


SUMAR ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM LEGSTEINUM
Við bjóðum
VARANLEGT LETUR
sem endist í yfir 100 ár
Hér hvílir
Auðúlfur Stórólfsson
f. 1.2.1895 d. 2.3.1991
Blessuð sé minning hans
Endurmerkjum
eldri legsteina með
VARANLEGU LETRI
Graníthöllin
Legsteinar
www.granitholllin.is
Bæjarhrauni 26, Hafnarfirði
555-3888
Opnunartímar:
Mán-fös 9-18
Laugardaga 11-16

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**SKATTFRAMTAL 2014**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 fob@fob.is

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Húsaviðhald

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir
- álklæðningar

Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Spádómar

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**ALMENNAR RAFLAGNIR S. 618 2610 & 848 1428**
Gerum tilboð í öll verk stór og smá. Löggiltur rafverktaki. ej.rafvirkjar@gmail.com

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggiltur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Ertu að framkvæma og vantar þig gáma, vinnuskúra eða salerni? Nánari upplýsingar fást í síma 5775757 eða með því að send tölvupóst á gamur@gamur.is

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Til sölu



Trampólín og öryggisnet á frábæru verði. Allar frekari upplýsingar á trampolin.is

Bílskúrsala Eyratröð 5, milli 13-18 laugardag og sunnudag. s. 565 3275

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð. S. 561 6254 / 854 3454 opið frá kl.12:00-20:00

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla



**TANNLÆKNANÁM**
Tannlæknadeild Palacký háskóla í Olomouc í Tékklandi býður upp á 5 ára nám í tannlækningum. Viðurkennt nám. Kennt er á ensku. Til stendur að halda inntökupróf í Reykjavík í vor.
**Nánari upplýsingar í s. 5444333 og kaldasel@islandia.is**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**

**leiga@leiguherbergi.is**

Til leigu 2ja herb. íbúð í Krummahólum efra Breiðholti. Yfirbyggðar svalir, verð 110.000 pr. mán. Trygging 2 mán. Hiti innifalinn en ekki rafmagn. Reglusemi áskilin, leigist til lengri tíma. Uppl: antonben@simnet.is

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði




**FREDERIKSEN ALE HOUSE ÓSKAR EFTIR KOKKUM OG ÞJÓNUM**
Óskum eftir fólki bæði í fullt starf og hluta starf. Staðurinn opnar um mánaðarmótin Maí/Júní
**Áhugasamir sendið umsókn með mynd á helgitomas@gmail.com**

## Atvinna óskast

Rúmlega 60 ára smiður vantar vinnu margt fleira en smíðar koma til greina uppl í s:8688284




**BÍLL DAGSINS**

**Honda Jazz Elegance**
Nýskráður 2/2013, ekinn 12 þús.km., bensín, sjálfskiptur

Bíll dagsins kr.
**2.850.000**


PEUGEOT
**406 Station**
Nýskráður 12/1997, ekinn 240 þús. km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 390.000**


PEUGEOT
**207 S16**
Nýskráður 11/2006, ekinn 72 þús. km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.390.000**


NISSAN
**X-trail Elegance**
Nýskráður 1/2007, ekinn 135 þús. km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.890.000**


LEXUS
**RX350**
Nýskráður 4/2007, ekinn 116 þús. km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.590.000**


PEUGEOT
**207 98g**
Nýskráður 5/2012, ekinn 29 þús. km., dísel, 5 gírar.
**Verð kr. 2.490.000**


HONDA
**CR-V Advance**
Nýskráður 8/2003, ekinn 181 þús. km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 990.000**


HONDA
**Accord Sedan**
Nýskráður 3/2009, ekinn 63 þús. km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.890.000**


VOLKSWAGEN
**Golf Trendline 1.6**
Nýskráður 6/2008, ekinn 84 þús. km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.790.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Opið laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## atvinna

**JRJ ehf.** óskar eftir að ráða verkstjóra í fullt starf. Umsækjandi þarf að hafa stóra vinnuvélapróf. Æskilegt er að viðkomandi hafi gott vald á ensku og geti unnið sjálfstætt.

**JRJ ehf.** er traust fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

• Umsóknarfrestur er til og með 10. maí 2014

• Nánari upplýsingar um starfið veitir Kolbrún Jónsdóttir og hægt er að hafa samband við hana með því að senda umsóknir á netfangið **kolbrun@jrj.is**

JRJ VERKTAKAR

## tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

#### Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að **hreinsun kísilmálms til framleiðslu á 16.000 tonnum af sólarkísli á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit** skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á **www.skipulagsstofnun.is**. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **3. júní 2014.**

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

#### Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur sent frá sér álit á mati á umhverfisáhrifum **urðunarsvæðis á Búðaröxl á Vopnafirði** samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið og matsskýrsla framkvæmdaraðila liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á **www.skipulagsstofnun.is**.

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

#### Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Breyting á eldi, lax í stað þorsks, í sjókvíum Krossaness ehf. innan við Brimnes og Haganes í Eyjafirði, Dalvíkurbyggð**

skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á **www.skipulagsstofnun.is**. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **3. júní 2014**.











Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR:

LAUGARDAGUR 3. MAÍ

11:35 W.HAM.UNITED - TOTTENHAM

13:50 MAN. UNITED - SUNDERLAND

13:50 ASTON VILLA - HULL CITY

16:20 EVERTON - MANCHESTER CITY

SUNNUDAGUR 4. MAÍ

12:20 ARSENAL - WEST BROMWICH

14:50 CHELSEA - NORWICH




HLJÓMSVEITIN KLETTAR RÚNAR ÞÓR, RÚNAR VILLA VALLA, SIGGI ÁRNA OG BJÖRGVIN GÍSLA SPILA Í KVÖLD.

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu


NÝDÖNSK
HARPA 13. SEPTEMBER HOF 27. SEPTEMBER
MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 12.00
Miðasala fer fram á midi.is, harpa.is og menningarhus.is Einnig í miðasölu Hörpu í síma 528 5000 og miðasölu Hofs í síma 450 1000
HARPA
HOF
MENNINGARHÚS



2 | KL. 20:55
**The Blacklist**
Vandaðir spennuþættir með James Spader í aðalhlutverki.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld

2 | KL. 19:45
**Friends With Better Lives**
Glænýr gamanþáttaröð sem hefur verið líkt við gömlu góðu Friends þættina.



2 | KL. 20:10
**Masterchef USA**
Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00
**Dream House**
Spennumynd með Daniel Craig, Rachel Weisz og Naomi Watts í aðalhlutverkum.



GULL STÖÐIN | KL. 19:35
**Two And a Half Man**
Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með Ashton Kutcher í aðalhlutverki.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 19:20
**American Idol**
Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.




Fáðu þér áskrift! 365.IS




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 5 | | | 7 | 1 |
| | 5 | 9 | 1 | | | | | |
| | | 3 | | 6 | | 8 | | |
| 5 | 7 | | | | | 6 | | 3 |
| 2 | 3 | | | | 4 | | | |
| | | 6 | | | 3 | 1 | | |
| 3 | | 2 | 7 | 8 | | | | |
| 9 | 1 | | | 4 | | | 5 | |
| | 8 | | 9 | | | | | 6 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 2 | | | | | 3 |
| | | 6 | | 7 | | | | 1 |
| 1 | 2 | | | | 9 | 5 | 4 | |
| 5 | | 4 | | 9 | 3 | | | 8 |
| 9 | | | | | | | | 6 |
| | 3 | 7 | 1 | | | | | |
| 6 | | 2 | | | | | | |
| | | | | | 4 | 9 | | |
| 4 | 1 | | | 2 | | 3 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | |
| | 2 | | 4 | 8 | | | 6 | 9 |
| 4 | | 7 | | | 9 | 8 | 2 | |
| 9 | 5 | | | | 3 | | 8 | |
| | | | | 2 | 4 | | | 5 |
| | | 2 | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| 3 | | 4 | 1 | | 8 | | | 2 |
| 5 | | | 6 | | | 3 | 7 | 8 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 3 | 8 | 1 | 6 | 5 | 4 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 9 | 7 | 8 | 1 |
| 8 | 4 | 1 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 | 3 |
| 4 | 7 | 8 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 2 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 4 | 2 | 3 | 6 | 8 |
| 6 | 3 | 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 4 | 7 |
| 2 | 6 | 3 | 8 | 7 | 5 | 4 | 1 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 3 | 4 | 8 | 7 | 6 |
| 7 | 8 | 4 | 1 | 9 | 6 | 2 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 6 | 8 | 3 | 2 | 7 | 4 | 9 |
| 9 | 3 | 4 | 6 | 5 | 7 | 2 | 8 | 1 |
| 7 | 2 | 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 6 | 3 |
| 2 | 9 | 3 | 4 | 7 | 8 | 6 | 1 | 5 |
| 4 | 6 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 9 | 7 |
| 8 | 7 | 1 | 5 | 9 | 6 | 3 | 2 | 4 |
| 3 | 8 | 2 | 7 | 1 | 9 | 4 | 5 | 6 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 8 | 5 | 1 | 7 | 2 |
| 5 | 1 | 7 | 2 | 6 | 4 | 9 | 3 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 1 | 7 | 3 | 4 | 6 | 9 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 3 | 4 | 6 | 5 | 2 | 9 | 1 | 7 | 8 |
| 4 | 3 | 7 | 1 | 9 | 8 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 9 | 8 | 2 | 4 | 6 | 7 | 1 | 3 |
| 6 | 1 | 2 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 1 | 5 | 3 | 2 | 7 |
| 9 | 7 | 3 | 4 | 6 | 2 | 8 | 5 | 1 |
| 1 | 2 | 5 | 8 | 7 | 3 | 9 | 4 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Heimurinn er bók og þeir sem ferðast ekki lesa aðeins eina síðu.“**

*Saint Augustine*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** flagg, **6.** kraðak, **8.** óskaði, **9.** fornafn, **11.** tveir eins, **12.** brellur, **14.** glaður, **16.** átt, **17.** kusk, **18.** trygging, **20.** ung, **21.** heiðursmerki.

**LÓÐRÉTT 1.** bumba, **3.** í röð, **4.** þarfsemd, **5.** svelg, **7.** hver og einn, **10.** pípa, **13.** lyftiduft, **15.** greinilegur, **16.** síðan, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fáni, **6.** ös, **8.** bað, **9.** mér, **11.** uu, **12.** brögð, **14.** hress, **16.** sv, **17.** ryk, **18.** veð, **20.** ný, **21.** orða.

**LÓÐRÉTT: 1.** vömb, **3.** áb, **4.** nauðsyn, **5.** iðu, **7.** sérhver, **10.** rör, **13.** ger, **15.** skýr, **16.** svo, **19.** ðð.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

Jóhann Helgi Sigurðsson (2029) hafði hvítt gegn Mikael Jóhanni Karlssyni (2051) í b-flokki Wow air Vormóti TR. Svartur lék síðast **7...a6?**

**Hvítur á leik**



**8. Rd5! axb5 9. Bb6 Dh4 10. Rc7+ Ke7 11. Rxa8.** Hvítur er með unnið tafl en Mikael sýndi afar mikla seiglu og hélt jafntefli. Magnús Pálmi Örnólfsson (2156) er efstur í b-flokki en hefur 3,5 vinning eftir 4 umferðir.

**www.skak.is:** Landsmótið í skólaskák hófst í gær.

# Plötusala Múrbúðarinnar er á Klettháls 7

og að Fuglavík 18 í Reykjanesbæ







LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

- Furukrossviður
- Birkikrossviður
- Mótakrossviður
- Gólfplötur - rakavarðar spónaplötur með nót
- Veggplötur með nót
- Skrúfur og festingavörur
- Sökkuldúkur



SPANOGROUP Wood Based Solutions

International Plywood BV





Chemfix teinalím 345 ml
**2.295,-**



A4 og A2 ryðfríar skrúfur. Mikið úrval



GAH þýskir byggingarvinklar. Mikið úrval



Deka festifrauð 750 ml
**985** kr.

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is







STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR
OG ÞÓRIR BALDURSSON

Stórsveit Reykjavíkur fagnar sjötusafmæli meistara Þóris Baldurssonar með afmælisbarninu á sérstökum hátíðartónleikum. Þórir mun stjórna hljómsveitinni, spila á Hammond-orgel og útsetja alla efnisskránna en hún mun koma víða við á löngum og viðburðaríkum ferli Þóris.

GESTASÖNGVARAR
Björgvin Halldórsson, Bubbi Morthens,
Ragnar Bjarnason og Sunna Þórisdóttir

Styrkt af Reykjavíkurborg
Tónlistarsjóður

HARPA SILFURBERG
Mánudag 5. maí kl. 20:30
Miðaverð kr. 3.000 / 2.000
Miðar á midi.is / harpa.is / í miðasölu Hörpu



**MÆÐGURNAR** Þórunn og Steinunn útskrifuðust úr myndlistarskóla með 24 ára millibili. Þær vinna verk sín í ólíka miðla.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# Mæðgur í myndlist

**Þær Þórunn Hjartardóttir og Steinunn Harðardóttir eru með samsýningu um helgina í hinu snotra 002 Galleríi að Þúfubarði 17 í Hafnarfirði.**

„Ég bý til listaverk og tónlist vegna þess að ég fyllist af orku og gleði þegar ég bý til eitthvað nýtt. Það er sífellt verið að mála nýjar myndir, smíða skúlptúra sem enginn hefur séð fyrr og semja tónlist sem ekki hefur áður heyrst.“ Þetta segir Steinunn Harðardóttir, myndlistarkona og eins manns hljómsveitin Dj flugvél og geimskip.

Hún og móðir hennar, Þórunn Hjartardóttir myndlistarkona, verða með sýningu í 002 Galleríi í Hafnarfirði milli klukkan 14 og 17 á morgun, laugardag og á sama tíma á sunnudag. Aðgangur er ókeypis og allir eru hjartanlega velkomnir.

Spurningu um hvort þær ætli að vinna verkin á staðnum svarar Þórunn fyrst og er leyndardómsfull.

„Ekki á sýningartímanum en það sem ég geri er allt unnið á staðnum, inn í rýmið. Ég fæ mjög mikið út úr því að mála með strigalímbandi beint í rými og dreg fram það sem ég sé í arkitektúrnum sem liggur kannski ekki í augum uppi.“

Steinunn segir: „Ég er með nokkur verk tilbúin og mun raða þeim inn en á opnuninni á morgun verð ég með lifandi furðuleiðslu í einu herberginu, svona innsetningarhljóðverk. Það verður svo spilað af bandi á sunnudaginn.“

002 Gallerí er íbúð og vinnustofa myndlistarmannsins Birgis Sigurðssonar. Hann hefur starfrækt þetta óvenjulega gallerí um þriggja ára skeið í kjallaraíbúð sinni í blokk í Hafnarfirði. Sýning mæðgnanna er fjórði viðburður fyrstu myndlistarhátíðar gallerísins sem stendur til 1. júní. En hafa þær mörg herbergi til umráða fyrir sýninguna sína?

Þórunn: Það er stofan, hún verður með hefðbundnu sniði með listaverkum á veggjum.“

„Óhefðbundnum verkum sem reyna að vera hefðbundin,“ skýtur Steinunn inn í. „Og svo svefnherbergið þar sem furðuleiðslan fer fram.“

Þórunn: „Síðan er baðherbergið og þar verður innsetning sem leynigestur og Steinunn hafa unnið í sameiningu.“

gun@frettabladid.is



**KAMMERKÓR MOSFELLSBÆJAR** Á vortónleikunum koma fram fjórir einsöngvarar, allir úr röðum kórsins.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# Syngja flest lögin án undirleiks

**Á tónleikum Kammerkórs Mosfellsbæjar í Háteigskirkju á sunnudag hljóma lög tónskálda ýmissa tíma en sérstök áhersla er á verk Gunnars Reynis Sveinssonar.**

Vel þekkt verk eftir enska endurreisnarmanninn John Dowland og austurríska tónskáldið Franz Schubert eru á efnisskrá Kammerkórs Mosfellsbæjar á vortónleikum hans í Háteigskirkju klukkan 17 á sunnudaginn. Einnig nýstárlegri tónlist, til dæmis eftir John A. Speight.

Kórinn flytur hið alþekkta lag Sigur Rósar, Vöku, í útsetningu kórstjórans, Símonar H. Ívarssonar, nokkur gospellög og spænskt lag, Baile, samið af Mario Castelnuovo-Tedesco við ljóð eftir Federico Garcia Lorca. Sérstök áhersla verður lögð á kórverk eftir Gunnar Reyni Sveinsson.

Símon kórstjóri mun taka sér gítarinn í hönd og flytja eitt flamenco-lag ásamt syni sínum Ívari, sem einnig hefur lagt fyrir sig gítarleik og leikur á gítar í nokkrum lögum. Flest lögin flytur kórinn þó án undirleiks.

Einsöng syngja þau Heiðrún Kristín Guðvarðardóttir, Reynir Bergmann Pálsson, Unnur Helga Möller og Viktor Guðlaugsson sem öll koma úr röðum kórfélaga. Einnig kemur fram sönghópurinn Karlar í krapinu sem er skipaður nokkrum félögum úr kórnum.

Aðgangseyrir að tónleikunum er 2.000 krónur. Aldraðir greiða 1.500 en frítt er fyrir börn.

gun@frettabladid.is


DEBENHAMS
JASPER J CONRAN
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ HÖNNUÐUM DEBENHAMS FYRIR DÖMUR
Opið í dag frá 11:00 – 19:00
Gildir út sunnudag
STAR BY julienmacdonald
PREEN
principles BY BEN de LISI
ROCHA.JOHN ROCHA
Gerðu lífið skemmtilegra
JONATHAN SAUNDERS
ÚTSALAN HELDUR ÁFRAM. MIKIÐ ÚRVAL Á 70% AFSLÆTTI.
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# LÍFIÐ



## Kíkt í snyrtibuddu Scarlett Johansson



DAGKREM FRÁ JURLIQUE



VARABLÝANTUR FRÁ DOLCE& GABBANA



AUGNSKUGGI FRÁ DOLCE&GABBANA



GLOSS FRÁ



AUGNFARÐA-HREINSIR FRÁ LANCÔME



NÆRING FRÁ REDKEN

## TÍST VIKUNNAR



Auðunn Blöndal
**@Auddib**
30. apríl
Hversu mikill aumingi og viðbjóður ertu þegar að þú verslar þér banana fyrir leik í þeim tilgangi að henda honum í aðra manneskju?



Björgvin Gústavsson
**@BjoggiGustavs**
29. apríl
FCB ekki bara að tapa leiknum heldur einnig kúlinu ...



Þórir Sæmundsson
**@ThorirSaem**
29. apríl
Bayern setur 5 í seinni. #enginnsegir #ibelieve



Björn Bragi
**@bjornbragi**
29. apríl
Hvort finnst ykkur skemmtilegra að fá snapchat af börnum eða að fótbrjóta ykkur?



Þórunn E. Bogadóttir
**@thorunneb**
28. apríl
Kannski fannst þessum Grindvíkingi bara skorta á fordómafulla umræðu í íslenska körfuboltann, ala Donald Sterling hjá Clippers.



S. Bjorn Blondal
**@SBBlondal**
27. apríl
Að gefnu tilefni er rétt að árétta að hér er ekki legið í fleti né sólbaði á sunnudegi. Borgin rekur sig ekki sjálf.



Örn Úlfar Sævarsson
**@ornulfar**
21. apríl
You will never choke alone! #liverpool #united #fotbolti



**LITADÝRÐ** Flottur sumarfatnaður.



**VEKUR ATHYGLI** Þessi litríka kápa flikkar upp á fataskápinn.



**FLOTT SAMSETNING** Þegar um svona áberandi flíkur er að ræða er mikilvægt að para þær saman við einfaldan fatnað.

# Listaverk á tískupallinn

**Tískuhúsið Prada vakti þó nokkra athygli er vor- og sumartískan var frumsýnd á tískuvikunni í Mílanó síðasta haust. Samkvæmt yfirhönnuði Prada eigum við að klæðast fatnaði sem ætti kannski betur heima í ramma uppi á vegg en inni í fataskáp. Kjólar og kápur með ýmiss konar teikningum í sterkum litum framan á voru áberandi hjá tískuhúsinu fornfræga. Ritstjóri bandaríska Vogue, Anna Wintour, hefur meðal annars tekið þessari sumartískubólu opnum örmum og kannski munu fleiri klæðast fatnaði prýddum fögrum teikningum með hækkandi sól. Á meðfylgjandi myndum er allavega hægt að fá góðan innblástur.**



**ANDLIT** Listaverk á kjólinn.



**HRESSANDI** Fallegir litir í þessari kápu.



**SUMARKJÓLL** Skemmtilegt munstur.



**KOKTEILKJÓLL** skemmtileg fatalína frá Prada.

NORDICPHOTOS/GETTY

# RÝMUM TIL VEGNA BREYTINGA!

## SELJUM ALLAR VÖRUR Á EFRI PALLI VERSLUNARINNAR VEGNA BREYTINGA

# 30-90% afsláttur!

Verkfæri
Ljósaperur
Baðvörur
Ljósaseríur
Nuddtæki
Leikföng
Límbönd
Plastvörur

Hreingerningarvörur

Klukkur
Sumarvara
Ruslatunnur
Hitamælar
Rammar
Vasaljós
Hjólavörur
...og fleira!

**byggtogbúið**

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

# Devendra Banhart og Mogwai á ATP

Búið er að tilkynna fleiri þekkt nöfn sem koma fram á hátíðinni All Tomorrow's Parties á Ásbrú í sumar.

Tónlistarhátíðin All Tomorrow's Parties, eða ATP, verður haldin á Ásbrú í Keflavík dagana 10. til 12. júlí næstkomandi. Nú er búið að tilkynna fleiri nöfn sem koma fram á hátíðinni en í þeim hópi eru til dæmis skoska jaðarrokksveitin Mogwai og Devendra Banhart. Íslensku sveitirnar Singapore Sling, HAM, Sin Fang, Náttfari, Pascal Pinon og Fufanu munu til dæmis einnig spila á hátíðinni í sumar en fyrr á árinu var tilkynnt að stórhljómsveitirnar Portishead og Interpol myndu spila.

Þá koma hljómsveitirnar Mammút, For a Minor Reflection, Samaris, Sóley og Low Roar einnig fram á hátíðinni.

Mogwai var stofnuð í Glasgow árið 1995 og hefur verið leiðandi sveit í jaðarrokki. Devendra Banhart er ættaður frá Venesúela og Bandaríkjunum og hefur gefið út átta plötur síðan hann gaf út sína fyrstu plötu, The Charles C. Leary, árið 2002. Tónlist hans hefur verið lýst sem Lo-Fi, „psych folk" og „alternative folk" svo dæmi séu tekin en hann hefur unnið með mörgum þekktum listamönnum á ferlinum, til dæmis Beck og Antony and the Johnsons.

\- lkg



**MÆTIR Á ÁSBRÚ** Devendra Banhart er hér umkringdur góðum samstarfsfélögum.

## Mikið var

Matgæðingurinn Martha Stewart er góð vinkona stórleikarans George Clooney. Hún er himinlifandi yfir að leikarinn hafi trúlofast breska lögfræðingnum Amal Alamuddin.

„Mér fannst vera tími til kominn! Þau eru æðislegt par," segir Martha. Hún gefur Amal einnig góð ráð í eldhúsinu.

„George borðar hollan mat. Hún gæti búið til máltíð sem er búin til í einum potti. Þau eru upptekin og geta útbúið holla máltíð á fljótlegan og einfaldan máta. Ég held að það væri máltíð sem hann myndi njóta."

\- lkg






**NEITAR ORÐRÓMINUM** James stendur fast á sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Svaf ekki hjá Lindsay

Sögusagnir um að leikarinn James Franco hefði sofið hjá partípíunni Lindsay Lohan fóru á kreik þegar lista yfir bólfélaga hennar var lekið í fjölmiðla. James segir í viðtali við Howard Stern að hann hafi aldrei sofið hjá Lindsay.

„Ég sver að ég hef aldrei stundað kynlíf með Lindsay Lohan. Ég veðja að ef þú myndir spyrja hana augliti til auglitis hvort við hefðum sofið saman að hún myndi segja já," segir James. Hann játar þó að eitthvað hafi gerst á milli þeirra.

„Ókei, kannski kysstumst við. Það var glatað. Ég trúi ekki að hún hafi sett mig á þennan lista! Hún er svo rugluð!"

\- lkg



**Á LAUSU** Harry var með Cressidu í tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Einn og á lausu enn á ný

Cressida Bonas og Harry Bretaprins eru hætt saman en þau voru búin að vera saman í tvö ár. Eugenie prinsessa kynnti þau, en hún er vinkona Cressidu og frænka Harrys. Þau sáust fyrst opinberlega saman á frumsýningu myndarinnar The Dark Knight Rises í júlí árið 2012.

Síðasta haust fór sá orðrómur á kreik að brúðkaup væri í vændum hjá parinu en nú virðast litlar líkur á því.

Harry fer til Bandaríkjanna á næstu dögum með bróður sínum Vilhjálmi, en þeir ætla að vera viðstaddir brúðkaup vinar þeirra, Guy Pelly.

\- lkg

# Kynferðislegur „bucket“-listi

Ég hlustaði á spjall tveggja stúlkna á kaffihúsi nýverið þar sem umræðuefnið var kynferðislegur „bucket“-listi eða listi yfir hluti sem þú vilt prófa áður en ævin er öll. Köllum þær Gígju og Grétu. Gígja byrjaði á sínum lista. Hún vildi prófa kynlíf með tveimur einstaklingum í einu og þá mátti kynjablandan vera alls konar. Grétu hálfhryllti við þessari tilhugsun og fannst það alltof flókið að hafa mögulega tvö typpi fljúgandi um í einu og sama rúminu. Gígja talaði einnig um að langa að prófa að stunda kynlíf í flugvél, helst á leið á rómantískan áfangastað eins og París, ekki væri nú verra ef það væri með flugmanninum. Mér sýndist Gréta bæta því við á sinn lista (og met ég þetta eingöngu út frá aðdáunaraugunum sem hún gaf Gígju), auk þess virtist hún ánægð með frumleika vinkonu sinnar. Listinn hennar Gígju var reyndar óhemju langur. Ég hef sjaldan heyrt eina manneskju pæla svona mikið í tæknilegri útfærslu á kynlífi, hún ætti eiginlega að skrifa bók um stellingar og fantasíur.

Nú var komið að Grétu, hún afsakaði sig fyrir fram og sagðist vera tepra í samanburði við stöllu sína. Grétu langaði að eignast nokkur kröftug kynlífstæki og eyða svo heilli helgi uppi í rúmi að gamna sér. Hún hafði séð Charlotte gera þetta í Beðmál í borginni. Gígju þótti ekki mikið til þessa atriðis koma og bauðst til að keyra hana í næstu verslun svo þetta gæti bara orðið að veruleika. Gréta rétt roðnaði og afþakkaði boðið, hún hafði ekki efni á svona tryllitæki, ekki þessa stundina.

Svo var þetta nú á kaffihúsi og þar var kliður og læti og síminn minn hringdi og ég festist í einhverju spjalli svo ég missti af samtali þeirra vinkvenna í nokkrar mínútur. Þegar ég næ næst að hlera þá eru þær farnar að tala um að kyssa einhvern sem er óöruggur og hversu vandræðalegt það getur verið. Mér skilst að þær hafi farið í sleik við sama piltinn á skólaballi á skólaárinu sem er að líða. Þær báru saman bækur sínar og töluðu um tungu sem renndi sér yfir tennur, of mikið slef og undarlegan áhuga á að sjúga hökuna. Þær voru báðar sammála um að það þyrfti nú einhver að taka til hendinni og kenna aumingjans drengnum hvernig maður ætti að fara í sleik, svona allavega undirstöðuatriðin.

Ég var löngu búin með kaffið og þurfti að fara að sækja barnið á leikskólann en ofsalega var gaman að fá að vera fluga á vegg, þótt ekki væri nema í smá stund.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is





**SORGLEGT** Peaches með eiginmanni sínum, Thomas Cohen. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Dó úr of stórum skammti

Talið er að fyrirsætan og sjónvarpskonan Peaches Geldof hafi látist af völdum of stórs skammts af heróíni. Hún fannst látin á heimili sínu í Kent á Englandi þann 7. mars.

Niðurstöður eiturefnarannsóknar verða kunngjörðar á morgun og fullyrðir The Times að niðurstöðurnar sýni fram á andlát sökum ofneyslu fíkniefnisins.

Geldof var 25 ára og skilur eftir sig eiginmann og tvo syni, en hún er dóttir tónlistarmannsins Bobs Geldof. Móðir hennar, Paula Yates, lést úr of stórum heróínskammti árið 2000.

- hva



**SJÓÐHEIT** Jennifer Lawrence er kynþokkafyllst. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Kynþokkafyllsta kona í heimi

Tímaritið FHM hefur valið leikkonuna Jennifer Lawrence kynþokkafyllstu konu heims. Er þetta í fyrsta sinn sem Jennifer hreppir þennan heiður hjá tímaritinu sem árlega gerir lista yfir þær konur sem forsvarsmönnum ritsins finnst bjóða af sér mestan kynþokka.

Í fyrra var það leikkonan Mila Kunis sem var talin kynþokkafyllst en aðrir sigurvegarar í gegnum árin eru leikkonan Halle Berry, söngkonan Britney Spears, leikkonan Megan Fox og leikkonan Keira Knightley.

Í öðru sæti á lista ársins 2014 er breska leikkonan Michelle Keegan og í því þriðja er söngkonan Rihanna. Mila Kunis er hins vegar í sjötta sæti. Aðrar stjörnur á listanum í ár eru til dæmis söngkonan Beyoncé, leikkonan Scarlett Johansson og söngkonan Taylor Swift.

- lkg



LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
Þú færð Coca-Cola í Laugarásbíói



Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE OTHER WOMEN | 5:40, 8, 10:20 | 12 |
| SPIDERMAN 2 3D | 7, 10 | 12 |
| A HAUNTED HOUSE 2 | 10 | 14 |
| RIO 2 2D | 3:30, 5:40 | L |
| HARRY OG HEIMIR | 3:40, 5, 8 | 7 |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is

FRÁ FRAMLEIÐANDANUM CHRISTOPHER NOLAN LEIKSTJÓRA DARK KNIGHT ÞRÍLEIKSINS OG INCEPTION



FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR AVENGERS

BYGGÐ Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TRANSCENDENCE | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| TRANSCENDENCE VIP | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 | KL. 3D: 5 - 8 - 10:55 2D: 2 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 2 - 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| NOAH | KL. 5 - 8 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 10:40 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 2 | L |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 2 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TRANSCENDENCE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 2D | KL. 5 - 10:10 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8 | 12 |
| RÍÓ 2 ÍSLTAL2D | KL. 1 | L |
| HENTURÁNIÐ ÍSLTAL2D | KL. 1 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| TRANSCENDENCE | KL. 5:25 - 8 - 10:35 | 12 |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D | KL. 2 - 4:50 - 7:40 - 10:35 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 2 - 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| RÍÓ 2 ÍSLTAL | KL. 3D: 2:30 2D:3:10 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSCENDENCE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5 - 8 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 10:50 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSCENDENCE | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:10 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:10 - 10:10 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8 | 12 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER WOMAN | KL 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL 5 - 8 - 10.50 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D LÚXUS | KL 5 - 8 - 10.50 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 2D | KL 8 - 10.50 | 12 |
| RIO 2 2D ÍSL TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| OCULUS | KL 10.20 | 16 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL 4 - 6 - 8 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER WOMAN | KL 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL 6 - 9 | 12 |
| RIO 2 2D ÍSL TAL | KL 5.45 | L |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL 6 - 8 - 10 | 7 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL 8 - 10.15 | 7 |

Miðasala á: eMiði

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING


# Ef væri ég söngvari

**BAKPANKAR**
Kolbeins Tuma Daðasonar



Mér finnst gaman að syngja. Fáránlega gaman reyndar. Ég geri það hins vegar sjaldan. Reyndar geri ég það nánast eingöngu þegar ég fæ mér í glas. En þá er sko sungið. Minn styrkleiki liggur hins vegar ekki í fallegum söng heldur bý ég svo vel að kunna lagatexta. „The human karaoke machine“ eins og félagi minn komst einu sinni að orði. Þannig er ég besti vinur gítarleikarans í partíum þótt einhverjir haldi fyrir eyrun.

**FYRIR** ekki svo löngu, þótt mér finnist stundum árafjöldinn segja annað, bjó ég í Bandaríkjunum. Þar kynntist ég, í fyrsta skipti fyrir alvöru, hinu stórkostlega fyrirbæri karókí. Það var eiginlega eðlilegt skref eftir öll kvöldin á Ara í Ögri árin á undan þar sem sungið var af innlifun með trúbadorum inn í nóttina. Nú þurfti ekki lengur að krossleggja fingur og vona að „Wish you were here“ væri spilað. Maður einfaldlega söng lagið sjálfur.

**FÓLK** tekur karókí misalvarlega. Á Ozzies, mínum uppáhaldsstað í Seattle, voru flestir í svipuðum pælingum og ég. En svo voru meiri spámenn líka sem mættu með lögin sín á geisladiskum, þar sem þeir vissu mætavel að þau væri ekki að finna í lagamöppunni, sem þó var á við biblíu að þykkt.

**EINN** eldri maður var fastagestur. Mætti prúðbúinn og söng lög Frank Sinatra á meðan fagrar meyjar sveifluðu sér í kringum hann. Annar kom reglulega og rappaði með frumsamdar rímur að vopni, reyndar alltaf sama lagið, og bauð svo diska til sölu. Ég hefði átt að kaupa einn.

**ÞAÐ** er fátt betra en góður karókíbar. Reyndar er góður píanóbar betri en það er efni í annan pistil. Sem betur fer er hægt að leita á náðir Live Pub á Frakkastíg. Sjarmalaus staður en uppskriftin einföld. Míkrafónn, doðrantur með lögum og bjór. Á meðan fólk vill syngja þá þarf ekkert meira.

# Trillukarlastöff í bland við fín merki

## Logi Pedro Stefánsson er þekktur fyrir fatastíl sinn og risastórt skósafn.

„Það eru dálítið margir sem þora ekki á Íslandi. Það er eitthvað svo óheilbrigt við það að þora ekki að klæða sig í einhverja flík af hræðslu við viðbrögð annarra. Það endar allt á því að vera svo leiðinlegt þá. Það er til dæmis mjög fyndið að fara í eitthvað partí á RFF og allir eru nákvæmlega eins klæddir í eitthvað „scandinavian hip Monki“ stöff,“ segir Logi Pedro Stefánsson, úr Retro Stefson og Highlands, en hann var valinn best klæddi maður landsins í janúar í Fréttablaðinu og er þekktur fyrir flottan fatastíl og risastórt skósafn. En leggur hann mikið upp úr klæðaburði? „Ég skipti allavega oft um föt áður en ég fer út af því að mér finnst eitthvað ekki virka saman. En þetta er allt saman bara til þess að reyna að vera töff á endanum, töff frekar en smart. Mér finnst ég persónulega ekkert mjög smart, bara frekar nývaknaður alltaf,“ segir Logi og hlær.

„Mér finnst geðveikt gaman að fá nýja skó, en það er líka mjög skemmtilegt að fá til dæmis nýjar gallabuxur sem maður getur ekki beðið eftir því að fari að veðrast og aðlagast manni,“ útskýrir hann og heldur áfram.

„Ég kaupi eiginlega aldrei ný merki án þess að kynna mér þau. Mér finnst eins og ég verði að vita eitthvað um þau, hvort að þetta sé kannski eina flíkin í línunni sem er eitthvað nett, hvar þetta er búið til, hvernig þau auglýsa fötin sín. En ég kaupi líka notuð föt og þá finn ég mér bara eitthvað trillukarlastöff.“ En er eitthvað ómissandi í fataskápinn?

„Ég held að það sé mjög mikilvægt að eiga eina góða flík af öllu. Einar góðar buxur, einn góðan bol og svo framvegis. Annars er ekkert ómissandi þannig séð.“

Logi veit ekki hversu mörg pör af skóm hann á, en hvaða par er í uppáhaldi? „Mér finnst mjög erfitt að gera upp á milli Air Jordan 1 upp í Air Jordan 8. Klassískir skór. Air Jordan-línan er besta skólína sem hefur verið framleidd. Hið heilaga gral skónördans.“ olof@frettabladid.is



**Á RISASTÓRT SKÓSAFN** Logi Pedro segir Air Jordan-línuna vera bestu skólína sem hefur verið framleidd. Hann segir hana hið heilaga gral skónördans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


ÍSLANDS BÍÓ★PARADÍS EUROPA CINEMAS







SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas






Helgi Björns
& reiðmenn vindanna
ELDBORG
16. JÚNÍ
SÉRSTAKIR GESTIR:
HILMIR SNÆR
JÓI SIG
ÖRN ÁRNA
Aðeins einir tónleikar!
MIÐASALA ER HAFIN.
MIDI.IS
HARPA.IS

# SPORT

**EINKUNNASPJALDIÐ** VÖRNIN ★★★★★ SÓKNIN ★★★★★ ÞJÁLFARINN ★★★★★ BREIDDIN ★★★★★ LIÐSTYRKURINN ★★★★★ HEFÐIN ★★★★★

pepsi deildin **SPÁ FRÉTTABLAÐSINS**

HEFST 4. MAÍ

**1. sæti** ???
**2. sæti** FH
**3. sæti** Breiðablik
**4. sæti** Stjarnan
**5. sæti** Valur
**6. sæti** ÍBV
**7. sæti** Þór
**8. sæti** Fram
**9. sæti** Keflavík
**10. sæti** Víkingur
**11. sæti** Fylkir
**12. sæti** Fjölnir

## FH hafnar í 2. sæti

FH þurfti að sætta sig við silfrið í fyrra í baráttunni við KR en þessi lið munu berjast aftur um Íslandsmeistaratitilinn í ár. Miklu munaði um að FH tapaði báðum leikjunum gegn KR á síðasta tímabili.

FH-liðið hefur verið mun betra á undirbúningstímabilinu en oft áður en liðið fór snemma í æfingaferð og keppti á sterku móti í Portúgal rétt eins og Breiðablik en það virðist hafa haft góð áhrif á FH-inga.

FH vann Lengjubikarinn með öruggum 4-1 sigri á Breiðabliki í úrslitaleik en þar á undan hafði það unnið KR og Stjörnuna í undanúrslitum og átta liða úrslitum. FH-ingar líta mjög vel út og ætla sér að hirða titilinn af Vesturbæingum.



## Lykilmaðurinn

**Davíð Þór Viðarsson:** Það er hægt að benda á marga í þessu öfluga FH-liði en Davíð Þór er einn af sárafáum í liðinu sem er með öruggt sæti í byrjunarliðinu sé hann heill og að spila vel.

Heimkoma hans síðasta sumar skilaði ekki alveg því sem FH-ingar höfðu vonast til en nú er hann kominn betur inn í hlutina og með heilt undirbúningstímabil undir belti.

## Þjálfarinn



Heimir Guðjónsson er 45 ára gamall og á sínu sjöunda ári með liðið. FH hefur unnið fjóra stóra titla undir hans stjórn og aldrei endað neðar en í öðru sæti.

**TÖLURNAR Í FYRRA**

| | |
|---|---|
| Mörk skoruð | 2. sæti (2,14 í leik) |
| Mörk á sig | 1. sæti (1,00 í leik) |
| Stig heimavelli | 3. sæti (22 af 33, 67%) |
| Stig á útivelli | 1. sæti (25 af 33, 76%) |

## Nýju andlitin

**Kristján Finnbogason (Fylkir)**
**Sam Hewson (Fram)**
**Sean Reynolds (Tampa Bay)**
**Kassim Doumbia (Beveren)**

**FYLGSTU MEÐ ÞESSUM**

**Emil Pálsson:** Emil hefur verið ein af stjörnum undirbúningstímabilsins. Emil getur spilað fremstur á miðju og skoraði fjögur mörk í sex leikjum í Lengjubikarnum og var einnig að leggja upp. Eru FH-ingar mögulega búnir að finna arftaka Björns Daníels í holunni?

**GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL >** 2008 (Íslandsmeistari) - 2009 (Íslandsmeistari) - 2010 (2. sæti, Bikarmeistari) - 2011 (2. sæti) - 2012 (Íslandsmeistari) - 2013 (2. sæti)

Íslandsmeistarar: 6 sinnum (síðast 2012) / Bikarmeistarar: 2 (2007, 2010)

# Haukar og ÍBV mætast í úrslitum

Efstu tvö liðin í Olís-deild karla munu spila til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

**HANDBOLTI** Það var frábær stemning í bæði Vestmannaeyjum og Ásvöllum í gær þegar oddaleikir fóru fram í undanúrslitum í Olís-deild karla.

Kvennalið Vals tryggði sig inn í úrslit í Olís-deildar kvenna með sigri á ÍBV í upphafi dagsins en karlaliðið náði ekki að fylgja þeim eftir því ÍBV vann sannfærandi sigur. Liðið spilaði stórkostlegan varnarleik og Valur skoraði aðeins tíu mörk á fyrstu 40 mínútum leiksins.

Þessi varnarleikur lagði grunninn að öruggum sigri en ÍBV náði mest átta marka forskoti í leiknum. Mögnuð stemning var í húsinu í Eyjum en Valsmenn fjölmenntu til Eyja og var ekki síður hart tekist á hjá áhorfendum.

Leikur Hauka og FH var mun meira spennandi. Litlu munaði á liðunum allan leikinn og spennan undir lokin var gríðarleg. Jón Þorbjörn Jóhannsson kom Haukum yfir þrem sekúndum fyrir leikslok. FH tók strax leikhlé. Magnús Óli tók skot af löngu færi sem var varið. Boltinn fór aftur á móti til Ásbjarnar Friðrikssonar sem kom svífandi inn í teiginn.

Hann kom boltanum í netið en dómararnir sögðu að leiktíminn hefði verið liðinn og Haukar fögnuðu því gríðarlega.

Ótrúleg endurkoma hjá þeim eftir að hafa lent 2-0 undir í einvíginu. Þeir unnu aftur á móti næstu þrjá leiki sem er magnað afrek.

Fyrsti úrslitaleikur Hauka og ÍBV fer fram að Ásvöllum á mánudag.

Eins og áður segir náði kvennalið Vals að komast í úrslitaeinvígið gegn Stjörnunni. Fyrsti leikurinn hjá þeim fer fram næstkomandi miðvikudag í Mýrinni. **- hbg**



**ÁTÖK** Haukar stöðva hér FH-inginn Magnús Óla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GLAÐIR** Martin fagnar með Brynjari Þór fyrirliða og öðrum leikmönnum KR. Martin fór á kostum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

# Ekki einhver 19 ára gutti

KR-ingar eru Íslandsmeistarar í körfubolta karla í þrettánda sinn eftir 87-79 sigur á Grindavík. Martin Hermannsson var frábær og var valinn bestur.

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn í annað skipti á fjórum árum og í fimmta sinn frá árinu 2000 eftir átta stiga sigur á Grindavík, 87-79, í Röstinni í Grindavík í gærkvöldi. KR vann úrslitaeinvígið því 3-1 og þar með 9 af 11 leikjum sínum í úrslitakeppninni í ár.

Það var sá reynsluminnsti í KR-liðinu sem átti sviðið í Grindavík í gærkvöldi því hinn 19 ára gamli Martin Hermannsson kvaddi KR með stórleik og var eftir leikinn kosinn besti leikmaður lokaúrslitanna. „Þetta var bara liðssigur," sagði Martin hógvær í leikslok.

„Ég tel mig ekkert vera einhvern 19 ára gutta að vera að reyna eitthvað að sýna hvað ég get. Mér finnst ég eiga fullt í þessa gaura, búinn að vera með í landsliðinu síðan síðasta sumar og er búinn að spila með Jóni Arnóri, Jakobi og öllum þessum hetjum. Ég er að reyna að taka skref fram á við og reyndi að sýna það í kvöld," sagði Martin.

Martin var ánægður með verðlaunin sem besti leikmaðurinn. „Það er smá egóbúst að fá svona verðlaun, ég neita því ekki. Þetta eru samt bara liðsverðlaun og það hefði hver sem er í okkar liði getað fengið þetta. Pavel er búinn að vera frábær eins og Helgi og Darri," sagði Martin og það er hægt að taka undir þau orð. Pavel átti sinn langbesta leik í einvíginu í gær og Helgi Már og Darri voru allt í öllu á báðum endum vallarins.

**ooj@frettabladid.is**

## ÚRSLIT

### DOMINOS-DEILD KARLA

**GRINDAVÍK - KR 79-87**

**Grindavík:** Earnest Lewis Clinch Jr. 17 Sigurður Þorsteinsson 17, Jóhann Árni Ólafsson 16/12 frák, Ólafur Ólafsson 13, Ómar Örn Sævarsson 13/14 fráköst, Daníel Guðni Guðmundsson 3.

**KR:** Martin Hermannsson 26, Pavel Ermolinskij 22/10 frák/6 stoð/4 varin, Helgi Már Magnússon 14, Darri Hilmarsson 13, Demond Watt Jr. 8/13 fráköst/5 varin skot, Brynjar Þór Björnsson 4.

### OLÍS-DEILD KARLA

**ÍBV - VALUR 28-23**

**ÍBV - Mörk (skot):** Theodór Sigurbjörnsson 8/2 (10/3), Agnar Smári Jónsson 6 (11), Róbert Aron Hostert 5 (13), Andri Friðriksson 3 (4).

**Varin skot:** Kolbeinn Aron Ingibjargarson 11/1 (28/1, 39%), Henrik Vikan Eidsvag 3 (9, 33%).

**Valur - Mörk (skot):** Guðmundur Hólmar Helgason 7 (14), Vignir Stefánsson 4 (6), Orri Freyr Gíslason 3 (3), Elvar Friðriksson 3 (6).

**Varin skot:** Hlynur Morthens 15 (42/2, 36%)

**HAUKAR - FH 28-27**

**Haukar - Mörk (skot):** Árni Steinn Steinþórsson 8 (14), Sigurbergur Sveinsson 6/2 (11/2), Elías Már Halldórsson 4 (5), Einar Pétur Pétursson 3 (4).

**Varin skot:** Einar Vilmundarson 11 (34/3, 32%)

**FH - Mörk (skot):** Ragnar Jóhannsson 7 (8), Benedikt Reynir Kristinsson 6 (6), Magnús Óli Magnússon 5 (11), Ásbjörn Friðriksson 5/3 (12/3),.

**Varin skot:** Daníel Andrésson 18 (42/2, 43%).

### OLÍS-DEILD KVENNA

**ÍBV - VALUR 20-23**

**ÍBV - Mörk (skot):** Ester Óskarsdóttir 7 (14), Vera Lopes 6/4 (11/4), Telma Silva Amado 4 (5), Díana Dögg Magnúsdóttir 2 (4), Sóley Haraldsd. 1 (1).

**Varin skot:** Dröfn Haraldsdóttir 10 (28/2, 36%), Erla Rós Sigmarsdóttir 1 (6/1, 17%).

**Valur-kvenna - Mörk (skot):** Kristín Guðmundsdóttir 7/2 (12/2), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 5/1 (8/1), Karólína Bærhenz Lárudóttir 3 (4), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 3 (7).

**Varin skot:** Berglind Hansdóttir 10 (30/4, 33%).





TETRIZ ER MÁNAÐARLEGUR OLD SCHOOL HIP HOP ÞÁTTUR Í UMSJÁ BENNA B RUFF. FYRSTA FÖSTUDAG HVERS MÁNAÐAR KLUKKAN 12:00

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur

X 97·7

SMASH


GLEÐILEGT
SUMAR
SJÓÐHEIT SUMARVERÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM
EVE
FANFEST 2014
EVE FANFEST 2014 TILBOÐ
GILDIR AÐEINS MEÐAN Á FANFEST STENDUR
1 STK Á MANN
AÐEINS 100 STK Í BOÐI
50 DAGAR
50 DAGA GAMETIME
50 daga GAMETIME kort í einum af vinsælasta og magnaðasta massive mulitplayer leik í heimi!
1.490
AÐEINS 1STK Á MANN!
EVE FANFEST 2014 TILBOÐ
GILDIR AÐEINS MEÐAN Á FANFEST STENDUR
20% AFSLÁTTUR AF THERMALTAKE TURNUM
TURNAR
Landsins mesta úrval Thermaltake Turna sem henta einstaklega vel í 24/7 EVE spilun;)
19.900
20% AF ÖLLUM TURNUM!
EVE FANFEST 2014 TILBOÐ
GILDIR AÐEINS MEÐAN Á FANFEST STENDUR
20% AFSLÁTTUR
GIGABYTE
2GB GTX760
Eitt öflugasta GTX760 skjákort í heimi og akkúrat það sem mælt er með í EVE spilun:)
39.920
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
GLEÐILEGT SUMAR
SJÓÐHEIT SUMARVERÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM
0% VEXTIR
FARTÖLVA
49.900
4BLS
NÝR SJÓÐHEITUR SUMARBÆKLINGUR STÚTFULLUR AF SNILLD :)
TÖLVUTEK
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.10
### The Legend of Zorro



Sagan um Zorro heldur áfram í þessari bráðskemmtilegu spennumynd en nú er Elena, eiginkona Zorros, búin að fá nóg af hetjudáðum hans og vill að hann leggi grímuna á hilluna. Þegar hann neitar að yfirgefa íbúa Kaliforníu fær Elena nóg og fer frá honum.

## Í KVÖLD



### 3. liðið
**STÖÐ 2 SPORT KL. 20.30** Fjögurra þátta sería sem fjallar um knattspyrnu frá sjónarhorni dómaranna. Þeim er fylgt eftir í undirbúningi sínum, æfingum, leikjum og einnig fáum við að heyra hvað fer þeim á milli á meðan á leik stendur.



### The Tonight Show
**SKJÁR EINN KL. 22.45** The Amazing Spider-Man leikarinn Andrew Garfield fær sér sæti hjá Jimmy Fallon. Mary Lynn Rajskub úr 24 kemur í heimsókn og skoska bandið Chvrches tekur lagið.



### American Idol
**STÖÐ 3 KL. 20.10** Það er sannkölluð draumasveit dómara sem situr í hásætinu þetta árið en hún samanstendur af Keith Urban, Jennifer Lopez og í fyrsta sinn hinum silkimjúka söngvara og leikara Harry Connick Jr.

## FM 957 kl. 16.00
### FM95blö



Auddi, Steindi og Gillz á FM95blö halda uppi stuðinu á FM 957 á milli klukkan 16.00 og 18.00. Þeir ætla sér að koma landanum í stuð fyrir helgina.




BYLGJAN 989


## STÖÐ 2
**06.15** **Fóstbræður**
**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.00** **Malcolm In The Middle**
**08.25** **Kingdom of Plants - specal**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.20** **Last Man Standing**
**10.45** **Fairly Legal**
**11.35** **Hið blómlega bú**
**12.15** **Heimsókn**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Dear John**
**14.50** **The Glee Project**
**16.00** **Frasier**
**16.25** **Mike and Molly**
**16.45** **How I Met Your Mother**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **The Simpsons**
**19.45** **Impractical Jokers** *(5:8)*
**20.10** **The Legend of Zorro** Sagan um Zorro heldur áfram í þessari bráðskemmtilegu spennumynd en nú er Elena, eiginkona Zorros, búin að fá nóg af hetjudáðum hans og vill að hann leggi grímuna á hilluna. Þegar hann neitar að yfirgefa íbúa Kaliforníu fær Elena nóg og fer frá honum.
**22.20** **Being Flynn** Dramatísk mynd frá 2012 með Robert De Niro, Paul Dano og Julianne More í aðalhlutverkum.
**00.00** **The Escape Artist**
**01.30** **The Escape Artist**
**03.00** **Dear John**
**04.45** **How I Met Your Mother**
**05.10** **Mike and Molly**
**05.30** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*
**07.00** **Juventus - Benfica**
**08.40** **Grindavík - KR**
**12.25** **Pepsi-deildin 2014 - upphitun**
**13.40** **3. liðið**
**14.10** **Kiel - Hannover**
**15.30** **Juventus - Benfica**
**17.10** **Hamburg - Flensburg**
**18.30** **Þýsku mörkin**
**19.00** **La Liga Report**
**19.30** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**20.00** **Evrópudeildarmörkin 2013/2014**
**20.30** **3. liðið.**
**21.00** **Pepsi-deildin 2014 - upphitun**
**22.15** **Grindavík - KR**
**23.45** **UFC 172**

## SPORT 2 *enski boltinn*
**11.25** **Southampton - Everton**
**13.05** **Sunderland - Cardiff**
**14.45** **Fulham - Hull**
**16.30** **Premier League World**
**17.00** **Messan**
**18.20** **Arsenal - Newcastle**
**20.00** **Match Pack**
**20.30** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**21.00** **Colombia, Belo Horizonte, Greece.**
**21.30** **Man. Utd. - Norwich**
**23.10** **Stoke - Tottenham**
**00.50** **Crystal Palace - Man. City**

## ÍNN
**20.00** Hrafnaþing **21.00** Reykjavíkurrölt **21.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3
**17.30** **Jamie's 30 Minute Meals**
**17.55** **Raising Hope**
**18.15** **The Neighbors**
**18.35** **Up All Night**
**19.00** **Top 20 Funniest**
**19.45** **Free Agents**
**20.10** **American Idol** *(33:39)*
**20.30** **Community** *(6:24)* .
**20.50** **True Blood** *(2:12)* .
**21.45** **Sons of Anarchy** *(5:13)* .
**22.30** **Memphis Beat**
**23.10** **Dark Blue**
**23.50** **Top 20 Funniest**
**00.35** **Free Agents**
**01.00** **American Idol**
**01.20** **Community**
**01.40** **True Blood**
**02.35** **Sons of Anarchy**
**03.20** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin
**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli **07.55** Leyndarmál vísindanna **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Hvellur keppnisbíll **08.55** UKI **09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Ljóti andarunginn **09.47** Tommi og Jenni **09.55** Rasmus Klumpur **10.00** Brunabílarnir **10.23** Latibær **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli **11.55** Leyndarmál vísindanna **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Hvellur keppnisbíll **12.55** UKI **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Ljóti andarunginn **13.47** Tommi og Jenni **13.56** Rasmus Klumpur **14.00** Brunabílarnir **14.23** Latibær **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli **15.55** Leyndarmál vísindanna **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Hvellur keppnisbíll **16.55** UKI **17.00** Ævintýri Tinna **17.25** Ljóti andarunginn **17.47** Tommi og Jenni **17.56** Rasmus Klumpur **18.00** Brunabílarnir **18.23** Latibær **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Alpha og Omega **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL
**18.10** **Strákarnir**
**18.35** **Friends**
**19.00** **Seinfeld**
**19.20** **Modern Family**
**19.40** **Two and a Half Men** *(11:19)*.
**20.05** **Wipeout - Ísland** *(5:10)*
**21.00** **Twenty Four** *(15:24)* .
**21.40** **World Without End** *(5:8)*
**22.30** **It's Always Sunny In Philadelphia** *(9:13)*
**22.55** **Footballer's Wives**
**23.45** **Wipeout - Ísland**
**00.35** **Twenty Four**
**01.20** **World Without End**
**02.05** **It's Always Sunny In Philadelphia**
**02.30** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ
**11.50** **The Other End of the Line**
**13.40** **Everything Must Go**
**15.15** **LOL**
**16.50** **The Other End of the Line**
**18.40** **Everything Must Go**
**20.20** **LOL**
**22.00** **Twelve**
**23.35** **Killer Joe**
**01.20** **Lockout**
**02.55** **Twelve**

## RÚV
**16.30** **Ástareldur**
**17.20** **Litli prinsinn**
**17.43** **Hið mikla Bé**
**18.05** **Nína Pataló**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Eldað með Ebbu**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **Skólahreysti** *(4:6) (Vesturland og Vestfirðir)* Í Skólahreysti keppa grunnskólar landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda. Umsjón: Edda Sif Pálsdóttir og Haukur Harðarson.
**20.25** **Útsvar** Úrslitaþáttur í spurningakeppni sveitarfélaga. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.
**21.50** **Tímaflakk í 50 ár** *(Doctor Who 50th Anniversary Special)* Tímaflakk í 50 ár er spennandi vísindaskáldsaga frá BBC frá því á síðasta ári. Myndin fjallar um ævintýri geimhetjunnar Dr Who sem hefur skemmt ungum jafnt sem öldnum í bresku sjónvarpi síðastliðin 50 ár.
**23.10** **Leiðin til hjálpræðis** *(Salvation Blvd)* Gamanmynd frá árinu 2011 með Pierce Brosnan og Marisu Tomei í aðalhlutverkum.Meðlimur í sértrúarsöfnuði ákveður að flýja söfnuðinn sem gerir það að verkum að hæla hans koma skósveinar prestsins sem svifast einskis til að vernda hann.
**00.45** **Ókindin** *(Jaws)*
**02.45** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN
**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**15.05** **Necessary Roughness**
**15.50** **90210**
**16.35** **Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking**
**17.00** **Læknirinn í eldhúsinu**
**17.25** **Dr. Phil**
**18.05** **Minute To Win It**
**18.50** **America's Funniest Home Videos**
**19.15** **Got to Dance - LOKAPÁTTUR** *(20:20)*.
**20.30** **The Voice** *(19:28)*.
**22.45** **The Tonight Show** The Amazing Spider-Man leikarinn Andrew Garfield fær sér sæti hjá Jimmy Fallon. Mary Lynn Rajskub úr 24 kemur í heimsókn og skoska bandið Chvrches tekur lagið.
**23.35** **Royal Pains**
**00.25** **The Good Wife**
**01.15** **CSI: Miami**
**01.55** **Californication**
**02.25** **The Tonight Show**
**04.05** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRSPORT
**06.00** Motors TV **12.10** Bundesliga Highlights Show **13.00** Dutch League - Highlights 2014 **14.00** Heracles Almelo - AFC Ajax **16.00** Bayer Leverkusen - Borussia Dortmund **18.00** Heracles Almelo - AFC Ajax **20.00** Dutch League - Highlights 2014 **21.00** Bundesliga Highlights Show **21.50** Motors TV

## Golfstöðin
**08.00** PGA Tour 2014 **12.00** Golfing World 2014 **12.50** Inside The PGA Tour 2014 **13.15** PGA Tour 2014 - Highlights **14.10** Tvöfaldur skolli **14.45** 2014 Augusta Masters **18.10** Golfing World 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **23.00** Golfing World 2014

## ÚTVARP
**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


SUMARSÆLA
NJÓTTU ÞÍN Í NÝJUM FÖTUM
:-)
ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR
AF UPPHAFLEGU VERÐI VERSLANA!*
*Afslátturinn gildir af Outletverðum og getur því verið allt að 80% frá upphaflegu verði!
NÝJAR VÖRUR FRÁ:
JACK & JONES®
VILA
SELECTED
VERO MODA®
STÆRSTA OUTLET LANDSINS!
KORPU OUTLET
KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

PARTÍLAGIÐ



Sweet Potato Pie með DJ Assault. Get ekki ímyndað mér partí án smá áreitisbassa.

Áslaug Rún Magnúsdóttir tónlistarkona

# Búa til heila leiksýningu út frá einu orði

Leikkonan Dóra Jóhannsdóttir heldur námskeið í long-form spunaleiklist í sumar.

„Ég ætla að bjóða upp á námskeið í long-form spuna-aðferðinni „The Harold“ eða Haraldinum eins og ég hef þýtt það,“ segir leikkonan Dóra Jóhannsdóttir um námskeið sem hún heldur hér á landi í sumar.

Dóra er búsett í New York ásamt eiginmanni sínum, leikaranum Jörundi Ragnarssyni, og syni en Jörundur er í leikstjóranámi við Columbia-háskólann. Sjálf hefur Dóra verið að læra þessa tilteknu leiklistaraðferð síðastliðið ár við leikhúsið Upright Citizens Brigade í New York.

„Margir kannast við hið svokallaða leikhússport sem var vinsælt á Íslandi fyrir nokkrum árum, en long-form improv er allt annað fyrirbæri sem er ótrúlega vinsælt í Bandaríkjunum, en er ekki enn þá mjög þekkt í öðrum löndum.“

Í long-form búa leikararnir í sameiningu til um það bil hálftíma langa sýningu út frá til dæmis einu orði sem þeir fá frá áhorfendum. „Þegar ég sá svona sýningu fyrst hér í New York var ég orðlaus af hrifningu. Leikararnir hafa allir æft þetta í mörg ár og geta gert ótrúlega flottar, flóknar og fyndnar sýningar á staðnum án þess að hafa ákveðið nokkuð fyrirfram.“

➜ Amy Poehler, Steve Carell og Bill Murray eru meðal þeirra leikara sem hafa iðkað Improv-aðferðina.

Frekari upplýsingar á facebook.com/haraldurinn og skráning á improvharaldurinn@gmail.com. - áp



**HEILLAÐIST AF AÐFERÐINNI** Dóra Jóhannsdóttir ætlar að miðla svokallaðri Improv-leiklistaraðferð á námskeiðum í sumar sem eru fyrir alla.


MJÚKIR SÓFAR, STÓRIR SÓFAR, HORNSÓFAR, TUNGUSÓFAR ...

**KLINT** – 3JA SÆTA SÓFI



**KLINT** 3ja sætasófi. Svart leður á slitflötum.
Stærð: 193x881 H: 80 cm.
2ja sæta sófi TILBOÐ 169.990
**Tilboðsverð 149.990**

179.990
FULLT VERÐ 209.990

**LONDON** – HORNSÓFI 2H2



**LONDON** hornsófi. Slitsterkt áklæði grátt eða beige.
Stærð: 225 x 225 H: 85 cm. Einnig fáanlegur í svörtu leðri.

309.990
FULLT VERÐ 359.990

**DC 4200** – 3JA SÆTA SÓFI



**DC 4200** 3ja sæta sófi. Svart leður á slitflötum. Stærð: 211 x 82 H: 85 cm.

310.990
FULLT VERÐ 349.900

**DC 3600** – 3JA SÆTA SÓFI



**DC 3600** 3ja sæta sófi. Koníaksbrúnt leður á slitflötum. Stærð: 202 x 82 H: 85 cm.

299.990
FULLT VERÐ 329.990

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

Reykjavík og Akureyri
EITT SÍMANÚMER 558 1100
www.husgagnahollin.is


# Ætla að lemja Gunna

Tíu menn úr tæknigeiranum ætla sér að lúskra á Gunnari Nelson á samkomu í Eldborgarsalnum í Hörpu í kvöld. Þeir óttast ekki okkar besta bardagamann.

„Við ætlum okkur að sigra Gunnar Nelson og við værum ekki að þessu nema við hefðum trú á því að við getum sigrað hann,“ segir Ragnar Ágúst Eðvaldsson, framleiðandi hjá CCP og skipuleggjandi liðs tæknimanna sem ætlar að glíma við Gunnar Nelson í kvöld. Um er að ræða tíu manna bardagalið úr tæknigeiranum, sjö frá CCP, einn frá Nýherja, einn frá Advania og einn frá Twitch TV.

„Við höfum æft af miklu kappi og allir liðsmennirnir hafa mikla reynslu úr bardagaíþróttum,“ segir Sveinn Jóhannesson Kjarval, þjálfari tæknimannaliðsins.

Um er að ræða EVE fanfest eða árshátíð þeirra sem spila tölvuleikinn EVE og fer hátíðin fram í Eldborgarsalnum í Hörpu. „Það verður alvöru búr á sviðinu í Eldborg og það verða engin vettlingatök tekin í búrinu,“ segir Ragnar spurður út í aðstæðurnar.

Keppnin virkar þannig að þessir tíu menn fara einn í einu í búrið og mæta þar Gunnari Nelson og allir með það að markmiði að leggja okkar besta bardagamann. „Gunnar Nelson getur unnið alla í slagsmálum en þegar svona fjöldi manna, með alla þessa reynslu, sækir að honum ætti það að hafa mikil áhrif, hann á eftir að þreytast,“ segir Sveinn og bætir við: „Einn liðsmaðurinn okkar, Jón Ingi Þorvaldsson, hefur einu sinni sigrað Gunnar Nelson í karate.“

Allir í tæknimannabardagaliðinu eru vel reyndir í bardagaíþróttum og eru eða hafa verið að æfa ýmsar bardagaíþróttir. „Liðið er mjög sterkt, okkar bestu menn eru þó Pétur Jóhannes Óskarsson sem er 120 kíló að þyngd og æfir jújítsú, Pétur Eyþórsson, nífaldur glímukóngur í íslenskri glímu, og Vignir Grétar Stefánsson, sem er margfaldur Íslandsmeistari í júdó. Ég er mjög bjartsýnn,“ útskýrir Sveinn.



**VÍGALEGUR** Það eru ekki allir sem myndu þora að mæta Gunnari í hringnum.

Eins og flestir vita er Gunnar Nelson einn fremsti bardagamaður þjóðarinnar og var að tilkynna næsta bardaga innan UFC sem fram fer í Dublin í sumar. Eru þið ekkert hræddir við Gunnar? „Við værum ekkert að þessu ef þetta væri ekki alvöru bardagi, við ætlum að sigra Gunnar. Það er kominn tími á að sýna að hann er bara mannlegur,“ segir Ragnar.

Bardaginn og hátíðahöldin fara fram í Eldborg í kvöld en búist er við allt að eitt þúsund erlendum gestum og einnig talsverðum fjölda Íslendinga. „Við erum að fara að smekkfylla Eldborgina,“ bætir Ragnar við.

Hægt er að horfa á bardagann í beinni útsendingu á Twitch.tv/ccp.

gunnarleo@frettabladid.is

## ➜ Helstu bardagamenn kvöldsins

- **Gunnar Nelson: 180 sentimetrar á hæð og 77 kíló að þyngd. Hann hefur keppt 13 bardaga á sínum ferli og þar af eru 12 sigrar og eitt jafntefli.**
- **Pétur Jóhannes Óskarsson er 197 sentimetrar á hæð og 120 kíló að þyngd. Hann er starfsmaður CCP og æfir jújítsú og blandaðar bardagaíþróttir.**
- **Vignir Grétar Stefánsson er 180 sentimetrar á hæð og 86 kíló að þyngd. Hann er starfsmaður Advania og er margfaldur Íslandsmeistari í júdó.**
- **Pétur Eyþórsson er 185 sentimetrar á hæð og 80 kíló að þyngd. Hann er starfsmaður Nýherja og er nífaldur meistari í íslenskri glímu.**

# Plata sem mun græta steratröll

Hljómsveitin Prins Póló er í þann mund að gefa út nýjustu plötu sína Sorrí.

„Þessi plata er búin að vera í smíðum í tvö ár,“ segir Svavar Pétur Eysteinsson, forsprakki hljómsveitarinnar Prins Póló, en hann setti sér áramótaheit í byrjun árs 2012 að gefa út heila plötu á einu ári.

„Ég leigði vinnustofu í Dugguvogi, mætti klukkan níu á morgnana og sat kófsveittur við skrifborðið að semja tónlist,“ segir Svavar, sem ætlaði fyrst að gefa út eitt lag á mánuði í eitt ár.

„Það var í raun áramótaheitið, en síðan missti ég aðeins athyglina. Svo fóru lögin að koma til mín aftur eitt af öðru og núna er ég búinn að hræra saman þessa plötu,“ segir Svavar og bætir því við að platan sé að mörgu leyti mjög persónuleg. „Þessi plata er í raun ekkert annað en blæðandi tilfinningasár og mun örugglega græta hvaða steratröll sem er við fyrstu hlustun.“ segir Svavar. Platan ber nafnið Sorrí en Svavar segir djúpskilvitlega ástæðu liggja að baki nafninu. „Titillinn kom fyrst til mín sem vinnutitill á frumstigum plötunnar en það er einhver svona fyrirgefning þarna niðri, sem er ekki hægt að skilja nema að hlusta á alla plötuna í gegn, þá verður það eiginlega þemað,“ segir Svavar en platan kemur út 15. maí. „Þegar maður er búinn að safna tilfinningunum sínum inn í einhvern tólf laga ramma fer maður í svona ástand sem er bæði þægilegt og viðbjóðslegt. Ég ætla bara að sleppa henni lausri og taka á því í sveitinni,“ segir Svavar, en hann flutti nýverið á frúargarð í Berufirði í Djúpavogshreppi fyrir austan. „Ætlunin er að byggja upp konungdæmi Prinsins, en síðan verða einhverjir tónleikar í sumar þegar sauðburður er búinn.“

- bþ



**SLAPPAR AF Í SVEITINNI** Prins Póló heldur tónleika í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# BORGARLEIKHÚSIÐ OG BALTASAR KORMÁKUR KYNNA

HANDRIT OG SÖNGTEXTAR
**LEE HALL**

UPPRUNALEGA SETT UPP Í LONDON AF
**STEPHEN DALDRY**

TÓNLIST
**ELTON JOHN**

# BILLY ELLIOT



# SKRÁNING Í ÁHEYRNARPRUFUR

## MIÐVIKUDAGINN 7. MAÍ KLUKKAN 16:00

**Við efnum til hæfileikadaga í Borgarleikhúsinu þar sem við leitum að krökkum til að taka þátt í uppfærslu á söngleiknum Billy Elliot sem frumsýndur verður í mars 2015 í leikstjórn Bergs Þórs Ingólfssonar.**

Við leitum að krökkum sem geta leikið, dansað og sungið - eða hvaðeina annað sem Billy og vinir hans ættu að geta gert. Allir krakkar á aldrinum 8 - 14 ára geta tekið þátt. Prufurnar/hæfileikadagarnir fara fram helgina 10. og 11. maí 2014. Skráning fer fram í Borgarleikhúsinu miðvikudaginn 7. maí klukkan 16.

**Hlökkum til að sjá ykkur!**

Skráningarblað og nánari upplýsingar á prufur@borgarleikhus.is og borgarleikhus.is

Rvk. STUDIOS

Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

1811


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Boðið til Newcastle

Spennusagnahöfundunum **Yrsu Sigurðardóttur** og Ragnari Jónassyni er boðið til Newcastle í Englandi um helgina til að kynna íslenskar glæpasögur á vegum bókasafnsins og háskólans þar í borg. Yrsa og Ragnar halda tölu annað kvöld ásamt rithöfundinum Quentin Bates, sem er að skrifa röð glæpasagna sem gerast á Íslandi. Íslenskar glæpasögur eru í brennidepli í Newcastle sem og sögulegar glæpasögur og konur og glæpasögur. Meðal annarra rithöfunda sem koma fram eru John Lawton, Samantha Norman og Mari Hannah, en sú síðastnefnda vann til að mynda Polari-verðlaunin fyrir sína fyrstu skáldsögu, The Murder Wall.

- lkg



### Farðaði fyrirsætu

Förðunarfræðingurinn **Ísak Freyr** setti mynd af ofurfyrirsætunni Cöru Delevingne á Instagram-síðu sína í gær. Við hana skrifaði hann: „Farðaði Cöru Delevingne fyrir kvöldverð hjá Burberry fyrir InParlour.“ Cara er ein eftirsóttasta ofurfyrirsæta heims og situr fyrir hjá öllum helstu tískumerkjunum. InParlour er fyrirtæki sem sérhæfir sig í að taka við pöntunum frá fólki sem þarf aðstoð stílista eða fegrunarfræðinga. Fagfólkið mætir þá heim til viðskiptavinanna en allir sem starfa fyrir InParlour, þar á meðal Ísak Freyr, eru valdir af stofnanda fyrirtækisins, Amöndu Harrington. Ísak Freyr hefur átt góðu gengi að fagna síðustu misseri og hefur farðað stjörnur á borð við Suki Waterhouse, Poppy Delevingne og Vanessu Kirby.

- lkg



## Mest lesið vísir

1 Fertug fann föður sinn – „Með pakka af vasaklútum við höndina“
2 Miðilsfundir á Facebook: „Verið að spila rússneska rúllettu með tilfinningar fólks“
3 Eintóm hamingja að fá loks nágranna





